FRÉTTABLAÐIÐ
290. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 8. DESEMBER 2018

# Krefjandi tónlistarheimur



Eitt fremsta tónskáld Íslands, Ólafur Arnalds, hefur farið sigurför um heiminn með tónlist sína. Hann ræðir um krefjandi sköpunarferli og listamannasamfélag sem hann gekk til liðs við á eyjunni Balí. 30

**Ég vildi aldrei láta segja mér hvað ég ætti að gera, ég vildi semja frekar. Það var eitthvað mjög frumstætt í mér.**

## Kláði



Fríða Ísberg smeygir sér inn í hugarheim ungs fólks. 36




## Á jaðrinum

„Þetta eru strákar sem lifa ekki eftir hefðbundnum gildum.“ 82






## Veður




NA-læg átt á landinu, víða 5-13 m/s. Dálítil él á víð og dreif og frost um mest allt land, síst við S-ströndina.
SJÁ SÍÐU 54

# Svellkaldur jólafílingur



Undir stjörnuljósum og sindrandi jólaseríunum renndu þessar skautadrottningar sér á Nova-svellinu á Ingólfstorgi í gærkvöldi. Mörgum þykir þetta ómissandi liður í aðdraganda jólanna og gefa miðbæjarlífinu lit. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Myndir af jólastemmingu um allan heim er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Ágúst Ólafur í leyfi frá þinginu

**ALÞINGI** Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður Samfylkingarinnar hefur ákveðið að fara í tveggja mánaða launalaust leyfi eftir að hafa hlotið áminningu frá trúnaðarnefnd flokksins. Hann greindi frá þessu á Facebook-síðu sinni í gærkvöld.



**Ágúst Ólafur Ágústsson**

Kona tilkynnti nefndinni um óviðeigandi framkomu Ágústs Ólafs gagnvart sér. Þau höfðu hist á bar í sumar og farið saman á vinnustað konunnar. Þar nálgaðist Ágúst Ólafur konuna tvívegis óumbeðið og vildi kyssa hana. Þegar konan neitaði lét hann mjög særandi orð falla í garð hennar.

Ágúst segist hafa hitt konuna síðar og beðist innilegrar afsökunar og viðurkennir að hafa orðið sér til skammar. Hann segist una niðurstöðu trúnaðarnefndarinnar og hyggst leita sér faglegrar aðstoðar vegna framkomu sinnar. **– sar**

## Hissa á dómi

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ég er hissa á þessum dómi Hæstaréttar því héraðsdómur var búinn að taka mjög afdráttarlaust á málinu,“ segir Jón Bjarnason, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, en Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að reglugerð um úthlutun makrílkvóta frá 2010 stæðist ekki lög.

Þá var ríkið dæmt skaðabótaskylt gagnvart Ísfélagi Vestmannaeyja og Hugin þar sem félögin hefðu fengið úthlutað minni kvóta en þeim bæri samkvæmt lögum. „Að mínu mati var ekki sú veiðireynsla fyrir hendi sem réttlætti að örfá skip fengju allan framtíðarmakríl í lögsögunni,“ segir Jón. **– sar**

## Átök í Högum

**VIÐSKIPTI** Samherji hefur óskað eftir hluthafafundi í Högum. Stjórn félagsins stefnir á að koma saman á næstu dögum og boða formlega til hluthafafundar.

Samherji er skráður fyrir 5,1 prósents hlut í Högum. Þá hefur félagið gert framvirka samninga um kaup 4,12 prósenta hlutar til viðbótar. Samanlögð eign Samherja þegar til nýtingar samninga kemur verður því 9,22 prósent. Talið er að nýir eigendur vilji skipta út stjórn Haga.

Sem stendur eiga félög í eigu Ingibjargar Stefaníu Pálmadóttur, Samherji og Kaupfélag Skagfirðinga tæp 20 prósent í Högum. Heimildir herma að bæði Samherji og Ingibjörg Stefanía ætli að tefla fram stjórnarmönnum. **– ósk**



**Þorsteinn Már Baldvinsson, Samherja.**




# Feðgin á topplista með barnabækur fyrir jólin

**Feðginin Huginn Þór Grétarsson og Ísabella Sól planta sér á topp 10 lista fræði- og handbókalista barna og ungmenna. Huginn segir stúlkuna efnilegan rithöfund sem hafi lært af föður sínum og sköpunargleðinni í bókabransanum.**

**RITSTÖRF** „Ég er í fimmta og sjötta sæti með mínar tvær bækur og hún Ísabella mín var að gefa út sína fyrstu bók enda aðeins 11 ára. Hún er líka á topp 10 listanum,“ segir Huginn Þór Grétarsson, ritstjóri útgáfufélagsins Óðinsauga ásamt því að vera rithöfundur sjálfur.

Bók Ísabellu, Slím, fjallar um og birtir uppskriftir af slímum sem hafa verið einstaklega vinsæl meðal ungmenna að undanförnu. Bókin læddist í tíunda sæti í flokki fræði- og handbókalista barna og ungmenna fyrir vikuna en bækur Hugins, 13 þrautir jólasveinanna: Óþekktarormar og Brandarar og gátur 3 sitja sem fyrr segir í fimmta og sjötta sæti.

Stórstjörnurnar Steindi, Vísinda-Villi og Gummi Ben eru í fyrstu þremur sætunum. Huginn hefur skrifað barnabækur í rúman áratug og segir að Ísabella, sem er einnig í hand- og fótbolta, leiklist auk þess að gefa út bók, hafi greinilega smitast af sköpunarkraftinum sem fylgir bókabransanum.

„Hennar bók er uppseld á lager. Ég er í alveg meiriháttar vandræðum og maður er að hugsa um að setja hana í endurprentun,“ segir hann stoltur af dóttur sinni. „Það er rétt hægt að ímynda sér hvað maður er stoltur af þeirri stuttu.“

„Vinkvennahópurinn er á fullu í þessum slímbransa, skoða uppskriftir og fleira og ég held að hún hafi byrjað að skrifa í blað einhverjar uppskriftir. Áður var hún að spá í að gera boozt-bók með uppskriftum að góðum drykkjum.

Slímið er svo ofboðslega vinsælt en hún er að fara með þetta aðeins lengra en venjulegur neytandi og hefur sökkt sér ofan í myndbönd og fleira. Við byrjuðum að vinna þetta saman og byrjuðum á eldhúsborðinu.

Ég kom með í þetta ferðalag og horfði á hana taka þetta skref fyrir skref og hjálpaði henni að gera þetta með skipulögðum hætti. Hugsa hvernig væri hægt að byggja þetta upp.

Ég stóð bara yfir henni meðan hún tók sín skref. Það eru skýrar leiðbeiningar sem eru í þessu og mér finnst þetta vel upp sett hjá henni.“ **benediktboas@frettabladid.is**



Huginn með sína bók og Ísabella með slímbókina sem er uppseld af lagernum og því er pabbinn að spá í að henda í endurprentun. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Hennar bók er uppseld á lager. Ég er í alveg meiriháttar vandræðum og maður er að hugsa um setja hana í endurprentun.**
>
> Huginn Þór Grétarsson



Í Moskvu, höfuðborg Rússlands, er jólaundirbúningurinn hafinn og ómissandi liður í því er hjá mörgum að koma við í hinni sögulegu verslunarmiðstöð GUM á Rauða torginu. Ekkert er til sparað í skreytingum í ár. NORDICPHOTOS/GETTY



Í Bretlandi er engin hátíð án Elísabetar drottningar. Hin átta ára Shyliah Gordon fékk að skreyta tré með henni í London í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Jól í startholunum

Það styttist óðum í jólin og undirbúningur fyrir þau stendur víða sem hæst. Sinn er siður í hverju landi og misjafnt hvað fólk aðhefst í aðdraganda hátíðarinnar víðs vegar um heiminn. Skrautleg jólaljós og skreytingar lýsa upp skammdegið og skiptir þá engu máli hverrar þjóðar þú ert. Alltaf má finna eitthvað fyrir alla eins og sjá má á þessum svipmyndum frá hinum ýmsu heimshornum.



Í S-Kóreu er jólasveinninn leystur út með kossum í kafi. Jólin njóta vaxandi vinsælda þar. Í eina landi Austurlanda fjær sem viðurkennir þau sem hátíð.



Þessi jólakúla í miðbæ Melilla á Spáni er gríðarvinsælt myndefni.





Árlegt jólasveinahlaup í Osaka í Japan var skrautlegt að vanda þar sem þúsundir tóku þátt, klædd sem jólasveinar.



Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, kveikir á jólatrénu fyrir utan ráðherrabústað sinn að Downing-stræti 10 með hópi skólabarna.

Kringlan

# VELKOMIN

## INN Í HLÝJUNA

**Við bjóðum þér inn í hlýjuna** þar sem þú getur undirbúið jólin og notið jólalegrar skemmtidagskrár sem er full af fjöri og glaðningum.

Hressir jólasveinar verða á ferðinni báða dagana kl. 13.30 og kl. 16.00

## JÓLABINGÓ, SÖNGUR OG SVEINAR

### LAUGARDAGUR

**Kl. 13.00** **Ólafía Þórunn atvinnukylfingur kynnir og áritar hvatningarmyndir sínar.**

**Kl. 14.00** **Tónafljóð veita ævintýralega jólaupplifun í líflegu söngatriði fyrir börn og fullorðna.**

### SUNNUDAGUR

**Kl. 14:00** **Jólabingó. Bingó fer fram í göngugötu og er þátttaka ókeypis á meðan spjöld eru til.**

Glæsilegir vinningar frá Hagkaup og Kringlunni: Risastór sælkeragleðikarfa, Stiga sleði, skemmtileg borðspil, gjafakort og bíómiðar.

HAGKAUP



OPIÐ LAUGARDAG
**10–18**
OG SUNNUDAG
**13–18**

ÞÚ FÆRÐ EINTAK Á ÞJÓNUSTUBORÐI OG Í RAFRÆNU FORMI Á **KRINGLAN.IS**

**YFIR 1000 HUGMYNDIR**

JÓLA GJAFA HAND BÓK

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 02.12.2018 TIL 08.12.2018

**31** þingmaður af þeim 50 sem Fréttablaðið náði í vill að sexmenningarnir sem tóku þátt í umræðum á Klaustri 20. nóvember segi af sér. Átján þingmenn svöruðu ekki spurningunni. Aðeins einn þingmaður telur að sexmenningarnir þurfi ekki að segja af sér.

**23%** mannfjöldans á Suðurnesjum eru innflytjendur af fyrstu eða annarri kynslóð. Hinn 1. janúar 2018 voru 43.736 innflytjendur á Íslandi eða 12,6% mannfjöldans.

**181** þúsund krónur í desemberuppbót fengu allir sem kjararáð ákvarðaði laun áður en það var aflagt.

**34%** allra látinna frá 2008 til 2017 dóu úr blóðrásarsjúkdómum eða 7.065 einstaklingar. Þar á eftir létust 6.031 úr æxlum eða 29% allra látinna.

**50%** stúlkna, eða um það bil, í 10. bekk hafa verið beðnar um að senda nektarmynd eða ögrandi mynd af sér. Þá hafa 30 prósent stúlkna og um 20 prósent drengja í tíunda bekk sent slíka mynd af sér til einhvers.

**280** þúsund voru farþegar Icelandair í nóvember síðastliðnum. Fjölgaði þeim um 12 prósent miðað við nóvember á síðasta ári.

## Þrjú í fréttum
### Uppljóstrun, ofbeldi og mótmæli

**Bára Halldórsdóttir**
*öryrki og hinsegin kona*



steig fram og kvaðst vera dularfulli upptökumaðurinn á barnum Klaustri. Hún kvaðst varla hafa trúað því sem hún heyrði.

**Lilja Alfreðsdóttir**
*menntamálaráðherra*



sagðist hafa upplifað samtalið um hana á barnum Klaustri sem algjört ofbeldi. „Þeir eru ofbeldismenn. Ég segi bara að þetta er alveg skýrt í mínum huga. Ofbeldismenn hafa ekki dagskrárvald í íslensku samfélagi.“

**Helgi Bernódusson**
*skrifstofustjóri Alþingis*



mótmælti ummælum Önnu Kolbrúnar Árnadóttur, þingmanns Miðflokksins, um að á Alþingi ríkti sérstakur „kúltúr“. Mátti skilja af orðum hennar að starfsmenn Alþingis væru hluti af þeirri menningu.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Nær hundrað milljónir árlega frá ríkissjóði til þingflokka

**Gert ráð fyrir að stjórnmálasamtök með minnst einn kjörinn þingmann eigi rétt á 12 milljónum úr ríkissjóði á ári. Þakið á styrkjum einstaklinga til flokka verður einnig hækkað úr 400 þúsund í 550 þúsund krónur á ári.**



**Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aukið fjármagn muni nýtast flokkum til reksturs skrifstofu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**ALÞINGI** Árlegur leyfilegur styrkur einstaklinga til stjórnmálaflokka og einstaklinga í prófkjöri hækkar samkvæmt nýju frumvarpi til breytinga á lögum um fjármál stjórnmálasamtaka þeirra. Þá munu greiðslur til smærri flokka á þingi hækka.

Frumvarpið er lagt fram af formönnum allra flokka að Flokki fólksins og formannslausum Pírötum undanskildum. Þar eru varaformaðurinn Guðmundur Ingi Kristinsson og þingflokksformaðurinn Þórhildur Sunna Ævarsdóttir á lista.

Markmið frumvarpsins er að tryggja starfsskilyrði og sjálfstæði stjórnmálaflokka auk þess að efla lýðræði og gagnsæi í stjórnmálum. Í þeim felst að stjórnmálasamtök sem fá minnst einn mann kjörinn á þing eiga rétt á tólf milljóna króna grunnframlagi úr ríkissjóði ár hvert. Þá munu stjórnmálasamtök sem bjóða fram í minnst þremur kjördæmum geta sótt um 750 þúsund króna styrk, sem greiðist úr fyrir hvert og eitt kjördæmi, vegna kosningabaráttunnar. Skilyrði úthlutunarinnar er að samtökin uppfylli upplýsingaskyldu sína gagnvart Ríkisendurskoðun.

Þá er kveðið á um að leyfileg árleg heildarfjárframlög frá lögaðilum eða einstaklingum hækki úr 400 þúsund krónum í 550 þúsund krónur. Kveðið er á um auknar skyldur á stjórnmálaflokka til að upplýsa um uppruna fjármunanna í ársreikningum. Þó er kveðið á um að styrkir undir 300 þúsundum frá einstaklingum skuli háðir nafnleynd. Hingað til hefur þröskuldurinn miðast við 300 þúsund krónur. Skylt er að birta upplýsingar um alla styrki frá lögaðilum.

> **Kostnaður ríkissjóðs mun aukast um 96 milljónir á ári vegna breytinganna.**

Miðað við núverandi forsendur mun kostnaður ríkissjóðs aukast um 96 milljónir króna ár hvert vegna tólf milljóna króna greiðslunnar til hvers þingflokks. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að sá kostnaður muni nýtast flokkunum til reksturs skrifstofu.

Að auki má gera ráð fyrir útgjaldaaukningu á hverju kosningaári. Hefðu lögin til að mynda verið í gildi í fyrra hefði þurft að greiða 27 milljónir króna til þeirra níu stjórnmálasamtaka sem buðu fram í öllum kjördæmum. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að tölurnar komi til með að hækka í samræmi við breytingar á vísitölum verðlags og launa.

Þá herma heimildir Fréttablaðsins að formenn þingflokka muni eftir helgi funda vegna fjölgunar aðstoðarmanna um áramótin. Þeirri lendingu virtist hafa verið náð en fækkun í Flokki fólksins getur haft áhrif á það. Samkomulagið hljóðaði upp á að sautján nýir aðstoðarmenn tækju til starfa á kjörtímabilinu og skyldi þeim úthlutað samkvæmt hlutfallslegum styrk flokkanna. Miðað við nýjan fjölda í Flokki fólksins myndi styrkur þingflokksins ekki nægja til að fá aðstoðarmann úthlutaðan. Hann myndi skiptast að jöfnu milli Samfylkingarinnar og Miðflokksins.

Ólafur Ísleifsson og Karl Gauti Hjaltason, nú óháðir þingmenn, eiga ekki rétt á aðstoð. Breytingar urðu á nefndarsetu þeirra í gær. Ólafur Ísleifsson er nú í atvinnuveganefnd en Inga Sæland í fjárlaganefnd í hans stað. Þá eru Ólafur og Karl ekki lengur í Norðurlandaráði eða Vestnorræna ráðinu. joli@frettabladid.is



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

LG UHD TV

Aðeins í Skútuvogi og husa.is

Sjáðu verðið

Smart sjónvarp 65"

**139.995kr**

~~159.995kr~~

4K UHD sjónvarp með Active HDR tækni, Bluetooth tengimöguleika, webOS netviðmóti og Netflix 4K hnappi.
1801164

28% afsláttur

STANLEY

**26.995kr**

~~37.665kr~~

Borvél 18 V+50 fylgihlutir
Tvær 2.0Ah Li-ionrafhlöður, högg, hersla 51Nm.
5151100

GERÐU GEGGJUÐ KAUP

# Jóla gjafa

• markaður •

Aðeins í Skútuvogi og husa.is

30% afsláttur

iRobot

**34.990kr**

~~49.995kr~~

Roomba
Ryksuguvélmenni.
1801065

62% afsláttur

Aðeins í Skútuvogi og husa.is

**4.990kr**

~~12.995kr~~

LG Bluetooth hátalari PS5
10W magnari, Bluetooth allt að 3 tæki í einu, Li-ion rafhlaða (allt að 15 klst ending) Stærð: 15,3 x 5,8 x 6 cm, þyngd 470 gr, litur: hvítur.
1801168

**Jólagjafa-markaðurinn** er líka í vefverslun **husa.is**

## Allar seríur og jólaljós

# 20-40%

**afsláttur**

Tak-markað magn

Íslensk stafafura

**6.990kr**

Eitt verð!

150 - 200 cm, beint frá bónda. Sérræktuð jólatré fyrir Blómaval

Öll gluggaljós

# 40%

**afsláttur**

**Jólahlaðborð aðeins 1.990kr.**
Börn yngri en 12 ára **1.190 kr.**
Í Skútuvogi kl. 17-20

**Jólalandið** hefur glatt börn og fullorðna í 30 ár

**Jóla-sveinnar** mæta í dag í **Skútuvog** kl. 14

**Jóla-sveinnar** mæta í dag Húsasmiðjuna **Akureyri** kl. 15

*Opið til kl. 21:00 í Skútuvogi alla daga til jóla*







name it
KRINGLUNNI & SMÁRALIND



Byggðarráð Rangárþings ytra mat það sem svo að verkefnið væri gott fyrir sveitarfélagið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Landsmótið fær frítt vinnuafl allt næsta ár

**Sveitarstjóri Rangárþings ytra segir svæðið Mekka hestamennskunnar. Landsmót hestamanna á Hellu 2020 hlaðið skuldum. Bæjarfélagið kemur til bjargar og veitir frían aðgang að kynningar- og markaðsfulltrúa bæjarins allt árið 2019.**

**STJÓRNSÝSLA** Rangárþing ytra ætlar að veita einkahlutafélagi styrk í formi vinnuframlags kynningar- og markaðsfulltrúa bæjarins allt árið 2019. Mun hann sinna vinnu við að auglýsa landsmót hestamanna sem á að halda á Rangárbökkum við Hellu árið 2020. Minnihlutinn undrast þennan styrk og segir hann fordæmisgefandi.

„Þess ber að geta að mekka íslenska hestsins er nú bara í Rangárvallasýslu. Hér eru flest og öflugustu ræktunarbúin og atvinnuhestamennirnir flestir búa hér. Þannig er það nú bara,“ segir Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.

Stjórn Rangárbakka ehf. óskaði eftir því við sveitarstjórnina að markaðs- og kynningarfulltrúi sveitarfélagsins myndi vinna fyrir einkahlutafélagið að kynningu landsmóts. Landsmótið verður haldið fyrstu helgina í júlí árið 2020. Tillagan, sem samþykkt var af byggðarráði Rangárþings ytra, er að

> Umræðan í byggðarráðinu var á þá leið að þetta væri þannig verkefni að það væri gott fyrir sveitarfélagið
>
> Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra



verða við beiðninni og borga laun fulltrúans á meðan hann vinnur fyrir einkahlutafélagið. Skilgreint er að um 25 prósent starf sé að ræða.

„Það kom erindi til byggðarráðs um málið. Tillagan var sú að verða við þessu og veita þeim styrk í formi vinnuframlags. Umræðan í byggðarráðinu var á þá leið að þetta væri þannig verkefni að það væri gott fyrir sveitarfélagið og hefði áhrif á marga bæjarbúa,“ segir Ágúst.

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, fulltrúi minnihluta í Rangárþingi ytra, segir málið alvarlegt. „Styrkbeiðandi er einkahlutafélag í eigu fyrirtækja, hestamannafélaga og sveitarfélaga. Tel ég það afar slæmt fordæmi að einkahlutafélög geti sótt um slíka styrki á forsendum sem þessum. Ef styrkbeiðni þessi verður samþykkt tel ég að sett verði fordæmi sem erfitt verður að vinda ofan af ef gæta á jafnræðis við önnur fyrirtæki sem gætu sótt um álíka styrki í framtíðinni. Ekki liggur heldur fyrir í gögnum hve umbeðinn styrkur er hár í krónum talið,“ er haft eftir Margréti í fundargerð byggðarráðs.

„Einkahlutafélagið er í eigu hestamannafélaga og sveitarfélaga að stærstum hluta og það er breytt form á landsmótum núna þar sem heimamenn halda mótin. Þetta er stærsti viðburður sem haldinn er á Íslandi og okkur þykir hann mjög mikilvægur,“ bætir Ágúst við.

sveinn@frettabladid.is

# Vilja athvarf fyrir börnin

**GRÆNLAND** Nýtt ungdómsráð í Kujalleq á Grænlandi leggur til að sett verði á laggirnar sérstakt athvarf fyrir börn í öllum bæjum og byggðum Suður-Grænlands þar sem þau geti leitað skjóls þegar órói er á heimilum þeirra.

> Foreldrar reyna að gæta barna sinna en eru margir hverjir ekki færir að sjá um börnin þegar þeir fá launin.

Á vef grænlenska útvarpsins er haft eftir fulltrúa ráðsins að sum börn séu hjá foreldrunum þegar þeir detta í það á útborgunardögum. Það komi niður á börnunum. Foreldrarnir reyni að gæta barna sinna en þeir séu ekki alltaf færir um það. – ibs


Sjúkrahúsið Vogur er rekið af SÁÁ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Meirihluti sjúklinga á Vogi undir fertugu

**SAMFÉLAG** Komur á sjúkrahúsið Vog hafa verið 2.141 það sem af er ári. Þar af hafa 1.637 lagst inn, einhverjir þeirra oftar enn einu sinni. Þetta kemur fram í frétt á vefsíðu SÁÁ. Stór hluti þeirra sem þáðu meðferð á Vogi á árinu hafa áður verið þar í meðferð, en 600 nýir sjúklingar komu til meðferðar á árinu, frá öllum landshlutum.

Í fréttinni kemur einnig fram að 60 prósent skjólstæðinga SÁÁ eru 39 ára og yngri og að þriðjungur skjólstæðinga samtakanna eru konur. Í fréttinni kemur einnig fram að 631 er á biðlista eftir meðferð á Vogi. – aá


HELGAR-
TILBOÐ
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ÖLL JÓLAVARA OG JÓLALJÓS
20-50%
ALLAR VERSLANIR OKKAR ERU OPNAR TIL
KL. 20
LAUGARDAG OG SUNNUDAG
NEMA Á AKUREYRI ER OPIÐ TIL KL.17
20-40%
AF ÖLLUM SÆNGUM
20-40%
AF ÖLLUM SÆNGURVERUM
20-40%
AF ÖLLUM SÓFUM OG SVEFNSÓFUM
20-40%
AF ÖLLUM HÆGINDASTÓLUM
90x200 cm ~~84.900~~ nú 49.900
120x200 cm ~~109.900~~ nú 69.900
140x200 cm ~~134.900~~ nú 79.900
160x200 cm ~~149.950~~ nú 89.900
180x200 cm ~~169.900~~ nú 99.900
Sparið allt að 70.000
Fætur og botn fylgja
Royal Black
NÚ VERÐ FRÁ:
49.900
ROYAL BLACK RÚM
20%
AF ÖLLUM SKRIFBORÐUM OG SKRIFBORÐSSTÓLUM

# Seldi pakkaferðir án leyfis og tygginga

**Þriggja daga ferðir íshellaskoðunarfyrirtækisins Goecco voru seldar án tilskilinna leyfa og nauðsynlegra trygginga. Bitnar á viðskiptavinunum. Lagabreytingar sem taka gildi um áramót gera Ferðamálastofu loks kleift að beita þrýstingi á slík fyrirtæki með dagsektum.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ef farið hefði verið að lögum og reglum við sölu ferða með íshellaskoðunarfyrirtækinu Goecco hefðu viðskiptavinir sem nú sitja uppi með stórtap sloppið mun betur frá rekstrarstöðvun fyrirtækisins.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu stöðvaðist rekstur ferðaþjónustufyrirtækis Jónasar Freydal fyrir um fjórum vikum. Þann 8. nóvember sendi hann viðskiptavinum bréf þar sem hann tilkynnti að Icelandic Ice Cave Guides (Íslenskir íshellaleiðsögumenn ehf.) hefðu orðið gjaldþrota þann dag og því yrði ekkert af ferðum sem seldar voru undir vörumerkinu Goecco.

Síðan þá hafa margir viðskiptavinir kvartað undan því að fá ekkert endurgreitt og undan því að engin svör fáist frá fyrirtækinu – sem reyndar er ekki enn búið að óska eftir gjaldþrotaskiptum fyrir.

Goecco seldi tveggja og þriggja daga pakkaferðir með hótelgistingu innifalinni. Kostuðu þriggja daga ferðir 1.890 dollara fyrir tvo, eða ríflega 230 þúsund krónur. Til þess að selja ferðir sem vara meira en einn dag þarf svokallað ferðaskrifstofuleyfi frá Ferðamálastofu. Slíkt leyfi var ekki til staðar hjá Goecco og Íslenskum íshellaleiðsögumönnum sem höfðu hins vegar skráningu sem ferðaskipuleggjandi. Í því felst aðeins leyfi til dagsferða.

Hefðu ferðir Goecco verið seldar undir merkjum fyrirtækis með ferðaskrifstofuleyfi hefði það þurft að borga tryggingar í samræmi við umsvif sín og mat á fjárhagsstöðu. Ferðamálastofa hefði verið handhafi tryggingarinnar og getað gengið í hana án dóms til að endurgreiða þeim viðskiptavinum sem ekki hefðu verið farnir af stað í ferð eða ekki getað lokið ferð. Er þar um að ræða rekstrarstöðvunar- og gjaldþrotatryggingu.

Í fyrrnefndu bréfi Goecco til viðskiptavina var lögð áhersla á að fyrirtækið hefði ávallt staðið skil á sköttum og haldið orðspori sínu hreinu. Þarna vantaði þó upp á að Goecco hafi fylgt lögum og reglum og það bitnar á þeim hluta viðskiptavinanna sem ekki fá endurgreitt í gegn um aðrar tryggingar, greiðslukortafyrirtæki eða greiðslumiðlunina PayPal sem Goecco nýtti.

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu felst eftirlit með þessum málum í því að fylgt er eftir ábendingum sem berast stofnuninni. Viðkomandi er þá sent bréf með áskorun um úrbætur, til dæmis að sækja einfaldlega um ferðaskrifstofuleyfi. Slíkt kostar ekki mikið fé en felur þó í sér nokkurn kostnað vegna trygginga og kvöð um skil á ársreikningum.

Hafi ekki verið farið að ábendingum Ferðamálastofu hefur stofnunin ekki haft nein tól til að knýja viðkomandi til að láta af leyfislausri starfsemi. Á þessu verður þó breyting um áramótin þegar ný lög taka gildi og Ferðamálastofa fær heimild til að leggja dagsektir á slík fyrirtæki. gar@frettabladid.is



Íshellaskoðunarfyrirtækið Goecco var ekki með rétta leyfið og greiddi ekki rekstrarstöðvunartryggingu til Ferðamálastofu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Þriggja daga ferðir Goecco

Í þriggja daga ferð Goecco var farinn svokallaður Gullhringur og síðan ekið austur í Eldhraun og gist. Næsta dag var farið að Jökulsárlóni og í íshelli og síðan aftur gist í Eldhrauni. Þriðja daginn var farið heim aftur eftir suðurströndinni. Gisting og matur var innifalinn.

**1.890**

**dollara kostaði þriggja daga ferð fyrir þrjá með Goecco**




XPRENT HÖNNUN OG MERKINGAR
Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

**Nýbygging**
**í Austurhlíð 10 Reykjavík**

**Samtök aldraðra bsvf. mun halda kynningarfund á nýjum íbúðum fyrir félagsmenn sína að Austurhlíð 10, Reykjavik, (gamli Kennaraskólareiturinn), miðvikudaginn 12. desember kl. 14.00 á Grand Hótel.**



Um er að ræða 60 íbúðir í þremur húsum með lyftu í hverju húsi. Íbúðir verða tveggja til þriggja herbergja, 81-120 fermetra, með þvottaherbergi innan íbúðar. Bílageymslan, sem er niðurgrafin, verður staðsett milli húsanna. Reiknað er með rúmgóðu stæði í bílageymslu fyrir hverja íbúð. Þá verða þar 60 séreignageymslur og sameiginlegur samkomusalur fyrir íbúa. Ein húsvarðaríbúð verður fyrir öll húsin.

*Stjórn Samtaka aldraðra bsvf.*

Samtök aldraðra
Síðumúla 29 • 108 Reykjavík • S: 552 6410 • samtokaldradra@heimsnet.is






SIEMENS
**Þvottavél**
WM 14N207DN, iQ300
Vindur upp í 1400 sn./mín. Sérkerfi eru meðal annars: Kraftþvottur 60 mín., útifatnaður, mjög stutt kerfi (15 mín.), viðkvæmt/silki, ull o.fl.
Jólaverð:
79.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.



SIEMENS
**Þurrkari**
WT 44E1L7DN, iQ300
Gufuþétting, enginn barki. Sérkerfi: Hraðkerfi 40 mín. og heitt 20 mín. Krumpuvörn við lok kerfis.
Jólaverð:
79.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.


**Orfeus Borðlampi**
18728-25
Hæð: 36 sm.
Jólaverð:
7.500 kr.
Fullt verð: 9.500 kr.

Jólabæklingur okkar er kominn út.
**Fjöldi glæsilegra tækja á jólaverði.**

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

SMÁRALIND




## JÓLASTEMNING ALLA HELGINA

### Laugardagur

**Myndataka með jólasveininum** kl. 13-16
Fáðu fjölskyldumynd með Sveinka

**Grýla og Leppalúði** frá Leikhópnum
Lottu skemmta kl. 14

Hreimur tekur vel valin jólalög kl. 16

**Barnadagur** UNICEF í Lindex

### Sunnudagur

**Myndataka með jólasveininum** kl. 13-16
Fáðu fjölskyldumynd með Sveinka

**Risa jólasveinn og jólaálfar**
leika listir sínar kl. 14-16

**Ylja** flytur ljúfa jólatóna kl. 15

**Mosfellskórinn** tekur lagið kl. 16

# OPIÐ TIL 18 Í DAG

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT



Tölur Norwegian valda áhyggjum.

## Vonbrigði með Norwegian

Nýjar tölur um rekstur norska flugfélagsins Norwegian hafa valdið fjárfestum vonbrigðum en sætanýting Norwegian hefur ekki verið lægri í meira en fjögur ár. Bréf í norska flugfélaginu lækkuðu um 14,7 prósent í fyrradag eftir að tölurnar voru birtar.

Farþegum fjölgaði um 26 prósent sem var undir væntingum um 34 prósenta fjölgun, að því er The Times greinir frá. Þá dróst sætanýtingin saman, sem er lykilmælikvarði í flugbransanum, niður í 78,8 prósent.

Bjorn Kos forstjóri reyndi að slá á áhyggjur. „Nokkrar af sumarferðum félagsins hafa verið framlengdar fram í nóvember en það hefur haft áhrif á sætanýtingu, sagði hann.

Tap á afleiðusamningnum um olíu átti einnig þátt í því að auka áhyggjur fjárfesta. Nýlegt verðfall á olíu mun lækka eldsneytiskostnaðinn sérfræðingar segja að Norwegian myndi tapa verulega á afleiðusamningnum sem félagið keypti þegar olíuverð stóð sem hæst. – **tfh**

# Gengisfall ef Seðlabankinn grípur ekki inn í markaðinn

**Nýtt frumvarp gerir kleift að aflandskrónur streymi úr landi. Ef Seðlabankinn grípur ekki inn í gjaldeyrismarkaðinn er ljóst að krónan mun veikjast að mati hagfræðings hjá Landsbankanum. Segir að frumvarpið hefði hentað betur í styrkingarfasa.**

Seðlabanki Íslands mun þurfa að grípa inn í gjaldeyrismarkaðinn til þess að sporna við veikingu krónunnar þegar aflandskrónur taka að streyma úr landi. Þetta segir forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans.

Ríkisstjórnin samþykkti í gærmorgun að leggja fram á Alþingi frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um breytingar á lögum. Breytingarnar fela í sér að aflandskrónueigendur geti losað aflandskrónueignir sínar að fullu með því að skipta þeim í gjaldeyri á álandsmarkaði eða eiga þær sem fullgildar álandskrónur þegar um samfellt eignarhald frá því fyrir fjármagnshöft er að ræða.

„Þetta eru risatíðindi enda eru aflandskrónurnar síðustu leifar fjármálahrunsins. Það er ljóst að þessar breytingar munu hafa neikvæð áhrif á gengi krónunnar ef Seðlabankinn gerir ekki neitt og við sáum að krónan veiktist strax í kjölfar þess að tilkynningin var gefin út,“ segir Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, í samtali við Fréttablaðið.

Heildarumfang aflandskróna er um 84 milljarðar króna. Seðlabankinn hefur gefið út að hann sé vel í stakk búinn til að bregðast við skammtímasveiflum á gjaldeyrismarkaði. Þar sem losunin tengist fortíðarvanda en ekki undirliggjandi efnahagsaðstæðum geti verið meira tilefni til að draga úr áhrifum á gengi krónunnar en ella.

„Samkvæmt upplýsingunum sem Seðlabankinn birtir kemur fram að aflandskrónurnar eigi að fara í gegnum gjaldeyrismarkaðinn sem er mjög þunnur. Það þarf ekki mikið til að hreyfa við gengi krónunnar. Ef Seðlabankinn myndi halda að sér höndum á meðan um 80 milljarðar af krónum streyma inn á markaðinn til að kaupa gjaldeyri þá er augljóst að krónan myndi að öðru óbreyttu taka umtalsverða dýfu. Seðlabankinn gefur í skyn að hann muni grípa inn í markaðinn ef miklar sveiflur verða á genginu ella lofar engu,“ segir Daníel.


Þórarinn G. Pétursson og Már Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkvæmt nýbirtum tölum Seðlabankans veiktist raungengi krónunnar um fjögur prósent í nóvember og í samanburði við sama mánuð í fyrra nam veikingin 11,9 prósentum. „Það hefði kannski verið betra að flytja þetta frumvarp þegar krónan var í styrkingarfasa en ekki veikingarfasa,“ segir Daníel.

### Erlendir fjárfestar geti losað stöður

Frumvarpið felur einnig í sér breytingar sem eiga að auka sveigjanleika á formi bindingar reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris. Hingað til hefur þurft að uppfylla bindingarskyldu með því að leggja inn á bundinn reikning hjá innlánsstofnun en breytingarnar gera mögulegt að uppfylla bindingarskyldu með endurhverfum viðskiptum með innstæðubréf Seðlabankans.

„Það hefur verið hindrun fyrir suma erlenda fjárfesta að koma með fjármagn til landsins vegna bindiskyldunnar vegna þess að þeim er óheimilt að fjárfesta ef þeir geta ekki losað fjárfestinguna með skjótum hætti,“ segir Daníel. „Nú er verið að gefa fjárfestum tækifæri til að koma með fjármagn til landsins án þess að eiga kröfu á íslensku bankana og að geta losað stöður sínar áður en bindiskyldutíminn er að fullu útrunninn.“

**thorsteinn@frettabladid.is**





ENNEMM / SÍA / NM90749

**Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.**

Við kynnum nýjan Hyundai i20 sem er enn betur útbúinn en eldri gerðir af i20. Nýr i20 er fáanlegur með sjálfvirkri neyðarhemlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaða yfirbragð, og í nýjum 7" snertiskjá er hægt að nýta sér fullkomnustu margmiðlunartæknni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™. Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

# Meira fjör



**Nicco - Rc Psycho Gyro Green**

**12.999** kr/stk



**Nicco - Nanotrax electr Green**

**6.799** kr/stk




**Nikko - Ford með fjarstýringu**

**9.999** kr/stk




**Nikko - Jeep, fjarstýrður**

**9.999** kr/stk




**Nikko - Land Rover, fjarstýrður**

**9.999** kr/stk




**Dróni X23W með myndavél.**

**13.999** kr/stk




**Dróni X20**

**7.499** kr/stk

Kynning á drónum og fjarðstýrðum bílum í Kringlu og Smáralind í dag frá 13 til 17 og sunnudaginn frá 14-17.

20% kynningaafsláttur af vörum á kynningu.

HAGKAUP Meira svona alla daga

Sæmundargleði
í Framheimilinu í Safamýri

Við fögnum nýrri bók
Þórðar Tómassonar í Skógum
og bókauppskeru haustsins með glæsilegri
bókagleði sunnudaginn 9. desember
klukkan 15.00–18.00

Úrval jólabóka á tilboðsverði
Kaffi og konfekt
Höfundar kynna eftirtaldar bækur






Tölvuteiknuð mynd af illkynja frumu í hvítblæði. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýjung boðar byltingu í greiningu krabbameina

**Vísindamenn við Queensland-háskóla í Ástralíu hafa kynnt tækni sem opnar dyrnar fyrir ódýra og hraðvirka greiningu fyrir 90 prósent krabbameina. Aðeins þarf blóð- eða vefjasýni. „Þetta er mögnuð uppgötvun,“ segir einn rannsakenda.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Vísindamenn við deild hins ástralska Queensland-háskóla í lífefnaverkfræði og nanótækni kynntu í vikunni byltingarkennda tækni sem sögð er opna dyrnar fyrir skjóta og ódýra frumgreiningu á nær öllum gerðum krabbameins sem aðeins krefst blóð- eða vefjasýnis.

Prófið sem vísindamennirnir þróuðu, og kynntu í vísindaritinu Nature Communications, fer fram með því að bæta lífsýni í vökva sem skiptir um lit þegar og ef krabbameinsfrumur eru til staðar. Þær niðurstöður sem kynntar voru í vikunni byggja á prófunum með 200 mismunandi krabbameinsfrumur og heilbrigðar frumur. Vísindamennirnir telja að prófið virki fyrir 90 prósent allra krabbameina.

Aðferðin byggir á því að greina dreifingu svokallaðra metýlhópa – sem stýra því hvaða gen eru virk og hvaða gen eru bæld – í erfðaefni frumna. Í heilbrigðum frumum dreifast þessir hópar með jöfnum hætti um DNA en í krabbameinsfrumum safnast þeir saman á tilteknum stöðum. Með þessa vitneskju gátu vísindamennirnir þróað próf sem leitar að þessu óeðlilega mynstri metýlhópa.

> **Aðferðin er ekki fullkomin á þessum tímapunkti, en þetta er heillavænlegur upphafspunktur.**
>
> Abu Sin, vísindamaður við Queensland-háskóla

„Nær allar gerðir krabbameinsfrumna sem við rannsökuðum innihéldu þetta óeðlilega mynstur,“ segir Matt Trau, prófessor við Queensland-háskóla. „Þetta virðist vera einkennandi fyrir krabbamein, og það er mögnuð uppgötvun.“

Afrakstur þessarar vinnu er próf þar sem lífsýni er blandað við vatn sem inniheldur agnarsmáar gullagnir sem breyta um lit ef erfðaefni krabbameinsfrumna er til staðar. „Það þarf ekki meira en einn blóðdropa til að framkalla þessi áhrif. Maður getur séð þetta gerast með berum augum. Þetta er svo einfalt,“ segir Trau.

Vísindamennirnir ítreka að tæknin sé á þróunarstigi og huga þurfi að því að bæta greiningarferlið með tilliti til falskra niðurstaðna.

„Þessi uppgötvun gæti breytt miklu fyrir nærrannsóknir á krabbameini,“ segir Abuy Sina, rannsakandi hjá Queensland-háskóla. „Aðferðin er ekki fullkomin á þessum tímapunkti, en þetta er heillavænlegur upphafspunktur.“

Trau tekur í sama streng.

„Við erum langt frá því að fullyrða um það hvort þetta sé hið heilaga gral krabbameinsgreininga, en þetta er afar athyglisvert í ljósi þess að hér höfum við algilt lífmerki fyrir krabbamein.“

**kjartanh@frettabladid.is**

# Elsta afbrigði plágunnar fannst í fimm þúsund ára gamalli gröf í Svíþjóð

**HEILBRIGÐISMÁL** Elsta afbrigði bakteríunnar Yersina pestis sem fundist hefur fannst á dögunum í fimm þúsund ára gamalli gröf í Vestur-Gautlandi í Svíþjóð. Gerillinn olli farsótt sem dró vel yfir 50 milljónir manna til dauða um miðja 14. öld og kennd er við svartadauða.

Vísindamennirnir birtu niðurstöður sínar í vísindaritinu Cell í gær en í niðurstöðum þeirra kemur fram að með uppgötvun afbrigðisins hafi vísindamenn aldrei komist jafn nálægt því að uppgötva erfðafræðilegan uppruna plágunnar.

„Með þessari rannsókn hefur okkur tekist að ferðast aftur í tímann og rýna í það hvernig þessi sýkill, sem haft hefur svo djúpstæð áhrif á samfélag okkar, hefur þróast í aldanna rás,“ segir aðalhöfundur rannsóknarinnar, víðerfðamengjafræðingurinn Simon Rasmussen.

Vísindamennirnir fundu afbrigði bakteríunnar í erfðaefni sem þeir tóku úr líkamsleifum 20 ára gamallar konu sem lést fyrir um fimm þúsund árum. Afbrigðið hefur að geyma sömu eiginleika og farsóttin banvæna býr yfir í dag.



Beinahrúgan ævaforna sem hafði að geyma afbrigðið. FRÉTTABLAÐIÐ/CELL

Rasmussen og meðhöfundar hans benda á að þetta ævaforna afbrigði renni stoðum undir þá kenningu að plágan hafi dreifst auðveldlega milli manna á nýsteinöld með tilkomu stærri byggða, viðskiptaleiða og tækniframfara.

„Plágan þróaðist úr tiltölulega meinlausri örveru. Við höfum séð sambærilega hluti gerast undanfarin ár og áratugi í tilfelli bólusóttar, malaríu, ebólu og Zika. Þetta þróunarferli er afar virkt,“ segir Rasmussen.

„Það er verðugt verkefni að reyna að skilja hvernig meinlaust fyrirbæri þróast yfir í eitthvað sem er svo bráðsmitandi.“ **– khn**


e-tron 55 quattro
Forsýning
Við kynnum hinn alrafmagnaða Audi e-tron 55 quattro laugardaginn 8. desember milli klukkan 12 og 16. Hátíðlegar veitingar í boði á meðan þú virðir fyrir þér nýjasta tækniundrið. Audi e-tron 55 quattro er fyrsti 100% rafdrifni jeppinn frá Audi, með ríflega 400 km. drægni (skv. WLTP), 1800 kg. í dráttargetu og aðeins 5,7 sek. í 100 km/klst. Hans hefur verið beðið með eftirvæntingu.
Sýniseintak Audi e-tron 55 quattro ferðast nú um heiminn þar sem eingöngu er stoppað á hverjum stað í nokkra daga. Eftirspurnin er afar mikil en lukkulega náði Audi á Íslandi að tryggja sér nokkra daga til að sýna áhugasömum gripinn.
Nánari upplýsingar og forsala er á audi.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

# STÓLA TAXFREE



## Allir stólar á taxfree tilboði*



**EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF**
BORÐSTOFUSTÓLUM, HÆGINDASTÓLUM
ELDHÚSSTÓLUM, OG BARSTÓLUM
**YFIR 500 GERÐIR**





* Taxfree tilboðið gildir af öllum stólum nema frá SKOVBY og sérpöntunum og jafngildir 19,35% afslætti.

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
**Akureyri** **Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
**Ísafjörður** **Skeiði 1**
**www.husgagnahollin.is** 558 1100






Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði.
Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA
HÖLLIN

TÆKNI



**Tumblr.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Klámbann Tumblr reynist óvinsælt

Ákvörðun samfélagsmiðilsins Tumblr um að banna hvers kyns klám á síðunni eftir að Apple fjarlægði app miðilsins úr App Store vegna barnakláms fellur illa í kramið á meðal notenda. Tumblr samanstendur af ljósmyndabloggum milljóna notenda og á sumum blogganna birtast klámfengnar myndir. Fjölmargir notendur og eigendur vinsælla blogga hafa haldið því fram að Tumblr hafi gengið of langt í viðbrögðum sínum.

The Verge ræddi við einn slíkan bloggara, sjálfstæðu klámmyndaleikkonuna Vex Ashley. „Kynlíf var ekki tabú á Tumblr. Það fékk að standa þar með reisn rétt eins og allir aðrar kimar menningar okkar kynslóðar,“ sagði Ashley.

Sami miðill fjallaði um möguleikann á því að bannið myndi hreinlega drepa Tumblr í ítarlegri umfjöllun. Bent var á að LiveJournal, ekki svo ólíkur bloggvefur, hefði svo gott sem dáið eftir að síðan tók sömu ákvörðun. – þea

# Microsoft ætlar sér að byggja vafrann Edge alveg upp á nýtt

**Microsoft hefur tilkynnt um miklar breytingar á vafra sínum, Edge. Mun framvegis verða keyrður á opnum hugbúnaði, upprunalega úr smiðju Google, til að bæta samþýðanleika við vefsíður. Edge-verkefnið ekki gengið að óskum fyrir Microsoft sem þrýstir þó á Windows-notendur að prófa vafrann, við litla hrifningu.**

Google mun ná enn betri stöðu á vefvaframarkaði eftir að Microsoft tilkynnti í vikunni að nýr vafri fyrirtækisins, Microsoft Edge, yrðu endurgerður frá grunni á Chromium-vélinni, opnum hugbúnaði frá Google. Eins og stendur hefur Chrome, sem Chromium var gerð fyrir, 61,77 prósenta markaðshlutdeild sé litið til tölva, snjallsíma, spjaldtölva og leikjatölva. Edge hefur hins vegar ekki nema 2,15 prósent sem er meira að segja minna en Internet Explorer, gamli vafri Microsoft sem eitt sinn var sá vinsælasti í heimi.

Microsoft sagði í tilkynningu á vef sínum að þessi ákvörðun hefði verið tekin til þess að bæta upplifun notenda af vafranum og til þess að auðvelda fyrirtækinu að bjóða notendum Mac OS stýrikerfisins upp á Edge.




**Edge, nýr vafri Microsoft, hefur ekki notið mikilla vinsælda.** NORDICPHOTOS/GETTY

Í ljósi þessarar ráðandi stöðu Google Chrome á vaframarkaði er sá vafri flestum vefhönnuðum og forriturum efstur í hugsa þegar vefsíður eru settar saman. Það gerir það að verkum að margar síður líta verr út, eða virka hreinlega verr, fyrir notendur vafra á borð við Edge.

„Notendur Microsoft Edge munu sjá bættan samþýðanleika við allar vefsíður og fá betri rafhlöðuendingu á alls konar Windows-tækjum,“ var haft eftir Joe Belfiore, einum varaforseta Microsoft, í tilkynningunni.

Tæplega er hægt að segja að Edge-verkefnið hafi gengið vonum framar. Sérstaklega séu tölur um markaðshlutdeild hafðar í huga.

Microsoft hefur gripið til ýmissa ráða til þess að hvetja neytendur til að prófa vafrann. Fréttablaðið fjallaði síðast um þessa hvata, sem tækniáhugamenn túlka frekar sem ýtni, í september.

Sem dæmi um þessa hvatningu Microsoft til Edge-notkunar má nefna það að stillingar um sjálfgefinn vafra hafa átt það til að endurstillast yfir á Edge eftir stýrikerfisuppfærslur, auglýsingar á lásskjáum og í möppum og svo venjulegar auglýsingaherferðir á netinu og í fjölmiðlum.

Blaðamaður sló inn leitarorðið „Chrome“ inn í Bing, leitarvél Microsoft, í Edge-vafranum. Fyrir ofan leitarniðurstöðurnar birtist stór borði sem á stóð „Promoted by Microsoft“. Í borðanum sjálfum stóð svo að Edge væri hraðvirkari og öruggari vafri fyrir Windows 10. Blaðamaður fékk sömuleiðis upplýsingar um að Edge væri sparneytnari á rafhlöðuna og hraðvirkari. Þær fullyrðingar hafa tæknibloggarar sýnt fram á að standist ekki alfarið.

**thorgnyr@frettabladid.is**


Komdu **jólunum** til skila í tíma

Öruggir skiladagar

| Til Evrópu: | |
| --- | --- |
| 13. des | Pakki til Evrópu |
| 14. des | Pakki til Norðurlanda |
| 14. des | Bréf til Evrópu |

| Innanlands: | |
| --- | --- |
| 17. des | Bréf |
| 19. des | Pakkar |

Upplýsingar um afgreiðslutíma og aðra örugga skiladaga má finna á postur.is/jol

PÓSTURINN




# KRÓNAN




Ekkert ves í des

Gerðu þitt eigið

## Jóla HLAÐ BORÐ

þarf aðeins að hita




## Matseðill

Fyrir 8 manns

| | |
|---|---|
| **Sinnepssíld,** 255 g | **349** kr. stk. |
| **marineruð síld,** 255 g | **349** kr. stk. |
| **Rúgbrauð,** 270 g | **249** kr. pk. |
| **Grafinn lax í sneiðum,** 200 g | **939** kr. pk. |
| **Graflaxsósa,** 150 ml | **249** kr. stk. |
| **Jólapate innbakað,** 200 g | **1399** kr. stk. |
| **Jarðarberjasósa,** 100 g | **799** kr. stk. |
| **Reykt andabringa,** 230 g | **2399** kr. stk. |
| **Rauðlaukssulta,** 180 g | **699** kr. stk. |
| **Hamborgarhryggur sneiðar,** 400 g | **1108** kr. pk. |
| **Waldorf salat,** 500 g | **999** kr. pk. |
| **Heimagert rauðkál,** 250 g | **599** kr. pk. |
| **Kalkúnabringa elduð,** 500 g | **2500** kr. stk. |
| **Kalkúnasósa með salvíu,** 500 g | **1390** kr. stk. |
| **Heit purusteik,** 400 g | **1399** kr. stk. |
| **Rauðvínssósa,** 500 ml | **1390** kr. stk. |
| **Lifrarkæfa með beikoni,** 370 g | **1293** kr. stk. |
| **Lúxus laufabrauð,** 130 g | **998** kr. pk. |

**Allt þetta undir**

# 2500*

kr. á mann

*miðað við eitt stykki/pakka af hverju

**Afgreiðslutímar á www.kronan.is**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Mikill viðbúnaður fyrir mótmælin í dag

**FRAKKLAND** Gulu vestin, mótmælendurnir sem hafa undanfarnar helgar safnast saman og mótmælt ríkisstjórn Emmanuels Macron Frakklandsforseta, mæta aftur til leiks í París í dag. Um síðustu helgi breyttust mótmælin í óeirðir. Hundruð voru handtekin, á annað hundrað særðust og mikið eignatjón varð. Þótt Macron hafi orðið við upphaflegri kröfu Gulu vestanna, að hætta við skattahækkun á eldsneyti, hefur mótmælunum í dag ekki verið aflýst. Enda snúast þau í auknum mæli um stjórnarhætti Macrons og ríkisstjórnarinnar eins og þeir leggja sig.

Mikill viðbúnaður er í höfuðborginni vegna mótmælanna. Edouard Philippe forsætisráðherra greindi frá því í gær að um 89.000 lögregluþjónar yrðu kallaðir út víðs vegar um Frakkland, þar af 8.000 í París, og að brynvarðir bílar yrðu notaðir í höfuðborginni. Þá hefur öryggismyndavélum verið komið fyrir.

Helstu kennileitum Parísar hefur verið lokað eða þau girt af. Þá hefur lögregla eindregið hvatt eigendur verslana og veitingastaða við Champs-Elysees til þess að skella í lás. Knattspyrnuleikjum hefur auk inheldur verið slegið á frest.

Christophe Castaner, innanríkisráðherra Frakklands, sagði í gær að mótmælin hefðu getið af sér skrímsli. Hann varaði við því að öfgafólk gæti komið sér fyrir innan raða mótmælenda og valdið usla. „Ég hef enga samúð með þeim sem misnota örvæntingu þjóðarinnar,“ sagði Castaner við blaðamenn. **– þea**



**Koma upp myndavél til að fylgjast með Gulu vestunum.** NORDICPHOTOS/AFP



**Heather Nauert.** NORDICPHOTOS/AFP

## Nauert tekur við af Haley

**BANDARÍKIN** Heather Nauert, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna, verður skipuð nýr sendiherra ríkisins hjá Sameinuðu þjóðunum. Frá þessu greindu bandarískir miðlar í gær. Meðal annars Fox News, þar sem Nauert vann áður sem fréttakona.

Bloomberg fjallaði ítarlega um Nauert í gær og sagði um óvenjulegt val að ræða. Hún hefði litla reynslu af störfum fyrir hið opinbera og utanríkismálum, var fyrst skipuð í starf á þeim vettvangi í apríl 2017 og þá sem upplýsingafulltrúi.

Nauert mun fylla sætið sem Nikki Haley tilkynnti óvænt um í október að hún ætlaði að yfirgefa. Haley hafði gegnt stöðunni frá því Trump tók við embætti og sagðist ekki vera að hætta til þess að fara sjálf í forsetaframboð gegn Trump. Margir höfðu spáð slíku þar sem hún studdi Trump ekki í kosningabaráttunni 2016. Haley sagðist taka ákvörðunina til þess að hleypa einhverjum nýjum að. **– þea**

## Mótmælendur fangelsaðir

**MJANMAR** Dómstóll í Mjanmar dæmdi þrjá aðgerðasinna í fangelsi í gær fyrir að hafa smánað herinn. Dómurinn þykir til marks um harðnandi aðgerðir stjórnvalda gegn tjáningarfrelsi og stjórnarandstöðu. Þremenningarnir fengu hálfs árs fangelsisdóm.

Mótmælendurnir, Lum Zawng, Nang Pu og Zau Jat, tóku þátt í mótmælum í Kachin-ríki Mjanmar í apríl þar sem herinn hefur verið að berjast gegn sjálfstæðisher Kachin, samansettum úr hermönnum þjóðflokka svæðisins. Alls hafa um 6.000 flúið heimili sín vegna átakanna.

Doi Bu, lögmaður hinna dæmdu, sagði samkvæmt Reuters að mótmælendurnir hefðu til að mynda sagt að herinn heimilaði fólki ekki að yfirgefa átakasvæðið og að herinn hótaði fólki sem væri að hugsa um að flýja.

Evrópusambandið fordæmdi dóminn í yfirlýsingu í gær og hvatti stjórnvöld til þess að endurmeta afstöðu sína. „Þessar fréttir eru áhyggjuefni fyrir almenna borgara í Mjanmar. Mótmæli í þágu friðar og fólks sem situr fast á átakasvæði ættu ekki að vera glæpur,“ sagði til að mynda í yfirlýsingunni. **– þea**

# Söguleg stund þegar Angela Merkel steig úr formannsstól

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hélt í gær sína síðustu ræðu sem formaður Kristilegra demókrata. Hún mun þó áfram sitja sem kanslari til loka kjörtímabils. Merkel sagði flokkinn hafa breyst mikið í átján ára formannstíð hennar og að næsta formanns biðu erfið verkefni. Annegret Kramp-Karrenbauer tekur við.

**ÞÝSKALAND** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hélt í gær sína síðustu ræðu sem formaður Kristilegra demókrata (CDU) eftir átján ára formannstíð. Ræðuna hélt Merkel á landsfundi flokksins þar sem nýr formaður verður valinn. Merkel lætur þó ekki af störfum sem kanslari fyrr en að kjörtímabilinu loknu, árið 2021 að öllu óbreyttu. Þá mun hún sigla upp að hlið Helmuts Kohl sem þaulsætnasti kanslari ríkisins.

Þrjú bitust um að taka við af Merkel. Annegret Kramp-Karrenbauer bar sigur úr býtum. Hún fékk 45 prósent í fyrri lotu atkvæðagreiðslunnar í gær, vann þá seinni með 51,8 prósentum atkvæða, er ritari flokksins, kölluð „Mini-Merkel“ og afar náin kanslaranum.

Næstvinsælastur var svo Friedrich Merz, athafnamaður sem var valdamikill í flokknum um aldamótin en fjarlægðist hann þegar Merkel tók við völdum. Hann þykir íhaldssamari og hægrisinnaðri en Merkel og fékk 39,2 prósent í fyrri umferð í gær og 48,2 prósent í þeirri síðari.

Heilbrigðisráðherrann Jens Spahn, ein vonarstjarna CDU, íhaldssamur, samkynhneigður og kaþólskur, fékk tæp sextán prósent og datt út í fyrstu umferð.

Formaðurinn fráfarandi stiklaði á stóru í fortíð, nútíð og framtíð bæði CDU og Þýskalands í ræðu sinni.

Hún minntist þess þegar hún tók við flokknum árið 2000 þegar CDU var í mikilli krísu vegna fjármögnunarhneykslis.

„Okkar CDU er allt annar flokkur en sá sem ég tók við árið 2000. Og það er gott. Við getum ekki haldið áfram að lifa í fortíðinni heldur þurfum við að horfa til framtíðar,“ sagði Merkel en Deutsche Welle sagði að túlka mætti þessi ummæli kanslarans sem skot á Friedrich Merz.

Merkel sagði að með því að tryggja samstöðu innan flokksins gætu Kristilegir demókratar haldið sæti sínu sem stærsti flokkur Þýskalands. Vert er að nefna að flokkurinn mælist í mikilli lægð í könnunum og hefur komið illa út úr ríkiskosningum að undanförnu.

Þá varði hún sitt umdeildasta stefnumál innan flokksins, jákvæða afstöðu til flóttafólks í neyð. Hún sagði Þýskaland hafa svarað „mikilli mannúðarkrísu“ á réttan hátt en viðurkenndi vissulega að málið hefði valdið miklum illdeilum innan flokksins.

Aukinheldur sagði hún að Þýskaland stæði frammi fyrir mörgum erfiðum málum. Hún nefndi útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu, loftslagsbreytingar og almenna samstöðu innan Evrópusambandsins sem dæmi.

„Þetta starf hefur fært mér ómælda gleði. Þetta hefur verið mér sannur heiður. Takk kærlega fyrir,“ sagði Angela Merkel svo að ræðu lokinni undir tíu mínútna standandi lófaklappi samflokksmanna sinna. **thorgnyr@frettabladid.is**



**Landsfundargestir risu á fætur í gær og klöppuðu fyrir Angelu Merkel, fráfarandi formanni.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Þetta starf hefur fært mér ómælda gleði. Þetta hefur verið mér sannur heiður. Takk kærlega fyrir**
>
> Angela Merkel, kanslari Þýskalands

# Hútar sakaðir um að beita fanga pyntingum

**JEMEN** Hútar, uppreisnarhreyfingin sem á í stríði við ríkisstjórn Abd Rabbuh Mansur al-Hadi, forseta Jemens, pyntar fanga sína. Þetta er fullyrt í umfjöllun AP sem byggir á rannsókn miðilsins í samstarfi við Pulitzer-stofnunina.

Alls ræddi AP við 23 einstaklinga sem sögðust annaðhvort hafa sjálfir þurft að þola pyntingar Húta eða séð aðra verða fyrir þeim.

Einnig var rætt við skyldmenni pyntaðra fanga, lögmenn, aðgerðasinna og þrjá löggæslumenn á vegum Hadi-stjórnarinnar sem sögðust hafa séð merki um pyntingar.

Samtök kvenkyns skyldmenna fanga Húta hafa á skrá rúmlega 18.000 einstaklinga sem Hútar hafa tekið fasta. Þar af er talið að um þúsund hafi verið pyntaðir í leynilegum fangelsum og að 126 hið minnsta hafi dáið vegna pyntinga Húta frá því þeir tóku yfir höfuðborgina San'a síðla árs 2014.

Leiðtogar Húta hafa áður neitað því að þeir hafi beitt pyntingum. Samkvæmt umfjöllun AP vildi enginn þeirra svara fyrirspurnum miðilsins.

Friðarviðræður á milli Húta og Hadi-stjórnarinnar fóru fram í Svíþjóð í gær. Samkvæmt Reuters lögðu stjórnarliðar til að alþjóðaflugvöllurinn í Sana, sem Hútar halda, yrði opnaður á ný gegn því að leyfi fengist til að skoða allar þær flugvélar sem fara um flugvöllinn. Á fimmtudag var samþykkt að frelsa þúsundir fanga. Martin Griffiths, sáttasemjari á vegum SÞ, sagði að viðræðurnar byrjuðu vel. **– þea**



**Hermenn Húta í höfuðborginni San'a í nóvember.** NORDICPHOTOS/AFP



Brandenburg | SÍA

# Aðventuboð Mercedes-Benz.

Í dag verður notaleg aðventustemning hjá okkur, milli kl. 12-16 á Krókhálsi 11. Við bjóðum valda úrvalsbíla á einstökum kjörum með veglegum aukahlutapökkum og í tilefni dagsins bjóðum við einnig 30-45% afslátt af gjafavöru og völdum aukahlutum frá Mercedes-Benz. Ef heppnin er með þér geturðu unnið glæsilega vinninga í skemmtilegum aðventuleik.

Við hlökkum til að sjá þig.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram

# Trúa ekki að höfuðpaurinn sé útlendur

**Aðalmeðferð í Bitcoin-málinu lauk í gær. Ákæruvaldið krefst fimm ára fangelsis yfir Sindra Þór Stefánssyni en tveggja til þriggja ára fyrir félaga hans. Telur öryggisvörðinn eiga skilið tvö ár í fangelsi.**

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is





Hafþór Logi Hlynsson notaði Louis Vuitton-klút til að hylja andlit sitt þegar hann mætti til aðalmeðferðar við nokkurn fögnuð félaga sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**DÓMSMÁL** Ákæruvaldið leggur engan trúnað á erlend tengsl við Bitcoin-málið og segir gögn málsins sýna að þeir sem ákærðir eru í málinu hafi bæði skipulagt brotin vel og gengið langt í að reyna að hylja slóð sína og villa um fyrir lögreglunni.

Saga útlends huldumanns kom nokkuð brotakennt fram við skýrslur af ákærðu við aðalmeðferðina.

Sindri Þór Stefánsson, sem hefur játað að hafa brotist inn í gagnaverið í Borgarnesi og átt aðild að þjófnaði úr gagnaveri Advania í Reykjanesbæ, greindi þannig frá að áhugi hefði vaknað hjá sér að hefja rafmyntargröft (e. bitcoin mining) eftir að hafa heyrt af slíkri starfsemi í Borgarnesi. Hann hefði sjálfur ekki haft fjárráð til að kosta slíkt en kynni að setja það upp og sjá um það enda tölvunarfræðingur að mennt og þekking hans á þessu sviði þó nokkur. Hann hefði haft samband við hugsanlegan fjárfesti; hinn erlenda aðila. Upp hefði komið sú hugmynd í samtölum þeirra að ræna frekar önnur bitcoinleitarver á landinu og taka þannig út samkeppnina í leiðinni.

Hafþór Logi Hlynsson, einn meðákærðu, greindi frá því að Sindri hefði sagt sér frá verkefni sem hann hefði fengið sem fæli í sér upplýsingastuld gegn greiðslu. Hafþór sagðist hafa samglaðst vini sínum sem þyrfti á peningunum að halda en fjárskortur hefði hamlað fyrirhuguðum búferlaflutningum Sindra með fjölskylduna til Spánar.

Sjálfur greindi Sindri frá því að um þjófnaðinn úr gagnaveri Advania væri að ræða og hefði honum verið lofað 50 þúsund evrum fyrir þjófnaðinn, um sjö milljónum króna. Skipuleggjandinn væri útlendingur og treysti Sindri sér ekki til að upplýsa hver hann væri enda hefði það miklu verri afleiðingar fyrir hann og hans fólk að afhjúpa hann en þegja.

Fleiri en Sindri nefndu útlendan huldumann. Þannig sagði öryggisvörður sem einnig er ákærður í málinu frá fundi sem fór fram í bíl og hefði sessunautur hans í aftursæti bílsins hótað honum líkamsmeiðingum gæfi hann ekki upplýsingar um öryggismál gagnaversins. Viðkomandi hefði verið útlendur, líklega frá Austur-Evrópu.

Sá sem ákærður er fyrir að hafa leitt innbrotsmennina og öryggisvörðinn saman greindi frá símtali við mann sem talaði með austur-evrópskum hreim og óskaði eftir að komast í samband við fyrrgreindan öryggisvörð.

Eini nafngreindi útlendingurinn sem kemur við sögu í málinu er Litháí sem bar vitni við aðalmeðferðina. Gamall sendiferðabíll sem notaður var við þjófnaðinn úr gagnaverinu í Borganesi fannst fyrir utan heimili hans í Kópavogi skömmu eftir innbrotið. Hann kvaðst hafa keypt bílinn upp úr miðjum desember eða skömmu eftir innbrotið. Bíllinn var hins vegar ekki skráður á hann en hann skýrði það svo að ekki hefði verið búið að ganga frá pappírunum þegar lögreglan lagði hald á bílinn.

Lögreglumaður sem gaf skýrslu fyrir dómi sagði að ekki hefði fallið grunur á Litháann vegna þess að mynd hefði náðst af bílnum úr öryggismyndavél við gjaldskýlið í Hvalfjarðargöngum. Sá sem ekið hefði bílnum væri með húðflúr á vinstri handlegg eins og greina mátti þegar bílstjórinn rak handlegginn út um bílrúðu til að borga veggjaldið. Litháinn væri ekki með húðflúr á umræddum útlim og hefðu spjótin beinst að Viktori Inga Jónassyni enda væri hann flúraður á umræddum stað og að auki bæri hann úr með leðuról líkt og sjá mætti á myndinni.

Við skýrslutöku af Litháanum var hann hins vegar spurður hvort hann væri með húðflúr á framhandlegg vinstri handar og játti hann því og sýndi dóminum flúrið.

## Föruneytið




Fimm af sjö ákærðu í málinu eru nánir vinir og hafa verið lengi. Hópurinn sem ákærandi kallar Föruneytið, eftir Facebookhópi, er vinahópur frá Akureyri sem fylgst hefur að frá æsku. Meðal þeirra eru þekktir afbrotamenn eins og Hafþór Logi Hlynsson sem nýverið var sakfelldur fyrir peningaþvætti og Sindri Þór Stefánsson sem öðlaðist frægð eftir frækinn flótta frá Sogni síðastliðið vor. Hann hefur hlotið nokkra dóma fyrir innbrot, þjófnaði og kannabisræktun. Föruneyti þetta hefur nú söðlað um og keypt fasteignir á Spáni þar sem þeir búa flestir. Tveir af félögum Föruneytisins tóku á móti Sindra í Amsterdam eftir flóttann og stóðust ekki freistinguna að birta mynd af endurfundunum á internetinu.

## Stefndi á kannabisræktun eða gagnaver á Hofsósi

Sindri Þór var spurður töluvert um iðnaðarhúsnæði á Hofsósi sem maður að nafni Bjarni Stefánsson hugðist taka á leigu um svipað leyti og innbrotin í gagnaverin voru framin. Í samskiptum við eiganda húsnæðisins sagðist Bjarni ætla sér að setja upp gagnaver í húsnæðinu. Í skýrslu fyrir dómi játaði Sindri Þór að vera umræddur Bjarni. Aðspurður hvort hann hefði ætlað sér að setja upp gagnaver í húsnæðinu neitaði Sindri því. „Það er ekkert leyndarmál, ég hef verið dæmdur fyrir að setja upp kannabisræktun, og ég hef alveg notað þetta til að útskýra mikla rafmagnsnotkun,“ svaraði Sindri og gaf þannig til kynna að húsnæðið hefði verið ætlað undir slíka ræktun.



Sindri hafði augastað á húsnæði á Hofsósi.

# Öryggisverðir hjálpuðu innbrotsmönnum og sofnuðu á vaktinni

**DÓMSMÁL** Tveir starfsmenn Öryggismiðstöðvarinnar koma töluvert við sögu í innbrotinu í gagnaver Advania í Reykjanesbæ en í ljós hefur komið að nokkur brestur virðist hafa verið á öryggisgæslu við þau gagnaver sem brotist var inn í.

### Ákærði öryggisvörðurinn

Ívar Gylfason er ákærður fyrir að hafa aðstoðað innbrotsmenn með því að veita upplýsingar um öryggisgæslu við gagnaverið, hafa látið í té öryggiskóða til að komast inn sem og fatnað merktan Öryggismiðstöðinni.

Sindri bar á mánudaginn að Ívar hefði haft samband við sig að fyrra bragði til að láta hann hafa teikningu af gagnaverinu. Sindri Þór sagðist telja að maðurinn sem fékk hann til verksins hefði átt í samskiptum við öryggisvörðinn.




Málið hefur verið erfitt fyrir Öryggismiðstöðina. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Matthías Jón segist hafa fengið öryggiskóða frá Ívari og jakka merktan Öryggismiðstöðinni sem hann klæddist þegar brotið var framið.

Ívar neitaði hins vegar að hafa látið þá hafa fyrrgreindar upplýsingar og fatnað og segist aldrei hafa séð Matthías Jón fyrr en við aðalmeðferð málsins.

Hann sagðist hafa verið beðinn að veita upplýsingar gegn greiðslu. Hann hefði harðneitað en þá hefði honum og fjölskyldu hans verið hótað líkamsmeiðingum. Ákæruvaldið telur frásagnir Ívars af málavöxtum ekki trúverðugar og krefst þess að hann fái tveggja ára óskilorðsbundinn dóm.

### Sá sem sofnaði á sófanum

Hinn öryggisvörðurinn var á vakt nóttina sem brotist var inn í gagnaverið. Hann fór veikur heim eftir eftirlitsferð að gagnaverinu klukkan tíu um kvöldið. Hann er ekki ákærður í málinu og gaf skýrslu sem vitni við aðalmeðferðina. Hann sagði að samkvæmt verklagsreglum ætti að fara fjórar eftirlitsferðir í gagnaverið á nóttu. Ekki voru hins vegar farnar fleiri ferðir þessa nótt en þá sem hann fór klukkan tíu umrætt kvöld. „Ég fór heim og á klósettið, og lagðist upp í sófa og ætlaði að hringja í yfirmann minn og láta vita en datt bara út. Vaknaði svo um hálf sjö og fattaði þá að ég hefði sofnað. Það voru engin útköll um nóttina bara þessar vaktferðir sem ég hafði ekki mætt í.“

> Ég fór heim á klósettið og lagðist upp í sófa og ætlaði að hringja í yfirmann minn og láta vita en datt bara út.
>
> Öryggisvörður sem var á vakt nóttina sem brotist var inn í gagnaver Advania

Öryggisvörðurinn sagðist aðspurður hafa orðið var við mannaferðir fyrir utan heimili sitt vikurnar fyrir innbrotið. Hundurinn hans hefði urrað við glugga í stofunni á næturnar og í einu tilviki hefði svalahurð verið opin upp á gátt eins og einhver hefði gengið að húsinu og opnað þær en horfið frá þegar hundurinn fór að urra.

Hann var spurður hvort sérstakt verklag væri hjá fyrirtækinu sem væri virkjað ef utanaðkomandi aðilar föluðust eftir upplýsingum hjá þeim eða ef haft væri í hótunum við þá. Öryggisvörðurinn kannaðist ekki við það.










*Tilboðin gilda til 11. desember 2018

HEITT KAKÓ Í JÓLATRJÁA-SKÓGINUM

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Dísætt skaðræði



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Hann er sætur en vissulega skaðlegur heilsufari fólks. Hann er sagður vera meira ávanabindandi en annað hættulegasta fíkniefni heims, kókaín. Á þessa leið hófst umfjöllun Fréttablaðsins í vikunni um sykur.

Fram kom að rannsóknir hafa sýnt að sykur virkjar sömu heilastöðvar og kókaín gerir. Sömu rannsóknir benda til að neysla sykurs sé ávanabindandi og að hún geti valdið til dæmis hjartasjúkdómum, sykursýki og sams konar áhrifum á lifrina og óhófleg áfengisneysla.

Íslendingar eru meðal feitustu þjóða. Viðbúið er að senn komi að skuldadögum. Uppgjörið snertir ekki einungis þá sem glíma við aukakílóin og sjúkdómana, sem tengjast óhófinu, og þeirra fólk. Heilbrigðiskerfið er rekið fyrir skattfé. Þetta snertir alla.

Meðaljóninn í okkar heimshluta brennir um það bil fimmtungi þeirra hitaeininga sem afi hans og amma gerðu í daglegu amstri. Ræktin, fjallgöngur, útihlaup og hreyfing til heilsubótar er ekki talið með. Og þar spilar mataræðið langstærsta rullu og svo hreyfingin.

Í nýlegri skýrslu bresku Barnalæknasamtakanna kemur fram að áttatíu prósent offeitra barna á grunnskólaaldri glíma við offitu fyrir lífstíð. Og líkur eru á að ævi offeitra barna verði áratug styttri en jafnaldra þeirra, sem ekki glíma við offitu.

Síðustu æviárin eru þessu fólki oft erfið. Mikil þyngd dregur úr getu fólks til að hreyfa sig, stunda útivist og hollt líferni. Það kemur í bakið á fólki. Við verðum berskjölduð fyrir kvillum, sem fylgja kyrrsetu. Þyngdin veldur álagi á líkamann, sem fer illa með stoðkerfið. Þannig skerðast lífsgæðin.

Upp úr 1980 fór af stað mikil herferð gegn fitu. Þegar fitan fór út af matseðlinum kom viðbættur sykur í staðinn. Meira fór að bera á unninni matvöru. Því sem náttúran býður var skipt út fyrir matvöru sem maðurinn sjálfur hafði fundið upp og átt við. Sykri var lævíslega bætt í matvörur eins og mjólkurafurðir, sem oft innihalda meiri sykur en súkkulaði. Eru svo seldar sem heilnæmar afurðir. Þannig er komið í bakið á grandalausu fólki.

Varla þarf að leita lengi á Íslandi til að sjá að matarvenjum okkar er stórlega ábótavant. Við hringveginn eru sykraðir gosdrykkir, unnar kjötvörur og sælgæti meira áberandi en einfaldur, hollur matur. Ekki bara hér á landi. Alls staðar mæta okkur stæðurnar af snakki, sælgæti og hvers kyns óhollustu.

En hvað er til ráða? Í umræddri umfjöllun var viðtal við Teit Guðmundsson lækni. Hann benti á að ekki er ljóst hversu mikið magn hver og einn má innbyrða af sykri, svo ekki hljótist skaði af. Gátan sú sé óleyst, en það að draga úr sykurneyslu almennt bæti heilsufar. Við þurfum að sameinast um að feta einstigið milli hófsemi í mat og drykk og hollrar hreyfingar.

**Hann er sagður vera meira ávanabindandi en annað hættulegasta fíkniefni heims, kókaín.**




## Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Listin að missa bolta

Um síðustu helgi gekk ég um heimili mitt og gerði úttekt á ástandinu. Á eldhúsborðinu súrnaði mjólk í morgunverðarskálum; inni á baði flæddi óhreint tau upp úr þvottakörfunni eins og seigfljótandi kvika sem ógnaði nærliggjandi vistarverum; barnaherbergið var hamfarasvæði þar sem aurskriða af dóti hafði stráfellt heilt Barbie-dúkkuþorp; þótt aðeins örfáar vikur væru til jóla voru engar gjafir komnar í hús, engar sortir bakaðar, engir skápar sótthreinsaðir. Hvert plan dagsins yrði lá í augum uppi: Ég og Netflix, uppi í sófa – kannski smá Facebook á símanum – á meðan tveggja ára sonurinn tæki lúr og fimm ára dóttirin léki sér með iPaddinn.

Facebook kippti mér hins vegar óþyrmilega aftur í land hinna fullorðnu. Á Facebook sá ég mynd af fallega skreyttu jólatré. Við tréð stóð skælbrosandi stúlka sem hélt á diski fullum af piparkökum. Þetta var dóttir vinkonu minnar og bekkjarsystir dóttur minnar.

Ég vissi að ég yrði að gera eitthvað í þessu. Ég lagði frá mér sjónvarpsfjarstýringuna, setti Facebook í vasann, stóð upp úr sófanum og hrópaði: „Allir í föt. Við erum að fara út að kaupa jólatré."

Dóttirin sperrtist við. „En þú sagðir að ég mætti leika með iPaddinn."

„Ekki núna. Við ætlum að eiga huggulega fjölskyldustund hvort sem ykkur líkar betur eða verr."

Gervigráturinn ómaði eins og hljóðútgáfan af pólýester. „En þú sagðir …"

„Hættu þessu væli. Þetta verður frábært. Ég sá það á Facebook."

Við höfum aldrei verið með jólatré áður hér í London og fundum loks hverfisverslun sem seldi jólaskraut. Um leið og við stigum yfir þröskuldinn greip hringrás lífsins í taumana. „Ég þarf að kúka," sagði dóttirin. Eftir leiðangur á illa lyktandi almenningsklósett snerum við aftur í búðina. „Bolti," hrópaði tveggja ára sonur minn, teygði sig eftir jólakúlu og gerði sig líklegan til að dúndra henni í systur sína. „Nei!" hrópaði ég og hrifsaði af honum kúluna. „Komum í eltingaleik," sagði dóttirin og tók á sprett. Sonurinn renndi fingrunum eftir kúlum sem héngu í glampandi röðum á veggjunum og þaut á eftir henni. „Stopp!" Glóandi rauðar kúlur féllu til jarðar eins og brennandi snjókorn í helvíti – sjálfskipuðu helvíti. Ég skreið um gólfið, týndi upp kúlurnar sem skoppuðu um öll gólf og reyndi að brosa framan í afgreiðslukonuna er ég framreiddi heimabakaða afsökun – það eina sem ég mun baka um jólin – syninum til handa: „Hann er ekki búinn að taka lúrinn sinn, greyið." Draumurinn um stílhreint tré í skandinavískum stíl fór fyrir lítið þegar ég henti í óðagoti ósamstæðum jólakúlum í körfu, borgaði og smalaði óstýrilátri hersingunni út.

Við náðum í blómabúðina rétt fyrir lokun. „Trén eru búin í dag. Það koma fleiri á morgun."

Mér féllust hendur. Þetta líktist ekkert því sem ég sá á Facebook.

Á mánudagsmorgun hitti ég vinkonu mína og dóttur hennar á skólalóðinni. „Ég sá að þið áttuð huggulega helgi."

Vinkonan ranghvolfdi augunum. „Suma daga vildi ég að ég yrði fyrir strætó bara svo að ég fengi smá hvíld frá öllu sem þarf að gera."

**Besta jólagjöfin**

Samtíminn er háður annríki. Annríki er keppni, annríki er mælikvarði á mikilvægi okkar, annríki er tilgangur okkar á þessari jörðu. Við berum annríki okkar með stolti eins og fálkaorðu í barmi.

En annríki er líka plága, annríki er smitandi, annríki er faraldur.

Genginn er í garð sá árstími er annríkið nær hámarki. Þegar rétt rúmar tvær vikur eru til jóla er gott að rifja upp listina að missa bolta.

Að horfast í augu við staðreyndir er undarlega valdeflandi: Við getum ekki gert allt. Hvernig væri að sleppa sumu? Jafnvel mörgu?

Besta jólagjöfin sem við getum gefið sjálfum okkur er að missa nokkra af þeim fjölmörgu boltum – eða jólakúlum í ljósi árstímans – sem við berjumst við að halda á lofti. Eins og sonur minn sannaði þegar hann sneri jólabúð hverfisins á hvolf eru afleiðingarnar engar – ekki ein einasta kúla brotnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

netto

# Bókajólin byrja í Nettó




Stúlkan hjá brúnni
**4.549 kr.**




Heklugjá
**4.619 kr.**




Henrí rænt í Rússlandi
**3.299 kr.**




Siggi sítróna
**3.249 kr.**




Þitt eigið tímaferðalag
**3.249 kr.**




Hasim
**4.619 kr.**




Beint í ofninn
**3.299 kr.**




Lára fer til læknis
**1.272 kr.**




Hvað er í matinn?
**3.760 kr.**

Tilboðin gilda 8. - 9. desember

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

# Einblíni bara á hvað ég ætla að gera inn í hringnum í kvöld

Gunnar Nelson snýr aftur inn í UFC-hringinn í nótt þegar hann mætir hinum brasilíska Alex Olivera í Toronto. Gunnar hefur ekkert barist í sautján mánuði en virðist vera í toppstandi og tilbúinn að takast á við brasilíska kúrekann. Hann kveðst vera meðvitaðri um það ef andstæðingar hans fara að reyna augnpot.


Síðasti sigur Gunnars í UFC kom gegn hinum bandaríska Alan Jouban í mars árið 2017. NORDICPHOTOS/GETTY

**MMA** Í nótt snýr Gunnar Nelson aftur í búrið eftir 510 daga fjarveru þar sem hann mætir hinum brasilíska Alex Oliveira. Bardaginn hefst um hálf fjögur í nótt að íslenskum tíma og fer fram í Scotiabank-höllinni í miðborg Toronto. Höllin hýsir einnig lið Toronto í NBA og NHL og búast má við tæplega tuttugu þúsund manns.

Andstæðingur Gunnars í búrinu kallar sig Kúrekann og er í 13. sæti á styrkleikalista UFC fyrir bardagann, einu sæti fyrir ofan Gunnar. Oliveira hefur unnið sex af síðustu sjö bardögum sínum á síðustu tveimur árum og alls unnið nítján af 25 bardögum á ferlinum. Sá brasilíski er með öflug högg og hafa þrettán sigrar af nítján unnist á rothöggi. Alls hefur hann tapað fimm bardögum, þar af þremur á hengingu (e. submission) en einum bardaga lauk með jafntefli.

Þrátt fyrir að sautján mánuðir séu liðnir frá síðasta bardaga virtist Gunnar hinn rólegasti þegar Fréttablaðið fékk að slá á þráðinn til hans í Toronto.

„Mér líður ofboðslega vel, undirbúningurinn hefur gengið frábærlega og ég get ekki beðið eftir því að komast inn í hringinn. Ég finn það að ég er hundrað prósent tilbúinn í þetta. Ég reyni að horfa ekkert á hvað það er langt síðan ég barðist, ég einblíni frekar á það sem ég þarf að gera í hringnum,“ sagði Gunnar.

Hann átti að berjast við Neil Magny í vor en þurfti að draga sig út vegna meiðsla.

„Það var afar svekkjandi að þurfa að hætta við bardagann í Liverpool vegna meiðsla en það er partur af þessu og eitthvað sem ég þurfti að takast á við.“

Gunnar breytti undirbúningnum fyrir þennan bardaga og lagði meiri áherslu á styrktaræfingar.

„Við lögðum meiri áherslu á styrktar- og úthaldsæfingar og ég fékk sérstakan þjálfara, Unnar Helgason, sem stýrði þeirri æfingaáætlun. Ég æfði bara á Íslandi í aðdraganda bardagans og undir hans handleiðslu tvisvar til þrisvar í viku og það hefur breytt heilmiklu,“ sagði Gunnar sem virkar í toppstandi og finnur mikinn mun í endurhæfingu.

> Þetta er fjórði bardagi Gunnars gegn brasilískum andstæðingi. Hann hefur unnið tvo þeirra og tapað einum til þessa.

„Æfingaálagið jókst með þessum nýju æfingum og fituprósentan fór eflaust eitthvað aðeins niður en ég finn mestan mun í endurhæfingunni. Ég gat æft meira og betur og það skilar sér vonandi í kvöld gegn Alex.“

Hann segist hafa skoðað Alex vel í aðdraganda bardagans

„Við höfum skoðað hann vel og erum með eitthvað í pokahorninu til að nota gegn honum. Ég hef fylgst með honum frá því að hann kom í UFC og þekki það vel hvernig hann vill berjast,“ sagði Gunnar um Alex sem barðist síðast í september.

Aðspurður sagðist hann ekki telja að það væri þeim brasilíska í hag hve stutt er síðan hann barðist síðast.

„Ég held ekki, nei. Ég hef áður tekið svona langan tíma á milli bardaga og það truflaði mig ekki.“

Þegar það var borið undir hann hversu stór bardagi þetta væri fyrir ferilinn sagðist Gunnar alltaf horfa á næsta bardaga sem þann stærsta.

„Ég lít alltaf bara á það þannig að næsti bardagi sé sá stærsti, sérstaklega þegar það líður svona langur tími á milli, þá skiptir það heilmiklu máli. Sigur myndi opna ýmsar dyr og það er á áætlun, ég hugsa ekkert út í möguleikann að tapa.“

Í síðasta bardaga Gunnars komst Argentínumaðurinn Santiago Ponzinibbio upp með að pota í augu Gunnars. Hann segist vera meðvitaðri um hættuna á því fyrir bardaga kvöldsins.

„Þetta hefur vakið ákveðna meðvitund hjá manni um að taka eftir þessu og láta menn ekki komast upp með slík brögð.“

kristinnpall@frettabladid.is

# Langar að koma mér aftur í landsliðið


Arnór reyndist Lilleström afar dýrmætur á lokasprettinum. MYND/LILLESTRÖM

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Arnór Smárason náði ferli sínum á gott flug á nýjan leik þegar hann gekk til liðs við norska liðið Lilleström frá sænska liðinu Hammarby um mánaðamótin júlí og ágúst. Á þeim tíma var Lilleström að ganga í gegnum þjálfaraskipti, en við liðinu tók Jörgen Lennartsson sem þekkti til Arnórs eftir að hafa leikið gegn honum í Svíþjóð.

„Ég hafði verið að glíma við meiðsli hjá Hammarby og var dottinn út úr liðinu og það hentaði mér bara vel að gera stuttan samning við Lilleström til þess að fá meiri spiltíma. Jörgen mundi eftir mér eftir að við mættumst fjölmörgum sinnum í Svíþjóð og hann lagði áherslu á að fá mig til liðsins. Það var þægilegt tilfinning að vera kominn aftur í lið þar sem ég var í lykilhlutverki eftir erfiða tíma hjá Hammarby,“ segir Arnór í samtali við Fréttablaðið.

Hann var settur í nýja stöðu.

„Þarna var ég settur í hlutverk falskrar níu fyrir aftan framherja og var í nokkuð frjálsu hlutverki. Mér gekk vel persónulega og liðinu tókst að bjarga sér frá falli þannig að þetta gat bara ekki farið betur. Ég skoraði sjö mörk í 13 deildarleikjum og lagði upp nokkur mörk fyrir samherja mína og ég var bara mjög sáttur við eigin frammistöðu,“ segir hann enn fremur um tíma sinn hjá Lilleström.

„Eftir tímabilið hef ég fundið fyrir þó nokkrum áhuga frá liðum á kröftum mínum. Það er góð tilfinning að vera kominn aftur á flug og að geta valið úr tilboðum. Ég verð samningslaus í desember og býst við að taka ákvörðun öðrum hvorum megin við næstu áramót um hvar ég mun spila í framhaldinu. Lilleström er búið að bjóða mér nýjan samning og svo er ég kominn með tilboð frá tveimur öðrum norskum liðum. Það eru svo einhverjar fyrirspurnir frá liðum annars staðar í Skandinavíu og einnig annars staðar en í Evrópu,“ segir hann um framtíðina hjá sér.

„Nú er bara að vega og meta það sem mér býðst og taka góða ákvörðun fyrir mig. Ég þarf líka að passa upp á það að finna lið þar sem mér er ætlað stórt hlutverk. Mig langar mjög mikið að koma mér inn í landsliðshópinn á komandi ári og til þess að svo geti farið verð ég að spila reglulega og standa mig vel áfram. Ég býst við því að verða valinn í landsliðsverkefnið sem verður í janúar og er staðráðinn í að sýna mig og sanna þar,“ segir Skagamaðurinn enn fremur. – hó


Oliver Stefánsson og Ísak Bergmann.

# Tveir ungir Skagamenn til Norrköping

**FÓTBOLTI** Skagamennirnir Ísak Bergmann Jóhannesson og Oliver Stefánsson hafa gengið til liðs við sænska liðið Norrköping frá ÍA. Ísak Bergmann er 15 ára gamall, en hann spilaði einn leik fyrir meistaraflokk ÍA í Inkasso-deildinni í sumar. Hann hefur leikið sjö leiki með U-17 ára landsliði Íslands og skorað í þeim leikjum sjö mörk og sjö leiki með U-16 ára landsliðinu þar sem hann skoraði tvö mörk.

Oliver sem er 16 ára gamall hefur sömuleiðis spilað einn leik með meistaraflokki ÍA, en það gerði hann í Inkasso-deildinni í sumar. Hann á að baki einn leik með U-18 ára landsliði Íslands, sjö leiki með U-17 ára landsliðinu þar sem hann skoraði eitt mark og þrjá leiki með U-16 ára landsliðinu.

Ísak Bergmann og Oliver eru að fylgja í fótspor Arnórs Sigurðssonar sem gekk ungur til liðs við Norrköping og fór svo til CSKA Moskvu fyrr á þessu ári. Guðmundur Þórarinsson og Alfons Sampsted eru svo á mála hjá sænska liðinu. Þá léku Skagamennirnir Garðar Gunnlaugsson Þórður og og Stefán Þórðarsynir með Norrköping. Einnig hafa Arnór Ingvi Traustason, Jón Guðni Fjóluson, Gunnar Heiðar Þorvaldsson, Birkir Kristinsson, Guðmundur Viðar Mete og Gunnar Þór Gunnarsson leikið með sænska liðinu. – hó

# Grétar Rafn ráðinn til starfa hjá Everton

**FÓTBOLTI** Grétar Rafn Steinsson, sem sinnt hefur starfi yfirmanns knattspyrnumála hjá enska knattspyrnufélaginu Fleetwood Town síðan árið 2015, var í gær ráðinn yfirnjósnari fyrir Evrópu hjá enska úrvalsdeildarfélaginu Everton.

Grétar Rafn endurnýjar þar kynni sín við Hollendinginn Marcel Brands sem starfar sem yfirmaður knattspyrnumála hjá Everton, en Brands var yfirmaður knattspyrnumála hjá hollenska félaginu AZ Alkmaar þegar Grétar var leikmaður þar á árunum 2006-2008.


Grétar Rafn Steinsson

Hjá Everton hittir Grétar Rafn fyrir fyrrverandi samherja sinn hjá íslenska landsliðinu, Gylfa Þór Sigurðsson. Grétar Rafn hefur getið sér gott orð fyrir vinnu sína við að finna unga og efnilega leikmenn fyrir Fleetwood Town og þróa þá í átt að því að leika með aðalliði félagsins. Hann á að einblína á Evrópu í starfi sínu sem njósnari og hafa augun opin þar fyrir bæði ungum og efnilegum leikmönnum sem og eldri aðalliðsleikmönnum sem henta vel fyrir leikmannahóp Everton. – hó




**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




400g

295
kr. 400 g

**Bónus Piparkökur**
400 g

**SKREYTUM**
piparkökur




895
kr. pk.

**Glassúr - 5 litir**
5 x 120 g




8.900
kr. stk.

**Philips Senseo**
Kaffivél




Aðeins
98kr.
flaskan

588
kr. kippa

**Coca-Cola Kippa**
Gler, 6x250 ml

4x1,5L




698
kr. 4x1,5 l

**Coca-Cola kippa**
4x1,5 lítrar

**SAMA VERÐ**
**UM LAND ALLT**

**Opið til kl. 19:00**
**í öllum verslunum Bónus í dag**



198
kr. stk.

**Diana Kubbakerti**
12x6 cm, rautt eða hvítt.



259
kr. stk.

**Diana Kubbakerti**
12x7 cm, rautt eða hvítt.



8stk.

498
kr. pk.

**Stearin Kerti**
24 cm, 8 stk., rauð eða hvít

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Bókajól í BÓNUS

1. **Stúlkan hjá brúnni**
   Arnaldur Indriðason
2. **Brúðan**
   Yrsa Sigurðardóttir
3. **Útkall - Þrekvirki í Djúpinu**
   Óttar Sveinsson
4. **Þitt eigið tímaferðalag**
   Ævar Þór Benediktsson
5. **Siggi sítróna**
   Gunnar Helgason
6. **Hornauga**
   Ásdís Halla Bragadóttir
7. **Þorpið**
   Ragnar Jónasson
8. **Orri óstöðvandi**
   Bjarni Fritzson
9. **Lára fer til læknis**
   Birgitta Haukdal
10. **Beint í ofninn**
    Nanna Rögnvaldsdóttir
11. **Ungfrú Ísland**
    Auður Ava Ólafsdóttir
12. **Kaupthinking**
    Þórður Snær Júlíusson
13. **Sextíu kíló af sólskini**
    Hallgrímur Helgason
14. **Jólalögin okkar**
    Nanna Rögnvaldsdóttir
15. **Krýsuvík**
    Stefán Máni




**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN

### Ljóðasafn Ólafs

Hundrað ár eru frá fæðingu Ólafs Jóhanns Sigurðssonar. Ljóðasafn hans er komið út og allir sem unna íslenskum skáldskap þurfa að eignast það. Vésteinn Ólafsson skrifar ítarlegan formála.



### Mowgli í leikstjórn Andy Serkis

Ævintýrið um Mowgli í leikstjórn Andy Serkis hefur verið tekið til sýninga á Netflix. Serkis þykir einstaklega fær um að vekja til lífsins furðuverur á skjánum með aðstoð tækninnar, eins og sjá mátti í Lord of the Rings og Planet of the Apes.

### Grænkerakrásir Guðrúnar Sóleyjar

Ótal rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif af neyslu grænmetis á heilsuna. Í nýrri matreiðslubók fjölmiðlakonunnar Guðrúnar Sóleyjar Gestsdóttur er ekki boðuð meinlætastefna eða megrun heldur byggir hún á mannúð. Þar er að finna fjölda girnilegra rétta. Við mælum sérstaklega með uppskrift að buffaló blómkálsvængjum.



### Ungfrú Ísland

Ný skáldsaga Auðar Övu fékk nærri fullt hús í dómi gagnrýnanda Fréttablaðsins. „Frábær skáldsaga, full af dýpt og ríkum mannskilningi. Verk sem mun lifa.“



### Home Alone í Bíói Paradís

Það er alveg upplagt að keyra jólastemninguna í gang með því að skella sér með börnunum á jólapartísýningu á hinni sígildu gamanmynd Home Alone í Bíói Paradís í dag. Fáar myndir eru jafn vel til þess fallnar að vekja jólabarnið í hjartanu. Tvær sýningar eru í boði, klukkan 15 og 20.





Hjördís og Elíza Gígja, fimmtán ára, sem er er ánægð með ferðalagið til Úganda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Út úr „unglingakassanum“

Elíza Gígja Ómarsdóttir er fimmtán ára gömul og fór fyrr í vetur til Úganda til að varpa ljósi á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Hún er mjög opin og staðföst, hún þorir að fara út fyrir „unglingakassann“ segir Hjördís Guðmundsdóttir, móðir hinnar fimmtán ára gömlu, Elízu Gígju sem ferðaðist nýverið til Úganda á vegum Sameinuðu þjóðanna.

„Við vorum uppi í sumarbústað og mamma minntist á þetta verkefni. Að það væri verið að leita að unglingi fæddum 2003 sem væri tilbúinn að fara út og taka þátt í heimildarþáttaröð um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Mér fannst þetta spennandi,“ segir Elíza Gígja og segist hafa ákveðið að sækja um. Hún sendi inn myndband með kynningu á sér og svo annað með frásögn frá degi í lífi sínu. Eftir það var hún boðuð í viðtal.

„Ég vissi auðvitað strax að hún væri algjörlega týpa í þetta. En á sama tíma er það áskorun. Elíza Gígja er eins og flestir unglingar en hún er samt mjög sterk og tilbúin að standa með sjálfri sér,“ segir Hjördís sem segist hafa hvatt hana áfram til þess að líta á ferlið sem undirbúning undir það að fara seinna á ævinni í atvinnuviðtal.“

„Nokkrum dögum eftir viðtalið þá fékk mamma símtal um að ég hefði verið valin. Ég fékk ekki að vita neitt. Hún sagði pabba og litlu systur minni fréttirnar. Ég fór á fótboltaæfingu. Eftir leikinn þá var systir mín að keppa á sama velli og ég var á hliðarlínunni og horfði á hana með vinkonum mínum. Þær allar sem sátu með mér vissu þetta. Svo birtist bara Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra á völlinn og tilkynnti að ég hefði verið valin til að fara til Úganda,“ segir Elíza Gígja frá.

Elíza Gígja fékk myndavél og fékk það verkefni að taka upp myndskeið úr eigin lífi. „Ég var alltaf með þessa myndavél og reyndi að taka upp öll kvöld,“ segir hún.

Hún og mamma hennar ferðuðust til Úganda í september. „Þetta var langt ferðalag, það tók rúma þrjátíu tíma. Við stoppuðum í París. Fórum þaðan til Úganda og enduðum í litlum bæ, Muvo,“ segir Elíza Gígja.

Elíza Gígja kynntist stelpu á svipuðum aldri og hún sjálf. „Hún heitir Friður og við fengum að sjá hvernig lífi hún lifir og heimsóttum skólann hennar. Hún býr við mikla fátækt,“ segir Hjördís.

„Það sem maður hefur áður séð á skjánum var nú bara beint fyrir framan mig. Í þetta þorp var kominn vatnspóstur sem hefur breytt lífi fólks. Sérstaklega stelpna. Nú tekur það ekki jafn langan tíma að sækja vatn þannig að þær komast frekar í skólann,“ segir Elíza Gígja.



Hjördís hjálpar til við að bera vatn í Muvo.



Með ungu fólki í Kampala í Úganda.

„Svo fórum við til Kampala, sem er höfuðborgin og þar kynntist ég annarri stelpu vel. Aðstæður hennar voru betri en Friðar en á okkar mælikvarða ööruvísi. Hún átti sjónvarp og rúm og allt sem hún þurfti en þetta var allt gamalt og lúið,“ segir hún.

„Hennar líf var mjög frábrugðið mínu. Hún bjó á heimavist og hitti fjölskyldu sína aðeins á sunnudögum. Hún og vinkonur hennar máttu ekki spila fótbolta í skólanum. Þær spiluðu í staðinn eins konar netbolta. Íþrótt sem er líkari körfubolta,“ segir Elíza Gígja.

„Símar eru líka illa séðir í skólanum og á heimavistinni. Ef krakkar nást með síma á skólalóðinni þá er hann bara tekinn og mölvaður fyrir framan þau. Það yrði allt snarvitlaust ef það væri gert á Íslandi,“ segir hún.

Hún segir að þrátt fyrir boð og bönn sé líf unglinga í Kampala í Úganda ekki mjög frábrugðið lífi íslenskra unglinga.

„Þær stelpur sem ég kynntist í Kampala hittast líka, fá sér eitthvað að borða og hanga. En þær fara ekki að versla, heldur skoða og láta sig dreyma um hluti. En líf Friðar er verulega frábrugðið því sem við eigum að venjast. Hún býr við raunverulegan skort og hefur ekki sömu tækifæri og við.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Meira um ævintýri Elízu í Úganda á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**


Keiluhöllin
EGILSHÖLL
UFC
UFC
231
UFC231
Í KVÖLD
OLIVEIRA
VS NELSON
Tryggðu þér
áskrift á
stod2.is
SPORT
KAUPTU STAKAN VIÐBURÐ:
vodafone
Síminn













MYNDIR ÚR FERÐALAGI ELÍZU GÍGJU TIL ÚGANDA.

## Speglar tilveruna í ljósi heimsmarkmiða



Elíza Gígja var fulltrúi íslenskra unglinga í Úganda og var ætlað að spegla eigin tilveru í samanburði við jafnaldra í Úganda í ljósi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Elíza Gígja fór á vegum utanríkisráðuneytisins fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Kastljósinu er beint að þróunarsamvinnu á vegum utanríkisráðuneytisins. Úganda er annað tveggja samstarfslanda Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.

**Heimsmarkmiðin 17**

**1.** Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar.
**2.** Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.
**3.** Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.
**4.** Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.
**5.** Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efld.
**6.** Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu.
**7.** Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.
**8.** Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
**9.** Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.
**10.** Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.
**11.** Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær.
**12.** Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.
**13.** Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
**14.** Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun.
**15.** Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, sjálfbærri stjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.
**16.** Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla menn, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla menn á öllum sviðum.
**17.** Styrkja framkvæmd og blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun.



„Stíflan er bara ferli. Hún er leiðin að því sem þú vilt gera. Þetta er eins og að klífa hæð eða fjall. Maður þarf bara að komast upp á toppinn til að hafa yfirsýn.," segir Ólafur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vill hafa áhrif á heiminn með tónlistinni

Eitt fremsta tónskáld Íslands, **Ólafur Arnalds**, hefur gefið út nýja plötu, re:member. Hann hefur farið sigurför um heiminn með tónlist sína og meðal annars unnið til BAFTA-verðlauna. Hann segir að tónlistin færi fólk saman og myndi tengingar, óháð samtölum.

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Tónskáldið og BAFTA-verðlaunahafinn Ólafur Arnalds hefur verið á ferð og flugi um heiminn undanfarið að kynna nýju plötuna sína re:member. Hann mun enda viðburðaríkt ár hér heima með tónleikum í Eldborg í Hörpu þann 18. desember. Nýja platan er óður til sköpunargleðinnar og þeirrar tilfinningar sem listamenn fá þegar þeir skapa og ákveðið ástand myndast, flæði.

Við Ólafur tyllum okkur í hlýjum húsakynnum Iðnó við tjörnina á köldum en björtum laugardegi. Hann er við það að hefja nýtt ferðalag hinum megin á hnöttinn, til Ástralíu.

„Sköpunargleði er orð sem er ekki til í enskri málfræði. Ég fór að skoða þetta betur þegar ég var að glíma við ritstíflu, áður en ég náði að sætta mig við hana," segir Ólafur. Hann líkir ritstíflu við að klífa fjall. „Stíflan er bara ferli. Hún er leiðin að því sem þú vilt gera. Þetta er eins og að klífa hæð eða fjall. Maður þarf bara að komast upp á toppinn til að hafa yfirsýn. Því hærra sem fjallið er því betra útsýni færðu. Mér líður oft eins og ritstíflan sé frábær og því stífari sem hún er því betri hugmynd fæ ég á endanum. Hugmyndir koma úr öllu í kringum mig. Lífsreynslu, upplifunum, umhverfinu, ýmsum tilfinningum sem ég finn. Heilinn er svo virkur, maður er alltaf að uppgötva eitthvað nýtt. Ég kvarta ekki undan ritstíflunni lengur, ég vinn mig í gegnum hana."

Áður en að platan re:member varð til var Ólafur fastur í tvo til þrjá mánuði. Hann uppgötvaði, eftir að hafa kynnt sér kenningar um taugaheilavísindi, ástand sem kallast flæði.

„Þetta er tilfinningin sem maður fær þegar maður er að vinna í einhverju og gleymir alveg tímanum, óháð því hvað maður er að gera. Þú getur verið að skrifa inn í Excel, skapa list eða vinna eitthvert verkefni sem þú sekkur algjörlega inn í og allt í einu eru liðnir fjórir klukkutímar. Maður gleymir sér alveg. Þetta kallast flæði, eða „flow state". Ég las bók eftir vísindamanninn Mihaly Csikszentmihalyi sem uppgötvaði þetta fyrir rúmum 40 árum. Þetta varð svo hugmyndafræðin að baki plötunnar."

**Praktískt að tónlistin sé glaðleg**

Ólafur hefur undanfarin misseri unnið að ýmsum verkefnum og má þar nefna tónlist fyrir sjónvarpsþáttaraðirnar Broadchurch, Philip K. Dick's Electric Dreams, plötu undir nafninu Island Songs og einnig með rafsveitinni Kiasmos.

„Ég vann mikið með Kiasmos sem er teknóband. Við ferðuðumst um allan heim og spiluðum á fjölda tónleika. Það var eitthvað svo nýtt fyrir mér að vera uppi á sviði og sjá fólk dansa," segir Ólafur sem hefur iðulega samið undir formerkjum nýklassíkur. Ólafur hefur unnið með ljúfan og örlítið melankólískan píanóleik ásamt mörgum fallegum hljóðfærum á borð við Stratus. Stratus er sérsmíðaður píanóhugbúnaður sem Ólafur og Halldór Eldjárn hönnuðu í sameiningu og gerir Ólafi kleift að spila á þrjú píanó í einu. Hugbúnaðurinn nemur hvað Ólafur spilar og sendir skilaboð í tvö sjálfspilandi píanó sem spila með honum, oft á vegu sem koma höfundunum sjálfum á óvart. Stratus notaði Ólafur sem innblástur fyrir nýju plötuna og það fylgir honum sömuleiðis á tónleikaferðalaginu.

„Ég tók það með mér í veganesti eftir Kiasmos að vera uppi á sviði og sjá bros og fólk að hreyfa sig og dansa. Mér fannst það gefa mér eitthvað og það gerði mig glaðan. Mig langaði því með þessari nýju plötu að fá meiri gleði inn í tónlistina og allt sem er á plötunni snýr að því. Ég vildi að það skini í gegn að mér þótti gaman að gera lögin, sama þótt það sé sorglegt lag, glaðlegt lag eða eitthvert annað lag," segir Ólafur.

> ÞAÐ VAR ÞANNIG AÐ ÉG VILDI ALDREI LÁTA SEGJA MÉR HVAÐ ÉG ÆTTI AÐ GERA, ÉG VILDI FREKAR SEMJA. ÞAÐ VAR EITTHVAÐ MJÖG FRUMSTÆTT Í MÉR.

„Ég fór að hugsa um afleiðingarnar af því sem maður setur á plötu. Þegar maður er búinn að gefa út plötu, þá er það ekki bara búið og maður getur farið að gera eitthvað annað. Tónleikar taka við og maður þarf að fara að spila tónlistina af plötunni á kannski 200 tónleikum. Ég er því fastur með efnið sem ég set á plötuna. Ef ég vil vera glaður þessi 200 kvöld þá er fínt að hafa tónlist sem er glaðleg. Það er svolítið praktískt."

**Þörfin að semja kom snemma**

Ólafur fann fyrir þörf til að semja tónlist nánast um leið og hann snerti hljóðfæri í fyrsta sinn. Hann var sendur í tónlistarskóla þegar hann var fimm ára gamall. „Það var þannig að ég vildi aldrei láta segja mér hvað ég ætti að gera, ég vildi frekar semja. Það var eitthvað mjög frumstætt í mér. En á þeim tíma kunni ég örfá grip á gítar og svipað á píanó. Ég man bara að ég vildi aldrei spila eftir nótunum, ég vildi alltaf prófa eitthvað nýtt," segir Ólafur.

Hann segir að sólóverkefnið sitt, að vinna með píanóstrengi, hafi byrjað þegar hann var 15 ára gamall. „Þessi klassíski stíll. Ég fór að uppgötva kvikmyndatónlist og mig langaði alltaf að verða kvikmyndatónskáld. En það vildi enginn ráða 16 ára unglíng í bíómyndirnar sínar," segir Ólafur og hlær. „Ég fór því að semja tónlist og setja hana á netið. Ég varð því ekki kvikmyndatónskáld heldur fór að gefa út plötur. Ég fór ekki að gera tónlist í kvikmyndir fyrr en eftir að fólk var búið að uppgötva mig í gegnum það að gera plötur og það var bara nauðsynlegt. Ég ætlaði í raun aldrei að gera það sem ég er að gera núna. Það var alveg óvart."

Það getur verið skemmtilegt hvert lífið leiðir mann. Nýklassík með popptónlistarívafi er mikil nýjung og ekki algengt að tónskáld sem semja fyrir sinfóníuhljómsveitir hafi ótal fylgjendur á Instagram og fylli tónleikahallir með stórri ljósasýningu og blikkandi stróbljósum.

„Í klassískri tónlist ertu bara tónskáld og sinfóníuhljómsveit flytur verkið þitt, þú ert ekki einu sinni á staðnum á meðan," segir Ólafur og hlær. „Mér finnst gaman að ég hafi dottið inn á þessa braut bara alveg óvart. Því ég var kannski að reyna að vera eitthvað annað, reyna að vera eins og hinir. En það bara tókst ekki."

*Er það ekki ákveðinn léttir, að fatta það að maður þurfi ekki að vera eins og aðrir og geti farið eftir eigin innsæi og verið maður sjálfur?*

„Jú, en ég fæ kannski ekki þá tilfinningu. Maður heldur alltaf ➡

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

# ÚRVALSBÆKUR

Allar tilnefndar bækur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna
fást á forlagsverði í bókabúð Forlagsins á Fiskislóð

## FAGURBÓKMENNTIR




4.290 Kr. | 5.990 Kr. | 5.990 Kr. | 5.690 Kr. | Var: 5.990 kr. Nú: 5.290 Kr.

## BARNA- OG UNGMENNABÆKUR




4.290 Kr. | 4.290 Kr. | 4.290 Kr. | 5.990 Kr. | 4.290 Kr.

## FRÆÐIRIT OG BÆKUR ALMENNS EFNIS




3.490 Kr. | 14.990 Kr. | 5.990 Kr. | Var: 5.990 kr. Nú: 5.290 Kr. | 5.190 Kr.

**JÓLADAGATAL:** Einn heppinn viðskiptavinur á dag fær gjöf

Opið 11–17 laugardag og sunnudag

Næg bílastæði og heitt á könnunni




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–17 | **www.forlagid.is**

að maður sé að gera mistök. Það er í eðli listamannsins og í eðli fólks almennt að upplifa svikaraheilkenni [e. imposter syndrome]. Maður lítur alltaf upp til hinna," segir Ólafur.

„Þegar ég heyrði um þetta svikaraheilkenni þá fór ég að lesa mér til um þetta og ég held að það sé stór hluti fólks sem þjáist af þessu og margir alvarlega. Þetta hefur hamlandi áhrif á listamenn og einnig listamenn sem njóta mikillar velgengni. Þetta er tilfinning eins og maður sé alltaf að þykjast. „Ég kann ekki neitt, af hverju halda allir að ég kunni eitthvað?" Ég hef alveg verið að takast á við þetta. Ég bíð í raun eftir því að fólk í list fari að tala um þetta af einhverri alvöru. Geðsjúkdómar meðal tónlistarfólks eru mjög algengir til dæmis. Ekki það að fólk verði tónlistarfólk út af því að það sé með geðsjúkdóma heldur vegna þess að þessi bransi hefur þau áhrif. Það er aldrei talað um þetta því þetta á að vera eitthvert svona draumastarf."

Í þessu samhengi segir Ólafur það alltaf vera fremur stressandi að spila á Íslandi. „Ég verð alltaf svo meðvitaður þegar ég kem hingað. Það er ekkert mál að spila í Royal Albert Hall, en þegar ég kem hingað heim þá verð ég stressaður," segir Ólafur.

„Ætli það sé ekki egóið í manni. Maður verður að sýna Íslendingum að maður geti eitthvað í raun og veru og standi undir nafni. Fólk er að lesa um tónleika mína og verkefni í blöðunum og því þarf ég að standa mig. Svo eru mamma og pabbi í salnum og svona og allir vinir mínir. Það hefur vissulega áhrif. En ég hlakka þó til að sýna samlöndum mínum hvað ég er að gera. Það er mjög sjaldgæft að ég fái að sýna það hérna heima almennilega hvað ég er að gera. En núna erum við að flytja inn gám af græjum og ég get loksins sýnt ykkur."

**Listasamfélagið á Balí**

Það er mikilvægt að geta aftengt sig og átt góðan stað til hvíldar eftir stór verkefni og það er einmitt það sem Ólafur hefur skapað sér. Hann hefur aðsetur á eyjunni Balí í Indónesíu. Þar hefur hann athvarf þar sem hann getur stundað jóga og skapað tónlist í fallegu og rólegu umhverfi. Hann ætlaði sér aldrei að fjárfesta í fasteign utan landsteina heimalandsins en fékk tilboð sem erfitt var að hafna.

„Það var fjölbreytt flóra af fólki í listabransanum sem ákvað að búa til smá kommúnu þarna. Mér var boðið að vera með og þetta hljómaði svo vel að ég ákvað að kýla á það," segir Ólafur.

„Við byggðum öll á sama landsvæðinu og erum öll nágrannar. Þetta er fólk alls staðar að úr heiminum og þarna hefur myndast lítið samfélag af lista- og jógafólki. Þarna er fólk sem á jógastúdíó víða um heim, einn listmálari, frægur rappari og fleiri. Við leigjum þetta svo til annars listafólks þegar við erum ekki á staðnum. Það er gott að koma þarna og fylla sig af innblæstri, náttúru og rækta hugann."

Ólafur segist hafa fundið sig í jóga og hugleiðslu, þar sem allt er rólegt og afslappað. Hefðbundin líkamsrækt eigi ekki við hann enda ekki vott af keppnisskapi að finna í honum. „Mér finnst leiðinlegt að hlaupa og leiðinlegt í ræktinni. Ég get ekki verið á svona stöðum þar sem eru skær ljós og brjáluð tónlist í gangi og manneskja með míkrófón sem öskrar á mig. Það er bara minn mesti ótti," segir hann og hlær. „Jóga er það eina sem höfðar til mín, til að rækta líkama og sál. Við hugsum reyndar alltaf um líkama og sál sem tvo aðskilda hluti en þeir eru reyndar það sama. Á meðan við förum í líkamsrækt þurfum við líka að fara í hugarrækt. Þetta tengist allt og vinnur saman," segir Ólafur. „Ég finn mikið fyrir því þegar ég er búinn að vera svona í burtu, að ná að fara í tvo jógatíma gerir gæfumuninn fyrir mig. Allt í einu er ég bara kominn til lífsins á ný."



**„Þá fór ég að lesa mér til um þetta og ég held að það sé stór hluti fólks sem þjáist af þessu og margir alvarlega," segir Ólafur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ÞAÐ VAR FJÖLBREYTT FLÓRA AF FÓLKI Í LISTABRANSANUM SEM ÁKVAÐ AÐ BÚA TIL SMÁ KOMMÚNU ÞARNA. MÉR VAR BOÐIÐ AÐ VERA MEÐ

**Tónlistin mikilvægt tól**

Ólafur hefur troðið upp víða um heim. Einnig á stöðum sem margir ferðast síður til vegna stríðsástands og umfjöllunar í fjölmiðlum sem gefur síður fallega mynd. Ólafur hefur spilað í Íran og Pakistan og á fleiri stöðum sem þykja hættulegir.

„Tónlistin hefur leitt mig á alls konar staði sem ég gæti aldrei annars farið til. Þetta eru staðir sem maður heldur að séu hættulegir út af frásögnum í fjölmiðlum um stríð og annað. Þetta eru staðir sem mörgum dettur ekki í hug að fara á. Íran er til dæmis eitt fallegasta land sem ég hef komið til á ævinni. Ég hef aldrei kynnst menningu sem er svona gestrisin," segir hann.

„Það áhugaverðasta við tónlist, og þetta spái ég mikið í, er að tónlist tjáir eitthvað sem við getum ekki tjáð. Við getum eiginlega ekki einu sinni útskýrt það. Við höfum tilhneigingu til að segja að þetta sé sorgleg tónlist eða glaðleg tónlist en það er ótrúlega mikil einföldun á tjáningunni sem er undir í tónlistinni," segir Ólafur.

„Fólk hefur mismunandi bakgrunn, talar mismunandi tungumál, iðkar mismunandi trúarbrögð og hefur mismunandi skoðanir. En svo kemur maður með tónlist og þá horfist fólk, sem venjulega er í stríði við hvert annað, í augu og tengist í gegnum tónlistina. Að sitja inni í tónleikasal og svo hefst lag, það getur látið þig tárast og einnig manneskjuna við hliðina á þér. En á sama tíma gætuð þið ekki talað saman því þá yrðu átök. Sambönd og tengingar myndast ekki endilega út af samtölum. Ég og þú, við þurfum ekki endilega að skilja hvort annað en ef við upplifum það sama þá myndast einhvers konar tenging. Það má segja að það sé mín vegferð að ferðast um heiminn og mynda tengingar á milli fólks. Mér finnst þetta mikilvægt. Mér finnst tónlist sem ferðast um heiminn vera mikilvægt tól til að koma mannkyninu á annað stig," segir Ólafur að lokum áður en hann heldur út á Keflavíkurflugvöll.

# JÓLAFJÖR BRIMBORGAR!

*Jólatilboð á glæsilegum nýjum bílum!*

**Opið 12-16 í dag!**

***Komdu í JÓLAFJÖR í Brimborg!***
Við bjóðum um 500 mismunandi gerðir fólksbíla og atvinnubíla frá fimm bílaframleiðendum. Komdu. Gerðu jólabílakaupin í Brimborg.
***– Við eigum rétta bílinn fyrir þig!***

ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA — ALLT Á EINUM STAÐ

## FORD FIESTA TREND EDITION

**1,1i bensín, 85 hestöfl, 5 dyra og beinskiptur**
Vetrardekk frítt með ef gengið er fá kaupum fyrir 20. des.
Aukabúnaður í tilboðsbílum: Málmlitur

**- 300.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



Verð með málmlit: 2.555.000 kr.
**Jólatilboð: 2.255.000 kr.**

## CITROËN C4 CACTUS FEEL

**1,2 bensín, 110 hestöfl, beinskiptur**
**Einnig fáanlegur sjálfskiptur á tilboði**
Sannkölluð Citroën þægindi!

**- 300.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



Verðlistaverð með málmlit 3.090.000 kr.
**Jólatilboð: 2.790.000 kr.**

## MAZDA2 NISEKO

**1,5 bensín, 90 hestöfl, beinskiptur**
**Einnig fáanlegur sjálfskiptur á tilboði**
Einstök hönnun og akstursupplifun, vel búinn bíll.

**- 250.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



Verð með málmlit: 2.600.000 kr.
**Jólatilboð: 2.350.000 kr.**

## VOLVO V40CC

**D2 Momentum, 120 hestöfl, sjálfskiptur**
Volvo V40 Cross Country er hannaður fyrir ævintýralegt líf í borg og bæ. Með notendavænni tækni og nútímalegri hönnun er valið augljóst.

**- 626.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



VOLVO 30 ÁR HJÁ BRIMBORG

Verð með leiðsögukerfi: 4.916.000 kr.
**Jólatilboð: 4.290.000 kr.**

## PEUGEOT 2008 ACTIVE

**1,2 bensín, 82 hestöfl, beinskiptur**
**Einnig fáanlegur sjálfskiptur á tilboði**

**- 300.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



Verðlistaverð með málmlit og nálægðarskynjurum: 2.900.000 kr.
**Jólatilboð: 2.600.000 kr.**

***– Komdu í reynsluakstur í dag!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

| Brimborg Reykjavík | Brimborg Reykjavík | Brimborg Akureyri | Opið virka daga 9-17 |
|---|---|---|---|
| Bíldshöfða 6 | Bíldshöfða 8 | Tryggvabraut 5 | laugardaga 12-16 |

**brimborg.is**




32% afsláttur

**4.699 kr**
fullt verð 6.999 kr




34% afsláttur

**4.599 kr**
fullt verð 6.999 kr




33% afsláttur

**4.999 kr**
fullt verð 7.499 kr




33% afsláttur

**4.999 kr**
fullt verð 7.499 kr




32% afsláttur

**4.699 kr**
fullt verð 6.999 kr




28% afsláttur

**4.989 kr**
fullt verð 6.999 kr




32% afsláttur

**4.699 kr**
fullt verð 6.999 kr




32% afsláttur

**4.699 kr**
fullt verð 6.999 kr




28% afsláttur

**4.999 kr**
fullt verð 6.999 kr




29% afsláttur

**11.999 kr**
fullt verð 16.999 kr




30% afsláttur

**4.899 kr**
fullt verð 6.999 kr




27% afsláttur

**4.689 kr**
fullt verð 6.499 kr




26% afsláttur

**2.799 kr**
fullt verð 3.799 kr




30% afsláttur

**4.199 kr**
fullt verð 5.999 kr




26% afsláttur

**4.989 kr**
fullt verð 6.799 kr




30% afsláttur

**4.199 kr**
fullt verð 5.999 kr




30% afsláttur

**3.499 kr**
fullt verð 4.999 kr




30% afsláttur

**3.499 kr**
fullt verð 4.999 kr




25% afsláttur

**2.999 kr**
fullt verð 3.999 kr




22% afsláttur

**3.399 kr**
fullt verð 4.399 kr

Gildir út 9. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

# JÓLABÆKUR Í MIKLU ÚRVALI




26% afsláttur

**4.399 kr**
fullt verð 5.999 kr




29% afsláttur

**5.299 kr**
fullt verð 7.499 kr




28% afsláttur

**4.989 kr**
fullt verð 6.999 kr




25% afsláttur

**5.199 kr**
fullt verð 6.999 kr




34% afsláttur

**4.599 kr**
fullt verð 6.999 kr




27% afsláttur

**4.499 kr**
fullt verð 6.199 kr




23% afsláttur

**4.199 kr**
fullt verð 5.499 kr




26% afsláttur

**3.299 kr**
fullt verð 4.499 kr




32% afsláttur

**2.699 kr**
fullt verð 3.999 kr

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*



**„Stundum fæ ég bara nóg og bið fólk sem ég er að hitta að tala um allt annað en bókina við mig. Get ekki meira af sjálfri mér," segir Fríða og hlær.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Delete-takkinn er aðaltakkinn

Skáldið **Fríða Ísberg** gaf nýverið út smásagnasafnið Kláða og smeygir sér inn í hugarheim ungs fólks af innsæi. Umfjöllunarefnið er fjölbreytt, húsnæðismarkaðurinn, kvíði, klám, djamm og tilfinningalíf fólks á tímum snjallsíma.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Fríða Ísberg fær sér svart kaffi og smjördeigshorn. Skjannahvít birtan af jólakettinum lýsir upp Lækjartorg. Fyrir framan hann stendur fjöldi ferðamanna og hlustar agndofa á lýsingar leiðsögumanns á blóðþorsta kattarins og lyst hans á illa búnum börnum.

„Ég vann hér einu sinni," segir hún og lítur í kringum sig á kaffihúsinu. „En það er allt breytt. Það var fyrir sex árum síðan," segir Fríða.

Sögur Fríðu í smásagnasafninu Kláða þykja fullar innsæis og djarfar. Hún hefur áður sent frá sér ljóðabókina Slitförin sem hlaut mjög góðar viðtökur og var meðal annars tilnefnd til Fjöruverðlaunanna 2018.

**Fast í pattstöðu**

*Er einhver sameiginlegur þráður í sögunum?*

„Ég vann í upphafi með fimm sögur og tók þá eftir að í þeim var sameiginlegur þráður. Það var eitthvað að. Ég fann ekki orð yfir það strax. Fólk var fast í pattstöðu, verkjaði undan einhverju en sótti í það á sama tíma. Ástand sem er vægara en fíkn. Ef það væri til stigsmunur á fíkn þá væri kláði grunnstigið," segir Fríða sem segist hafa tekið til við að skrifa niður allt það sem hana klæjaði undan.

Í einni sögunni, Sumar konur, hefur ung kona sig til á djammið. Sagan er blæbrigðarík og sveiflast úr angist og tilgangsleysi í ölvaða gleði. Er í alvörunni hægt að búa til hársprey úr vodka og piparmyntuolíu? spyr blaðamaður og vitnar í smásöguna.

„Það stendur á netinu!" segir Fríða og hlær og segir söguna alls ekki tilkomna úr eigin lífi og háttum. „En þær fjalla samt um ungt fólk og veruleika þess."

*Eldri kynslóðin virðist hins vegar líka finna sig í þeim. Kom það þér á óvart?*

„Já, það kom mér mjög mikið á óvart. Ég fékk góðan meðbyr með minni fyrstu ljóðabók og bjóst við að næsta bók fengi ekki jafn góðar viðtökur. Svona eins og það væri óskrif-




**„Það var eitthvað að. Ég fann ekki orð yfir það strax. Fólk var fast í pattstöðu, verkjaði undan einhverju en sótti í það á sama tíma. Ástand sem er vægara en fíkn."**

aða reglan," segir hún og brosir út í annað. „Svona „my shitty second". Það er gott að fá viðbrögð og það er bæði gaman og spennandi að taka þátt í jólabókavertíðinni. En það er líka slítandi," segir hún. „Þetta er ansi langt tímabil, ef við værum heiðarleg gagnvart jólunum myndum við hefja jólavertíðina á fyrsta í aðventu en ekki í október. Þessi jólavertíð er meira en einn vikudagur af ævi okkar.

Maður fær eiginlega alveg nóg af sér. Nú þegar ég er í annað skipti að gefa út bók fyrir jól þá finnst mér þetta, eins og Eva Rún Snorradóttir náði að orða svo vel: svolítið eins og að hoppa upp í rassgatið á sjálfum sér. Auðvitað er fólk áhugasamt og kurteist, fólk sem maður þekkir og vill tala um bókina og veita mér stuðning. En stundum fæ ég bara nóg og bið fólk sem ég er að hitta að tala um allt annað en bókina við mig. Get ekki meira af sjálfri mér," segir Fríða og hlær. „Ég er mikið afmælisbarn en ætla samt ekki að halda upp á afmælið mitt í ár. Ég gerði það heldur ekki í fyrra," segir Fríða. „En ég er að læra á þetta, vinna mér inn þrek fyrir vertíðina," segir hún.



ÉG FÉKK GÓÐAN MEÐBYR MEÐ MINNI FYRSTU LJÓÐABÓK OG BJÓST VIÐ AÐ NÆSTA BÓK FENGI EKKI JAFN GÓÐAR VIÐTÖKUR. SVONA EINS OG ÞAÐ VÆRI ÓSKRIFAÐA REGLAN. SVONA „MY SHITTY SECOND“.

**Konur með meira olnbogarými**

*Hvað lest þú? Hvað finnst þér spennandi?*

„Ég les mikið af nýjum breskum og bandarískum verkum og reyni að lesa nýjar og spennandi þýðingar. Svo er ég alltaf að lesa íslenska höfunda. Koma mér upp minni eigin bókmenntagráðu.“

*Greinir þú nýja stefnu eða tískustrauma?*

„Já, mér finnst verk höfunda vera að styttast. Setningar að styttast, prósinn að meitlast. Hann er myndrænni,“ segir Fríða og segist velta því fyrir sér hvort þessi þróun fylgi tækninni.

„Mér finnst þetta áberandi hjá flottum kvenrithöfundum í Skandinavíu og Bandaríkjunum. Þær virðast fara eftir ráðum Sigurðar Pálssonar, að delete-takkinn er mikilvægasti takkinn. Ég er sannfærð um að þetta heldur áfram að þróast í þessa átt. Þegar tískustraumar koma þá verður til samtal, fólk fer að svara hvert öðru. Og í þessu samhengi finnst mér konur vera með meira olnbogarými til að skrifa til höfuðs „stóru skáldsögunni“. Mér finnst þetta allt saman mjög áhugavert.“

**Sat í aftursætinu og las**

Fríða er alin upp í Kópavogi og áhugann á bókmenntum segir hún sjálfsprottinn.

„Ég hef skrifað síðan ég var barn. Ég skil það varla ennþá af hverju ég varð svona mikill bókaormur. Í Kópavogi snerist allt um fimleika og fótbolta og foreldrar mínir héldu ekki mikið að mér bókum. Pabbi er ljósmyndari, ferðaðist oft um landið með hópi náttúruljósmyndara. Hann tók mig oft með í þessar ferðir þegar ég var lítil og ég sat í aftursætinu og las. Kannski kviknaði áhuginn þar.“

Fríða stundaði nám í heimspeki við Háskóla Íslands og seinna meistaranám í ritlist. Þar gafst henni færi á að koma skáldskapnum í farveg. „Ég skrifaði ljóðabók í menntaskóla, aðra í heimspekinámi og enn aðra í ritlist. Námið þótti mér gott. Í passlega stórum hópi fólks skapast traust. Þá lærir maður að vera heiðarlegur í skáldskapnum, gagnvart sér og öðrum. Maður er auðvitað með lífið í lúkunum þegar maður treystir öðrum fyrir því sem maður er að hugsa og skrifa.“

ÞÆR VIRÐAST FARA EFTIR RÁÐUM SIGURÐAR PÁLSSONAR, AÐ DELETE-TAKKINN ER MIKILVÆGASTI TAKKINN.

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Lesið brot úr bók Fríðu Ísberg, Kláði, á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**




Blaðið er ekki enn komið. Áttaumferðin er byrjuð að róast, eitt og eitt skólabarn flýtir sér framhjá glugganum. Kannski þrír tímar í birtingu. Ragga gengur aftur inn í eldhús, lækkar í útvarpinu og hellir meira vatni í tebollann, sest í eldhúskrókinn og hefur nýjan leik í Candy Crush. Hún spilar þar til lífin eru búin. Síðan fær hún sér annan tebolla, vinnur aðeins í silfrinu og hlustar á útvarpsþátt úr Sarpinum um gildishlaðin orð. Það á að breyta fóstureyðingu í þungunarrof. Þegar þættinum lýkur gáir hún fram í forstofu, opnar út og rýnir í myrkrið. Enginn á ferð nema tveir útlendingar að setja töskur inn í taxa. Klukkan rétt orðin níu. Hún færir sig inn í stofu og sest í stól. Vonar að hann muni ekki snjóa í dag ef ske kynni að blaðabunkinn stæði yfirgefinn úti á götuhorni. Það þyrfti ekki nema einn nágranna til að rífa upp plastið og þá væru öll blöðin ónýt. Hún opnar nýjan krimma, les fyrri helming blaðsíðunnar í þrígang, lokar bókinni, nær í samanvöðlaðan plastpoka undir vaskinum og bregður sér út fyrir á peysunni.

Þarna eru blöðin, enn í plastinu. Það er frost, rétt undir tveimur gráðum í mínus, en hún stendur kyrr meðan hún flettir blaðinu, staðnæmist á heilsíðuviðtali og brosir í kampinn.

Þegar hún er búin að skima yfir viðtalið breiðir hún Bónuspokann vandlega yfir bunkann.

„Er eitthvað af viti í þessu?“ segir einhver fyrir aftan hana.

Það er Þórlaug með terrier tíkina.

„Viðtal við hann Halla. Þeir félagarnir voru að vinna frumkvöðlakeppni í útlöndum.“ Hún seilist í eintak handa Þórlaugu.

„Hvaða leti er annars í þessum blaðbera? Er þetta ekki í þriðja eða fjórða skiptið í mánuðinum sem hann er veikur?“

„Eitthvað svoleiðis.“

„Annars les ég aldrei blöð núorðið. Það er ekkert í þessu. Kannski ein og ein almennileg stjörnugjöf á hálfs mánaðar fresti,“ segir hún. Tíkin þefar af blöðunum og gerir tilraun til að pissa á pokann.

„Aska, nei,“ skipar Þórlaug, kippir í ólina og heldur göngunni áfram með blaðið klemmt undir öðrum handleggnum. „Þú skilar hamingjuóskum frá mér.“

Ragga hringir í son sinn eftir að hafa lesið fréttina og býður honum í kaffi eftir vinnu. Hann segist ætla að reyna að renna við.

„Helduðu að stelpurnar komi líka?“

„Ég heyri í Gígju og læt þig vita,“ andvarpar hann.

Gígja er heima með þriggja mánaða stelpuna þeirra. Þau búa úti á Nesi. Barnabarnið er alnafna hennar, Ragnhildur Haraldsdóttir. Sumir segja að þær séu líkar. Augnsvipurinn og nefið.

Hún ákveður að skella í kotasælubollur. Á meðan hugsar hún um viðbrögð Þórlaugar. Margir í götunni myndu eflaust muna eftir honum. Andskotans blaðberinn að vera veikur. Í gamla daga komst hún varla út í búð án þess að fá hrós frá nágranna um hversu myndarlegur og kurteis hann Haraldur væri. Hvað hann væri mikill karakter. Hún hallar sér að blaðinu og les bestu bútana aftur.

Þau hjónin voru bæði komin yfir fertugt þegar hún varð ófrísk. Hún var hætt að kvíða blæðingunum, hætt að finna fyrir höggi vonbrigðanna þegar þær komu. Hafði ekki einu sinni tekið eftir fjarveru þeirra. Var komin fjóra mánuði á leið þegar óléttan uppgötvaðist. Við tóku mörg ár sem hún var ítrekað kölluð amma. Hún hætti að kippa sér upp við þetta eftir leikskólagönguna. Leiðrétti fólk ekki ef það vildi endilega hækka hana í fjölskyldutign.

Hún skilur deigið eftir í vatnsbaði og breiðir viskustykki yfir. Opnar tölvuna og finnur símanúmerið hjá póstdreifingu Fréttablaðsins.



**Fríða Ísberg skáld.**

# Brot úr smásögunni
# Viðtalið

„Góðan dag. Blaðið barst ekki til mín í morgun. Grenimel. Er nokkuð langt í þetta?“

Stúlkan lætur hana hinkra augnablik. Klukkubjöllur nágrannans af neðri hæðinni klingja tíu sinnum. Stúlkan kemur aftur í símann og segir að því miður séu óvenjumikil veikindaforföll í dag en afleysingafólk sé að keyra út um allan bæ í þessum töluðu orðum, blaðið verði líklega komið fyrir hádegi. En reyndar sé búið að dreifa blöðunum, bunkinn ætti að standa á götuhorni Grenimels og Hofsvallagötu.

„Nú, já. Takk fyrir,“ segir hún og skellir á.

Það er farið að birta af degi þó skýin liggi eins og þykkur pottlemmur yfir höfuðborginni. Hún hellir sér í þriðja tebollann og sest upp í sófa. Bókin heldur henni ágætlega við lesturinn og næst þegar hún lítur upp er orðið bjart. Enn bólar ekkert á blaðinu. Hún mótar bollur úr deiginu, lætur þær standa á eldavélinni í klukkutíma í viðbót. Á meðan fer hún inn í herbergi að vinna í silfrinu.

Klukkan slær tólf. Skólabjöllurnar í Melaskóla hringja. Það byrjar að snjóa. Hún á sífellt erfiðara með að einbeita sér og er eirðarlaus í sætinu. Helvítis Fréttablaðið að vera frítt, annars myndi hún hringja aftur. Hringurinn sem hún er að smíða er flatur og breiður, með stórum ávölum tinnusteini, sem liggur á hömruðu krónublaði. Hann er afmælisgjöf til Gígju, sem verður þrítug í byrjun febrúar. Hálfeitt. Loksins heyrist í skra í póstlúgunni.

„Mikið var,“ dæsir hún, leggur verkfærin frá sér og drífur sig fram í forstofu.

Á dyramottunni liggur auglýsingabæklingur frá húsgagnaverslun í Grafarvogi. Hún opnar út á tröppur og sér að bunkinn og Bónuspokinn eru á sínum stað. Annar leigubíll beygir inn í götuna og hún mætir augnaráði bílstjórans þar sem hún stendur rytjuleg í gættinni. Hún flýtir sér að loka og skellir bollunum inn í ofn.

Þetta eru engin smá verðlaun. 500.000 evrur. Hún pírir augun út um eldhúsgluggann og yfir á hús þingmannsins á móti. *Hann* myndi örugglega bregðast einhvern veginn við. Myndi jafnvel eigna sér smá hlut í Haraldi.

Hún trommar fingrunum á eldhúsborðið. Þetta er hugsjónastarfsemi hjá strákunum. Öll sambönd kæmu sér vel. Nágrannar hennar eru upp til hópa efnað fólk. Þetta hlýtur að vekja eitthvert umtal.

Hún ákveður að bíða eftir bollunum úr ofninum, fara í sund og ef bunkinn verður enn úti á horni í bakaleiðinni þá mun hún að minnsta kosti lauma blaði inn um lúgu þingmannsins.



Þegar nafn Vivian Maier er slegið inn í leitarvélar fást nærri því milljón niðurstöður. Í þeim má lengi grúska og margar þeirra hver annarri forvitnilegri. Á meðal þeirra er minningargrein sem uppkomin börn sem hún gætti skrifuðu.

# Ótrúleg saga *Vivian Maier*

Barnfóstran **Vivian Maier** tók meira en hundrað þúsund ljósmyndir af götulífi stórborga í frítíma sínum. Örfáar þeirra komu fyrir almenningssjónir á meðan hún lifði.

Saga Vivian Maier er góð áminning um það að sannleikurinn er ansi oft skáldskapnum ótrúlegri. Þegar barnfóstran Vivian Maier lést árið 2009 virtist hún hafa skilið lítið eftir sig annað en kassa fulla af drasli. En annað átti eftir að koma í ljós.

Vivian Dorothy Maier fæddist árið 1926 og starfaði í fjörutíu ár sem barnfóstra, mest í Chicago. Hún tók meira en hundrað þúsund ljósmyndir í frítíma sínum og þá helst af fólki og byggingum í Chicago, New York og Los Angeles. Hún ferðaðist einnig með fjölskyldunum sem hún starfaði fyrir og tók því líka ljósmyndir víða um heim.

Vivian var algjörlega óþekkt. Og ljósmyndir hennar líka. Engar af þeim höfðu birst opinberlega fyrr en safnari í Chicago, John Maloof, komst yfir kassa af filmum með ljósmyndum hennar árið 2007 á uppboði. Áhugi hans var vakinn og næstu árin átti John eftir að leita uppi enn fleiri myndir.

John birti nokkrar mynda hennar á myndasíðunni Flickr þar sem þær vöktu forvitni.

Ljósmyndir hennar þykja bæði kraftmiklar og fágaðar. Ekki síst þótti fólki forvitnilegt að manneskja svo miklum hæfileikum gædd hefði ekki viljað láta á því bera. Auðmýktin gagnvart listforminu fannst fólki greinileg í ljósmyndum hennar.






Ann Marks skrifaði þessa áhugaverðu greiningu á lífi Vivian.



Sýning um Vivian í listasafni í Trastevere í Róm í mars á síðasta ári. MYND/TIZIANA FABI/AFP

**FRJÁLS Í ANDA OG SNERTI LÍF ALLRA ÞEIRRA SEM ÞEKKTU HANA. ALLTAF TILBÚIN TIL AÐ DEILA HUG SÍNUM, GEFA RÁÐ EÐA RÉTTA HJÁLPARHÖND. KVIKMYNDARÝNIR OG UNDRAVERÐUR LJÓSMYNDARI.**

Margar ljósmynda Maier gefa innsýn í líf Bandaríkjamanna á eftirstríðsárunum. Hún tók oft myndir af fólki án þess að það yrði þess vart og gerði það af hlýju og húmor.

John Maloof sagði að í fyrstu hefðu listasöfn sem hann sýndi myndirnar viljað flokka hana sem áhugaljósmyndara þrátt fyrir augljósa hæfileika. Það átti eftir að breytast.

Þegar nafn Vivian Maier er slegið inn í leitarvélar fást nærri því milljón niðurstöður. Í þeim má lengi grúska og margar þeirra hver annarri forvitnilegri. En meðal þeirra dylst ein sem lýsir mannkostum hennar vel. Það er minningargrein úr Chicago Tribune sem uppkomin börn fyrrverandi vinnuveitenda hennar skrifuðu. „Það sem ég hafði áhuga á er, hver var hún?“ sagði John sem fann einmitt þessa minningargrein um Vivian og leitaði uppi þá sem hana skrifuðu. Uppkomin börn vinnuveitenda hennar.

„Vivian Maier, að uppruna frá Frakklandi og búsett í Chicago síðustu fimmtíu árin, lést á mánudag. Hún var John, Lane og Matthew sem önnur móðir. Frjáls í anda og snerti líf allra þeirra sem þekktu hana. Alltaf tilbúin til að deila hug sínum, gefa ráð eða rétta hjálparhönd. Kvikmyndarýnir og undraverður ljósmyndari. Einstök manneskja sem verður sárt saknað en við fögnum löngu og yndislegu líf hennar og minnumst hennar ávallt.“

Líf og störf Vivian hafa síðan myndir hennar fundust orðið efni bóka og heimildarmynda. Þeirra á meðal er heimildarmyndin Finding Vivian Maier (2013), framleidd af John Maloof og Charlie Siskel.

kristjana@frettabladid.is





Vivian myndaði fólk sem varð á vegi hennar í frítíma sínum. Myndir á sýningu í Museo di Roma í Trastevere. MYND/AFP



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



# Stjórnarskrárkrísa á Srí Lanka

Þrír menn hafa sett á svið ótrúlega atburðarás í eyríkinu við Indlandsstrendur. Spilling og fyrirhugað tilræði við forsetann ollu stjórnarskrárkrísu sem ekki hefur tekist að greiða úr.



Sirisena forseti og Wickremesinghe, fyrrverandi forsætisráðherra, á meðan allt lék í lyndi. NORDICPHOTOS/AFP



Sirisena forseti og Rajapaksa, nýi forsætisráðherrann, í þann skamma tíma sem þeir voru perluvinir. NORDICPHOTOS/AFP

Undarleg staða er komin upp í srílönskum stjórnmálum. Ríkisstjórn var leyst upp og gamall forseti tók við forsætisráðuneytinu. Nú síðast á þriðjudaginn ákvað þessi nýi forsætisráðherra að áfrýja til hæstaréttar niðurstöðu áfrýjunardómstóls frá því degi fyrr þar sem honum var einfaldlega bannað að nýta völd sín sem forsætisráðherra. Honum var þó ekki vikið úr embætti. Hann má bara einfaldlega ekki gera neitt, að minnsta kosti ekki í bili.

Stjórnarskrárkrísa er trúlega besta orðið til að lýsa þessu ástandi. Og krísan hefur dregið dilk á eftir sér. Reuters greindi frá því á fimmtudag að srílönsk ferðaþjónusta kæmi illa út úr málinu. Ferðamenn væru að afbóka ferðir sínar til eyríkisins í stórum stíl.

**Fornir fjendur**

Til þess að útskýra stöðuna ber fyrst að kynna til leiks persónur og leikendur. Það eru einna helst þrír menn sem hafa drifið atburðarásina áfram.

Sá fyrsti er jafnaðarmaðurinn Maithripala Sirisena. Hann er forseti Srí Lanka og hefur verið frá því í byrjun árs 2015. Samhliða því stýrir hann varnarmála- og umhverfisráðuneytum ríkisins. Sirisena er frá Miðnorðurfylki Srí Lanka og er fyrsti forsetinn þaðan. Þá tilheyrir hann ekki hinni hefðbundnu srílönsku stjórnmálaelítu, að því er kom fram í umfjöllun The Guardian eftir kjör hans. Sirisena er flokksmaður Frelsisflokks Srí Lanka.

Annar á svið er íhaldsmaðurinn Ranil Wickremesinghe. Hann varð forsætisráðherra í janúar 2015, á sama tíma og Sirisena tók við forsetaembættinu, og hefur gegnt formennsku í Sameinuðu þjóðfylkingunni frá árinu 2009. Hann hafði áður verið forsætisráðherra árin 1993 og 1994 sem og frá 2001 til 2004 og er því rótgróin fígúra í srílönsku stjórnmálalífi.

Síðastur en ekki sístur er svo jafnaðarmaðurinn og Sinhaleseþjóðernishyggjumaðurinn Mahinda Rajapaksa. Sá leiðir Srílönsku þjóðfylkinguna. Hann var forsætisráðherra 2004 til 2005 og forseti frá 2005 til 2015. Hann tapaði forsetakosningum fyrir Sirisena árið 2015. Þá tókst honum ekki heldur að verða forsætisráðherra eftir þingkosningar en náði þó kjöri á þing. Þeir Sirisena og Wickremesinghe höfðu tekið höndum saman og komið Rajapaksa frá völdum.

**Frændhygli og mannréttindabrot**

Forsetatíð Rajapaksa var síður en svo lýtalaus. Asíuútgáfa The New York Times lýsti honum sem vinsælum leiðtoga „sem var sakaður um mannréttindabrot, forkastanlega frændhygli og afar náin tengsl við yfirvöld í Kína“.

Álíka dóm fékk Rajapaksa í ritstjórnargrein sem birtist í The Guardian eftir að Sirisena náði kjöri í janúar 2015. Þar sagði að „Rajapaksa-klanið“ hefði í valdatíð sinni stórskaðað sjálft lýðræðið með alræðistöktum sínum og virðingarleysi fyrir stjórnarskránni.

Þá minnti The Guardian á að Rajapaksa hefði sett tjáningarfrelsinu skorður, ákært forseta hæstaréttar til embættismissis, breytt lögum um hversu lengi mætti sitja á forsetastóli til þess að geta setið lengur, hundelt gagnrýnendur sína og beitt ofbeldi gegn mótmælendum, svo fátt eitt sé nefnt.

**Ný stjórn**

Það glöddust því margir þegar Sirisena hafði betur gegn Rajapaksa í forsetakosningunum í upphafi árs 2015. Sirisena fékk 51,28 prósent atkvæða en Rajapaksa 47,58 prósent. Þingkosningar fylgdu í kjölfarið og þar náði Rajapaksa ekki heldur að komast til valda.

> EFTIR AÐ HAFA TAPAÐ Í BÆÐI FORSETA- OG ÞINGKOSNINGUM ÁRIÐ 2015 ER MAHINDA RAJAPAKSA NÚ KOMINN AFTUR TIL VALDA Á SRÍ LANKA.

Sirisena hamraði saman þjóðstjórn eftir þingkosningarnar. Sú stjórn innleiddi nítjánda viðaukann við srílönsku stjórnarskrána skömmu síðar. Hann kveður á um að forsætisráðherra skuli gegna sínu embætti svo lengi sem stjórn hans er starfhæf eða þangað til hann segir af sér eða hættir á þingi.

Þessari nýja ríkisstjórn Sirisena og Wickremesinghe fór hins vegar hægt af stað. Henni gekk illa að greiða niður skuldir sem stofnað hafði verið til í forsetatíð Rajapaksa. Sá hafði fengið lán frá Kínverjum til þess að ráðast í byggingu ýmissa innviða.

Stjórnin fékk svo þungt högg í febrúar þegar flokkur Rajapaksa vann stórsigur í sveitarstjórnakosningum. Í kjölfar kosninganna sagði Rajitha Senaratne, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar, við Reuters að Rajapaksa myndi nota þennan sigur sinn til þess að reyna að koma ríkisstjórnarsamstarfinu úr jafnvægi og hylma yfir spillingarmál sín. Rajapaksa og fjölskylda hans höfðu þá verið ákærð fyrir ýmis spillingarmál.

Og í október var öllum ljóst að gjá hafði myndast á milli Sirisena og Wickremesinghe. Forsetinn greindi þjóðinni frá því að mikill ágreiningur hefði verið um stefnu ríkisins á milli þeirra félaga allt frá því þeir tóku við forystu landsins. Þá sagði Sirisena að forsætisráðherrann hefði átt þátt í umdeildri sölu skuldabréfa seðlabanka ríkisins sem sögð er hafa leitt til um átta milljarða króna taps fyrir ríkissjóð.

**Wickremesinghe sparkað**

Gjáin varð fljótt að hyldýpi. Þann 26. október síðastliðinn sagði UPFA, flokkabandalagið sem Sirisena stýrir, sig úr stjórnarsamstarfinu. Hann ýjaði sömuleiðis að því að ráðherra, sem hann nefndi ekki á nafn, tengdist tilræði við líf sitt en greint var frá því að Nalaka de Silva, yfirmaður lögreglu, væri sakaður um að leggja á ráðin um að myrða forsetann í september. Þetta fyrirhugaða tilræði var meginástæðan fyrir gjörðum Sirisena, samkvæmt forsetanum sjálfum.

Síðar þennan sama dag kom Sirisena landsmönnum rækilega á óvart með því að skipa andstæðing sinn, Mahinda Rajapaksa, nýjan forsætisráðherra í beinni sjónvarpsútsendingu. Þetta gerði hann án þess að hafa komið Wickremesinghe frá völdum og má því segja að á þessum tímapunkti hafi Srí Lanka verið komið með forsætisráðherra.

Wickremesinhe var skiljanlega ósáttur og sagði í ávarpi að hann væri enn forsætisráðherra, þingið stæði á bak við hann. Fjármálaráðherrann Mangala Samaraweera tók undir með honum og sagði skipan Rajapaksa brot gegn stjórnarskránni. Ekki væri hægt að setja Wickremesinghe af þar sem hann leiddi enn starfhæfa stjórn.

Þá kallaði Wickremesinghe sömuleiðis eftir því að þingið yrði kallað saman hið snarasta, vildi sanna að hann hefði enn þá meirihluta á bak við sig. Degi síðar, þann 27. október, ákvað Sirisena hins vegar að fresta því að þingið kæmi saman. Þingið átti upphaflega að koma saman 5. nóvember en því var þar með seinkað um ellefu daga.

En eftir því sem klukkutímarnir og dagarnir liðu varð ljóst að hvort sem það var löglegt eða ekki hefði Wickremesinghe verið sparkað. Öryggisverðirnir voru teknir af honum og sendir til Rajapaksa. Þá óskuðu leiðtogar grannríkjanna Rajapaksa opinberlega til hamingju með nýja starfið.

**Þingið leyst upp**

Þingfundurinn sem Wickremesinghe hlakkaði svo til lét bíða eftir sér. Sirisena tilkynnti um það að þingið væri leyst upp þann 9. nóvember og boðaði til nýrra kosninga þann 5. janúar. Þessi ákvörðun fór illa í samflokksmenn Wickremesinghe sem sökuðu Sirisena um að hreinlega ræna lýðræðinu af srílönsku þjóðinni og um brot gegn fyrrnefndum nítjánda viðauka stjórnarskrárinnar.

Þarna nýtti Rajapaksa tækifærið. Með kosningar í augnsýn ákváðu hann og 44 aðrir þingmenn að segja sig úr Frelsisflokki Srí Lanka, flokki forsetans sem Rajapaksa hafði gengið til liðs við. Þess í stað gengu þingmennirnir 45 í Srílönsku þjóðfylkinguna.

En hæstiréttur Srí Lanka var ekki sáttur. Nokkrir flokkar, þar á meðal flokkur Wickremesinghe, og kjörstjórn ríkisins fóru þann 12. nóvember fram á að staðan yrði færð aftur í það horf sem var fyrir 26. október þar sem gjörðir Sirisena væru brot gegn stjórnarskránni. Á þetta féllst hæstiréttur reyndar ekki en í öðru máli sem kom fyrir dómstólinn sama dag var tilskipun Sirisena um upplausn þingsins sett á ís.

**Vantraust**

Þingið kom svo loks saman þann 14. nóvember. Strax á þessum fyrsta degi þings greiddu 122 þingmenn af 225, sum sé meirihluti, atkvæði með að lýsa vantrausti á stjórn Rajapaksas. Þetta var svo endurtekið tveimur dögum síðar með sömu niðurstöðu. Sirisena neitaði að viðurkenna að vantraust væri á Rajapaksa og kallaði eftir þriðju atkvæðagreiðslunni.

Þessir 122 þingmenn fóru svo fram á við áfrýjunardómstól að öll völd yrðu tekin af Rajapaksa og ráðherrum hans. Á það féllst dómstóllinn síðastliðinn mánudag til bráðabirgða og hefur Rajapaksa áfrýjað málinu til hæstaréttar.

# Fólk

Jólin

LAUGARDAGUR 8. DESEMBER 2018

ENZYMEDICA®

Leyfðu þér að njóta!




*Jólamatur*
*til að taka með*
*Steikarveisla - 2.990 kr. á mann*
*Hangikjötsveisla - 3.490 kr. á mann*
*+ jólaforréttir*



*Pantanir í síma*
*517 3131 eða 696 5900*
SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Sjávarbarinn – Grandagarði 9 – sjavarbarinn.is



**„Það er alltaf jafn gaman þegar jólin nálgast," segir Jóhannes Felixson bakari, betur þekktur sem Jói Fel.** MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Jólin koma með Jóa Fel

Bakarí Jóa Fel eru full af dásamlegum jólabakstri þessar vikurnar. Þar er bæði boðið upp á úrval af klassískum jólakökum og spennandi nýjungar sem hafa fengið góðar viðtökur. Honum finnst jólin alltaf jafn skemmtilegur tími. →2



„Við erum að nota að mestu leyti sömu uppskriftir sem mömmur og ömmur okkar notuðu, hvort sem það er í bakstri heima fyrir eða í bakaríum,“ segir Jói Fel. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Jói Fel ásamt Bjarna Bjarnasyni bakara, samstarfsfélaga til næstum 20 ára.



Jólasnúðarnir eru bæði bragðgóðir og fallegir í útliti.



Fyrir nokkrum árum bjó Jói Fel til nýja tegund af Sörum sem kallast Dívur. Þær eru með hvítu súkkulaði og vanillukremi og svo hjúpaðar með hvítu súkkulaði.

Framhald af forsíðu ➪

Vikurnar fyrir jólin eru yfirleitt annasamasti tími ársins hjá Jóa Fel en hann hefur starfað við bakstur í 35 ár. „Það er alltaf jafn gaman þegar jólin nálgast og þá lengjast gjarnan vinnudagarnir. Eftir öll þessi ár er þetta alltaf jafn skemmtilegur tími og það er svo gaman að sjá viðskiptavini koma til okkar og sjá gleðina skína úr andlitum þeirra. Það er bara eitthvað við það að finna ilminn af nýbökuðum jólakökum koma úr ofninum þannig að þótt hraðinn og spennan sé mikil er þetta bara svo gefandi.“

Hann segir ótrúlega lítið hafa breyst í gegnum tíðina þegar kemur að jólabakstri landsmanna. „Við erum að nota að mestu leyti sömu uppskriftir sem mömmur og ömmur okkar notuðu, hvort sem það er í bakstri heima fyrir eða í bakaríum. Jólahefðirnar eru svo sterkar hjá flestum og þar má helst engu breyta. Fyrir marga koma jólin ekki nema hin eða þessi kaka sé bökuð heima fyrir.“

## Vinsælar kökur

Ein mest selda jólakakan hjá Jóa Fel er brún hnoðuð lagkaka með smjörkremi. „Ég ólst upp við hana á æskuheimili mínu og þegar ég byrja að baka hana koma jólin hjá mér. Ef ég ætti að nefna einhverjar nýjungar þá eru það helst Söru Bernhard kökurnar sem margir tengja við jólin í dag. Við seljum á milli 15 og 20 þúsund Sörur fyrir jólin og höfum vart undan. Fyrir nokkrum árum bjó ég til nýja tegund af Sörum sem ég kalla Dívur.

> **Það er bara eitthvað við það að finna ilminn af nýbökuðum jólakökum koma úr ofninum.**

Þær eru með hvítu súkkulaði og vanillukremi og svo hjúpaðar með hvítu súkkulaði. Þær verða vinsælli með hverju árinu en þær fást eingöngu í bakaríunum okkar. Svo verð ég að minnast á Frostrósina okkar sem er súkkulaði tryffle kaka með hindberjum og krókanti. Við bjóðum alltaf upp á kökuna fyrir jólin, hún er stórglæsileg og geymist vel, enda er þetta eins og einn stór konfekt moli.“

## Negulkökur mömmu í uppáhaldi

Eins og gefur að skilja bakar Jói lítið heima fyrir jólin enda sérlega annasamur tími. „En ég á alltaf brúna lagköku heima og eitthvað af smákökum. Uppáhaldið mitt er þó negulkökurnar sem mamma og amma bökuðu hér áður fyrr. Núna eru jólakökurnar borðaðar allan desembermánuð en áður fyrr bara rétt yfir jólin. Landsmenn vilja hafa jólahátíðina lengi og helst njóta næstum allan desember, borða góðan mat og fá sér kaffi og smákökur.“

Jói Fel rekur fjögur bakarí á höfuðborgarsvæðinu, við Hringbraut í Reykjavík, í Litlatúni í Garðabæ, í Smáralindinni í Kópavogi og í Holtagörðum í Reykjavík en þar fer auk þess öll bökun fram.



Frostrós er súkkulaði tryffle kaka með hindberjum og krókanti. Glæsileg kaka sem er eins og stór konfektmoli.



Bakarí Jóa Fel selja á milli 15 og 20 þúsund Sörur fyrir hver jól og hafa starfsmenn vart undan við að baka þær.

# Góð munnheilsa og ferskur andardráttur með GUM

GUM tannvörurnar eru viðurkenndar af tannlæknum og ættu allir að geta fundið sér vörur sem henta. Þær eru fyrir alla aldurshópa og einnig fyrir þá sem kljást við ýmiss konar vandamál tengd tönnum, tannholdi og gómum. Nýlega komu tvær nýjar tannvörur frá GUM í verslanir.




## Paroex – gegn tannholdsvandamálum og bólgum

Paroex munnskol inniheldur 0,12% klórhexidín og er notað sem skammtímameðferð við tannholdsvandamálum og eftir aðgerðir. Þetta er öflug bakteríuvörn sem er bæði sótthreinsandi og bólguhamlandi. Einnig er tanngel sem notað er staðbundið á bólgusvæði.

Einnig er til Paroex með 0,06% klórhexidíni sem er fyrirbyggjandi og getur unnið gegn minniháttar tannholdsbólgum og verndað tennur og tannhold gegn sýklum. Báðar tegundir innihalda hvorki alkóhól né SLS og hafa frískandi og gott bragð.




## Hydral – við munnþurrki

Hydral er rakagefandi og eykur munnvatnsframleiðslu. Bæði gel og sprey líkja eftir eiginleikum munnvatns, styrkja náttúrulegar varnir og koma jafnvægi á bakteríuflóruna í munninum. Hydral tannkrem, sem hjálpar einnig gegn munnþurrki, inniheldur flúor og er með góðu mintubragði.




## Acti Vital – kraftar náttúrunnar

Acti Vital tannkrem og munnskol eru sérlega frískandi og bragðgóðar vörur sem innihalda öflug náttúruleg efni. Engifer og kamilla ásamt andoxunarefnunum Q10 og granateplum eru bæði styrkjandi og veita langtímavörn fyrir tennur og tannhold. Það er flúor í Acti Vital sem er nauðsynlegt til að veita góða vörn gegn tannsteini og tannskemmdum en það inniheldur ekki óæskileg efni eins og SLS, paraben eða alkóhól. Acti Vital ætti því að vera góður valkostur fyrir þá sem vilja bæði nýta krafta náttúrunnar ásamt því að draga úr líkum á tannskemmdum.




NÝTT

## Sensi Vital®+ gegn tannkuli

SensiVital®+ tannkrem er ný formúla með tvöfaldri virkni. Þetta er nýjung frá GUM sem er sérstaklega hönnuð fyrir fólk með tannkul en það getur einnig dregið úr líkum á tannskemmdum, rótarskemmdum og styrkt glerunginn.

Tannkremið ver taugar í tannkviku og þéttir tannbeinið en á sama tíma er það milt og kemur í veg fyrir ertingu og ofnæmisviðbrögð. Það veitir hraða vörn gegn tannkuli og þarf einungis nokkra daga til að finna mun ef burstað er tvisvar á dag.




NÝTT

## Activital Sonic vibration tannbursti – batterísdrifinn

Þessi fallegi tannbursti lítur út eins og venjulegur bursti, nettur og þægilegur. Hann hefur það umfram aðra bursta að fínu burstahárin fjarlægja allt að 50% meira af óhreinindum milli tannanna með þægilegum titringi og þau hreinsa mun betur undir tannholdsbrúnina án þess að valda ertingi. Þetta er því djúp en blíð hreinsun.

Hægt er að skipta um burstahaus eftir þörfum, þægilegt lok fyrir ferðalögin fylgir og nú eru hleðslutæki og snúrur úr sögunni.




## Hali Control – gegn andremmu

Andremma getur verið ansi hvimleið og oft erfitt að losna við. Hali Control vinnur gegn andremmu og óbragði í munni og einnig gegn bakteríunum sem valda andremmunni. Það er bæði til gel og munnskol en 10-15 ml tvisvar á dag eftir tannburstun ætti að geta losað fólk við eða dregið verulega úr vandamálinu.




## Travler og Soft picks

Það þurfa allir að passa vel upp á að þrífa vel svæðin milli tannanna og bursta/nudda tannholdið. Travler burstarnir eru til í mörgum stærðum, eru með sveigjanlegu handfangi og burstinn sjálfur er einnig sveigjanlegur. Það má nota hvern bursta í allt að tvær vikur og jafnvel lengur þar sem hann er með klórhexidíni til að tryggja hreinlæti en ávallt skal passa upp á að skola hann vel eftir notkun og geyma með lokinu á. Soft Picks tannstönglarnir ættu svo að vera til á hverju heimili, þeir eru sveigðir til að ná vel milli aftari tannanna og geta hreinsað tannsteininn sem þar myndast. Þeir koma í þremur mismunandi stærðum; small, medium og large.




## Original White – hvítari tennur

GUM Original White hreinsar bletti af tönnum ásamt því að vernda bæði tennur og tannhold og tryggja að tennurnar haldi styrk sínum. Það styrkir einnig glerunginn og fyrirbyggir að nýir blettir myndist. Original White vörurnar eru án bleikiefna sem gætu skaðað náttúrulega vörn tannanna og þar sem þær innihalda flúor, mæla tannlæknar með notkun þeirra.



Meira að segja klukkan er á sínum stað.



Árið 2016 gerði Rannveig þennan kastala og vann samkeppni hjá Kötlu út á það.



Hvert smáatriði er úthugsað. Takið eftir gróðurkössunum og bekknum á milli. Þannig er þetta í alvörunni.



Glæsilegt piparkökuhús sem Rannveig gerði fyrir nokkrum árum.



Piparkökuhúsið fyrir þessi jólin er ekki af verri endanum en hugmyndina sótti Rannveig í bláa húsið sem stendur við göngugötuna á Akureyri. Rannveig passar að öll litlu atriðin séu í fullkomnu lagi. Snjórinn er gerður úr glassúr.

# Listakona í piparkökuhúsum

Rannveig Magnúsdóttir ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur þegar hún gerir piparkökuhús. Að þessu sinni fékk hún innblástur frá Bláu könnunni á Akureyri.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Rannveig íhugar hvert smáatriði í byggingunni og handverkið verður að sannkölluðum listgrip. „Ég fékk innblástur frá bláa húsinu í göngugötunni þar sem Bláa kannan er. Þetta er íburðarmikið og fallegt hús með turnum,“ segir Rannveig sem er nýflutt til Akureyrar frá Reykjavík. Hún stundaði nám við Menntaskólann á Akureyri á sínum tíma og er því kunnug í bænum. Undanfarin ár hefur Rannveig starfað hjá lögfræðistofunni Juris í Reykjavík en er í fæðingarorlofi um þessar mundir. Vinnufélagar hennar þar fengu að njóta piparkökuhúsa hennar því hún gerði alltaf hús sem síðan stóð í móttökunni.

## Mikið nostur

„Ég hef gert piparkökuhús í tíu ár. Það voru reyndar ekki bökuð piparkökuhús á mínu æskuheimili en mig langaði alltaf til að prófa,“ segir Rannveig. „Mér fannst þetta ótrúlega skemmtilegt þegar ég byrjaði og hef þróað mig áfram á hverju ári. Þetta er orðið mikið nostur. Eitt árið skrifaði ég niður hversu marga tíma það tók að gera húsið og þeir voru 25. Húsið í ár var miklu flóknara og ég held að það hafi ekki farið minna en 40 klukkustundir í það. Fyrst teiknaði ég það upp og það var tímafrekt.



Rannveig er sannkallaður snillingur í piparkökuhúsagerð.

Það var nokkuð flókið að gera turnana á húsið en þeir voru mesta áskorunin þetta árið,“ segir hún. „Ég hef mjög gaman af því að baka og geri töluvert af því. Ég hef til dæmis aðstoðað vini mína þegar þeir eru með veislur.“

## Bakar mikið

Árið 2016 bar Rannveig sigur úr býtum í piparkökuhúsakeppni Kötlu. „Ég gerði frekar lítið hús í fyrra þar sem ég var ófrísk,“ segir Rannveig sem bakar minnst sex smákökutegundir fyrir jólin. „Ég baka alltaf kökurnar hennar ömmu, vanilluhringi og piparkökur með pipar. Mömmukökur eru líka alltaf á borðum sem sumir kalla mömmukossa. Svo geri ég Sörur og súkkulaðibitakökur. Ég og systir mín bökum alltaf handa föðursystur okkar fyrir jólin,“ segir hún. „Marengsterta er fastur liður á jóladag en ég ólst upp við þann sið,“ segir Rannveig.

## Piparkökuhúsadagur

Undanfarin ár hefur hún alltaf verið með piparkökuskreytingadag með vinum sem hún segir að sé ákaflega skemmtilegt. „Ég gerði fimm lítil piparkökuhús fyrir fjölskyldu og vini til að skreyta. Við höldum þennan dag yfirleitt fyrsta dag aðventu. Ég er mikil jólamanneskja og er búin að skreyta allt,“ segir hún.

## Góður jólamatur

Rannveig og fjölskylda hennar borða purusteik á aðfangadag en skelfisk, humar, risarækjur og þess háttar fínerí á jóladag. „Ég var alin upp við fisk eða kjúkling á jóladag en móðir mín þoldi illa reyktan mat. Þess vegna var ekki hangikjöt. Maðurinn minn var alinn upp við skelfisk á jóladag og við höldum þeirri venju. Svo geri ég ístertu í eftirrétt,“ segir Rannveig sem var alin upp á Suðureyri við Súgandafjörð. „Ég hlakka mikið til jólanna, finnst þetta frábær tími. Ég veit ekki hvernig hús ég bý til á næsta ári en ábendingar væru vel þegnar,“ segir hún.

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.790 kr.*
NAUTAKJÖT Í OSTRUSÓSU
KJÚKLINGUR Í KARRÝSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI
*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is

Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

# Mikið lítur þú vel út

**Þetta er jólagjöfin í ár, segir Friðrik Agni Árnason, sem mælir eindregið með KOLLAGEN húðvörunum frá COLWAY í jólapakkann. Sjálfur hefur Friðrik notað vörurnar daglega í rúmt ár.**



Friðrik Agni Árnason hefur notað kollagen húðvörurnar í rúmt ár og notar þær daglega. Rannsóknir sýna að hægt er að bæta sér upp minnkandi kollagenframleiðslu líkamans með því að bera kollagenið beint á húðina.

Friðrik Agni Árnason, stílisti, dansari og verkefnastjóri, hefur notað KOLLAGEN húðvörurnar í rúmt ár og notar þær daglega. „Ég nota Atelo KOLLAGEN gelið, MC2 KOLLAGEN rakakremið, KOLLAGEN augnkremið og svo elska ég KOLLAGEN andlitsvatnið sem er í spreyformi. Ég nota það nokkrum sinnum yfir daginn því mér finnst það gefa mér aukna orku og vellíðan í amstri dagsins. KOLLAGEN andlitsmaskann sef ég svo með þrisvar í viku. Ég er nýfarinn að nota nýja BLUE DIAMOND PEELING kornamaskann sem inniheldur tólf öflug innihaldsefni þar á meðal demantsryk en kornamaskinn losar um dauðar húðfrumur og gefur húðinni góða næringu og raka. Húðin verður svo silkimjúk og falleg. Kornamaskinn er kominn í algjört uppáhald hjá mér núna. KOLLAGEN húðvörurnar frá COLWAY hafa gert húðina mína stinnari, mýkri og fallegri. Við megum ekki gleyma okkur sjálfum í amstri dagsins því við eigum bara einn líkama og hann verðum við að hugsa vel um. Það geri ég á hverjum degi með húðvörunum frá COLWAY,“ segir Friðrik.







### Féll kylliflöt fyrir vörunum

Mikið lítur þú vel út – hvað hefur þú verið að gera? er setning sem Fríða Pétursdóttir heyrir daglega en Fríða hefur notað nýju KOLLAGEN húðvörulínuna í 6 mánuði.

„Ég byrjaði að nota nýju KOLLAGEN húðvörurnar frá Colway síðastliðið vor. Ég nota þær mjög samviskulega á hverjum degi og veit fátt betra en þessar gæðastundir. Um leið og ég byrjaði að nota húðvörurnar féll ég kylliflöt fyrir þeim og nota ekkert annað í dag. Fólk er að stoppa mig á förnum vegi og hrósa mér fyrir útlitið sem ég þakka KOLLAGEN húðvörunum frá Colway algjörlega. Ég á orðið alla húðvörulínuna og elska hverja einustu vöru. Nýjasta varan er kornamaski með demantsdufti í og heitir Blue Diamond Peeling. Hann inniheldur tylft náttúrulegra innihaldsefna sem gera húðina silkimjúka og fallega auk þess að vinna gegn öldrun hennar, fínum línum og hrukkum,“ segir Fríða. Það að gefa Blue Diamond KOLLAGEN rakakremið og nýja Blue Diamond Peeling kornamaskann er frábær jólagjöf.

### Kollagen beint á húðina

Með því að bera kollagenið beint á húðina og á þá staði sem okkur finnst vera farnir að láta á sjá náum við að vinna gegn þessari náttúrulegru öldrun húðarinnar sem fylgir aldrinum og minnkandi framleiðslu kollagensins í líkamanum sem hefst upp úr 25 ára aldri. Kollagenið hægir á öldrun húðarinnar, gerir húðina stinnari og teygjanlegri, vinnur gegn fínum línum og hrukkum. Það gefur húðinni góðan raka og húðin verður fallegri. Rannsóknir sýna að hægt er að bæta sér upp minnkandi kollagenframleiðslu líkamans með því að bera kollagenið beint á húðina.

Allar KOLLAGEN húðvörurnar eru frábærar í jólapakkann í ár.




Sölustaðir: Apótek Garðabæjar, Apótek MOS, Apótekarinn, Apótekið, Heilsuhúsið, Heilsuver, Lyf og heilsa, Lyfja, Lyfjaver, Lyfsalinn Glæsibæ, Urðarapótek, www.lyfja.is og www.heilsanheim.is.

# Vellíðan og slökun í jólagjöf

**Ef þig vantar jólagjöf handa þeim sem eiga allt eða eru að glíma við svefnleysi, bólgur, eymsli eða aðra verki þá eru jólagjafaöskjurnar NIGHT og RECOVERY frá Essential Magnesíum algerlega málið.**

Sigrún Kjartansdóttir, einkaþjálfari og hóptímakennari, þekkir mikilvægi og gagnsemi magnesíums vel. „Magnesíum er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og er gríðarlega mikilvægt heilsu okkar. Það kemur fyrir í 300 mismunandi efnaskiptaferlum líkamans og getur magnesíumskortur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Stór hluti mannkyns glímir við magnesíumskort en magnesíumskortur getur lýst sér sem svefnerfiðleikar, streita, síþreyta, orkuleysi, vöðvakrampar, sinadráttur, fótapirringur og höfuðverkur svo eitthvað sé nefnt og þess vegna er mjög mikilvægt að huga vel að því að taka magnesíum reglulega,“ segir Sigrún.

Með því að bera magnesíumolíu eða magnesíumkrem beint á þá staði líkamans sem eru að valda fólki bólgum, verkjum eða öðrum óþægindum er hægt að vinna staðbundið með vandamálið skjótar en með inntöku. „Nýja magnesíum húðvörulínan frá Essential Magnesium inniheldur frábærar vörur sem auk þess að innihalda magnesíum innihalda fjölda náttúrulegra efna sem eru bólgueyðandi, slakandi, róandi og verkjastillandi og því frábær lausn til að vinna á þessum hvimleiðu einkennum magnesíumskorts.“ Hægt er að velja milli fjögurra




mismunandi tegunda. Þær heita Active, Day, Night og Recovery auk sérstakra húðvörulínu fyrir börn sem heitir Kids og inniheldur einnig magnesíum.

### Tilvalin jólagjöf

Ef þig vantar jólagjöf handa þeim sem eiga allt eða eru að glíma við svefnleysi, bólgur, eymsli eða aðra verki þá eru jólagjafaöskjurnar frá Essential Magnesium málið. Þær koma í tveimur tegundum og innihalda magnesíumflögur í baðið og fótabaðið ásamt kremi (bodylotion) og spreyi á líkamann. Þessar vörur eru einnig tilvaldar fyrir þá sem stunda miklar íþróttir og þurfa að ná sér fljótt eftir erfiðar æfingar.

**NIGHT gjafaaskjan** er tilvalin fyrir þá sem eiga erfitt með að sofna og sofa illa og eru að glíma við fótapirring, sinadrátt og vöðvakrampa á nóttinni. Vörurnar innihalda magnesíum, arnica og lavender.

> Stór hluti mannkyns glímir við magnesíumskort en magnesíumskortur getur lýst sér sem svefnerfiðleikar, streita, síþreyta, orkuleysi, vöðvakrampar, sinadráttur, fótapirringur og höfuðverkur.



Sigrún Kjartansdóttir, einkaþjálfari og hóptímakennari

**RECOVERY gjafaaskjan** er tilvalin fyrir allt fólk sem stundar mikla hreyfingu og íþróttir og fyrir alla sem eru að glíma við gigt, vöðvabólgu, þreytu og verki. Vörurnar innihalda magnesíum, arnica, MSM, ginger, eucalyptus auk fleiri öflugra náttúrulegra efna.

Sölustaðir: Flest apótek á landinu, Heilsuhúsið, Betra bak, www.lyfja.is og heilsanheim.is.

# Grýla er birtingarmynd náttúrunnar



Arnbjörg María Danielsen sýningarstjóri sýningarinnar Ég er Grýla í Norræna húsinu. MYND/ ANTON BRINK

Öldum saman hefur Grýla verið mesta áhrifakona landsins og fengið fjölda barna til að hegða sér vel. Henni verður fagnað í Norræna húsinu á sunnudaginn.

Á sýningunni kallast túlkun íslenskra myndlistarmanna úr samtímanum á við myndmál fyrri tíma og sýn mismunandi kynslóða á hið margslungna fyrirbæri Grýlu. Sýningarstjórinn Arnbjörg María Danielsen segir hugmyndina hafa kviknað þegar Grýlu sem náttúruvætt bar á góma. „Gerður Pálmadóttir kom með þá hugmynd að gera Grýludag sem ætti að halda áður en jólasveinarnir koma til byggða og ég í rauninni bara greip þessa hugmynd á lofti því ég hef alltaf haft áhuga á þessari kvenmynd, tröllskessunni ógurlegu sem birtist í alls konar formum í okkar sagnaminni og í samtímanum sem samheiti fyrir alls konar óæskilegar konur, hún er algjör grýla og svo framvegis.“

Arnbjörg segir að svo virðist sem Ásgrímur Jónsson hafi verið sá fyrsti til að teikna Grýlu í upphafi tuttugustu aldar og að nálgun hans hafi strax slegið í gegn hjá almenningi. „Þetta eru þær myndir sem marka og sýna hvernig þessar kynjaverur birtast okkur og mér fannst áhugavert að spegla það við nútímann,“ segir hún og bætir við: „Grýla getur verið hefðbundin goðsagnapersóna eins og hún birtist okkur í þessum fígúratívu teikningum, eins og hjá Ásgrími og Brian Pilkington og aftan á Vísnabókinni, en mér fannst svo áhugavert að velta fyrir mér hvað liggur á bak við. Hún er náttúrulega tröll, kvenvera með marga lesti og óæskilega kosti en að sama skapi er hún náttúruafl og mér fannst áhugavert að víxla þessum hugmyndum um þessa goðsagnaveru og tengja hana við okkar frumgoðsagnaheim því allar þessar verur eru hluti af okkar heiðnu trúarbrögðum og náttúrutrúarbrögðum og í dag er brýnt að snúa okkur aftur að vættum sem tengja okkur við náttúruna.“

Hún segir Grýlu sannarlega vera listamönnum hugleikna og að hún hafi þurft að velja úr hundruðum mynda. „Sýningin er í anddyrinu af því að Grýla er á jaðrinum svo þetta er það fyrsta sem fólk sér þegar það kemur inn í húsið,“ segir hún og bætir brosandi við: „Kannski svolítið óhugnanlegt en börn hafa nú bara gott af því enda sá ég á hrekkjavökunni síðast að ég þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af þeim.“

Hún segir gaman að fá ólíka sýn listamannanna á þessa persónu sem allir þekkja. „Sumir sjá hana sem náttúruafl, aðrir sem misskilda utangarðskonu, sem minnir á lýsingu Egils Sæbjörnssonar á utangarðsfólki í verkinu Tröll. Gabríella Friðriksdóttir sér hana sem fyrstu hugmyndina um sterka konu síðan Gullveig kemur inn á sviðið í Völuspá. Þá er líka mjög skemmtileg samlíking hjá Steingrími Eyfjörð þar sem hann veltir fyrir sér hinum algera ljótleika Grýlu í samhengi við hina algeru fegurð Venusar og í framhaldi af því skoðar hann hugmyndir um vestræna fegurðardýrkun. Anna Rún Tryggvadóttir talar svo um Grýlu sem áminningu um hið ófyrirsjáanlega og stjórnlausa. Þetta eru allt mjög skemmtilegar pælingar.“

Arnbjörg vonast til þess að Grýludagurinn verði að fasta á jólaföstunni. „Ein hugmyndin sem Gerður kom með var að kynna Grýlu til sögunnar í nýju hlutverki sem boðbera náttúrunnar, ófrýnilegt tröll sem skipar fólki að taka til og flokka rusl. Grýludagurinn gæti til dæmis verið laugardaginn áður en jólasveinarnir koma til byggða 12. desember og þá verði allir krakkar að vera duglegir að taka til og flokka rusl því annars fá þeir ekkert í skólinn.“

Sýningin Ég er Grýla verður opnuð í Norræna húsinu á morgun, sunnudag, klukkan 15 en allar nánari upplýsingar má finna á vef Norræna hússins, www.nordichouse.is.

# Barnadagur UNICEF í Lindex

UNICEF dagurinn verður í verslun Lindex í Smáralind frá klukkan 13-16 í dag. Dagurinn var í fyrsta sinn haldinn hátíðlegur í fyrra og heppnaðist frábærlega þannig að ákveðið var að endurtaka leikinn í ár. Margt verður um að vera í versluninni.

Jólasveinninn kemur í Lindex í Smáralind í dag og geta gestir og gangandi fengið mynd af sér með sveinka. Hægt verður að lita jólakort í föndurhorninu og krakka-karíókí verður í boði með þeim Þórunni Antoníu og Dóru Júlíu. Einnig mun starfsfólk UNICEF bjóða börnum og fullorðnum upp á skemmtilega fræðslu og sýna hvernig hjálpargögn keypt á Íslandi geta nýst börnum í neyð. UNICEF á Íslandi og Lindex hafa verið samstarfsaðilar til fjölda ára. Samstarfið hefur í heildina skilað 25 milljónum fyrir börn um allan heim, meðal annars í gegnum sölu á Sönnum gjöfum í öllum verslunum Lindex fyrir jólin.

### Öll börn eiga rétt á menntun

Einstakt útsýni og gott skipulag

**Stærð: 191 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1969**
**Fasteignamat: 61.900.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter




**Opið hús sunnudaginn 9. desember frá kl. 14:00 -14:30**

**Verð: 75.900.000**




Mjög falleg og smekkleg 5. herbergja útsýnisíbúð með þremur svefnherbergjum í góðu fjórbýlishúsi með sérinngangi á eftirsóttum stað. Möguleiki er á að útbúa auka íbúð í bílskúr. Auk þess er garðskáli og rými undir bílskúr með ýmsa möguleika. Birt stærð skv. Þjóðskrá eru 191 fm og þar af bílskúr 37,4 fm og gróðurhús 18,7 fm. Bílskúr er með nýjum útvegg, hurð og glugga. Búið er jafnframt að stúka af baðherbergi, flota rými og gera op í rými sem er undir bílskúr. Auk þess er búið að opna að hluta til inn í garðskála frá rými undir bílskúr.

Baðherbergi var endurnýjað árið 2018. Svalir á íbúð voru teknar í gegn og steyptar upp árið 2018 ásamt því handrið á þeim voru máluð og hreinsuð upp að nýju. Húsið var allt málað að utan árið 2017 og þak endurnýjað að því leyti að settur var á þakið þakdúkur árið 2018. Skipt var um rafmagnstöflu og nýtt rafmagn dregið í íbúð árið 2017. Gólf íbúðar var allt flotað upp á nýtt og skipt var um teppi í stigahúsi íbúðar árið 2016. Um þessar mundir er verið lagfæra svalahurðir í íbúð á kostnað seljanda.

Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
**661-6056**
gulli@remax.is



# Laufengi 142
112 Reykjavík
Raðhús með garð sem snýr í suður.

**Stærð: 119,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1992**
**Fasteignamat: 42.550.000**

RE/MAX Senter




**Opið hús sunnudag 9. des. kl. 18:00 - 18:30**

**Verð: 56.900.000**




RE/MAX SENTER KYNNIR: Raðhús á tveimur hæðum í raðhúsalengju við Laufengi 136-150.

Nánari lýsing neðri hæð: forstofa með flísum á gólfi og lítið fatahengi. Eldhúsið er með góðu skápa og borðplássi ásamt borðkrók. Gestasalerni og þvottahús. Stofan er björt og rúmgóð með parketi á gólfi, útgengi út í lokaðan suður garð með stórri timburverönd. Efri hæðin skiptist í 4 svefnherbergi með parketi á gólfum, úr hjónaherberginu er gengið út á svalir sem snúa til suðurs. Lítil geymsla með hillum. Baðherbergi með innréttingu og baðkari. Einnig fylgir eigninni hlutdeild í úti geymslu. Fyrir framan hús er lítill garður. Tvö bílastæði fylgja eigninni fyrir framan hús. Nýlega er búið að skipta um innihurðar, parket, eldhústæki og fl. Góð fjölskyldu eign á vinsælum stað þar sem stutt er í flest alla þjónustu skóla, leikskóla, íþróttir og fl.

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is



Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
**661-6056**
gulli@remax.is



**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Skúlagata 20
101 Reykjavík
Fyrir 60 ára og eldri

**Stærð: 64,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1997**
**Fasteignamat: 34.000.000**

RE/MAX Senter




**Opið hús sunnudaginn 9. desember frá kl. 13:00-13:30**

**Verð: 32.900.000**




RE/MAX Senter og Guðlaugur kynna í einkasölu tveggja herbergja íbúð á jarðhæð með sérafnotarétti á lóð í lyftuhúsi við Skúlagötu 20. Íbúðir í húsinu eru einungis fyrir íbúa sem eru 60 ára og eldri. Eignin skiptist í forstofu með fataskáp, stofu, opið eldhús, svefnherbergi með fataskáp, geymslu inn af íbúð og baðherbergi með sturtu.

Um er að ræða mjög góða staðsetningu miðsvæðis í 101 Reykjavík þar sem stutt er í alla þjónustu. Aðalinngangur inn í húsið er frá Lindargötu ( Hægt er að ganga einnig inn í húsið frá Skúlagötu ) Bókið skoðun hjá Gulla í síma 661 6056 eða sendið tölvupóst á gulli@remax.is

Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
**661-6056**
gulli@remax.is



# Burknavellir 17A
221 Hafnarfjörður
Glæsileg 4ja herb.íbúð m/stæði

**Stærð: 105,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2004**
**Fasteignamat: 39.850.000**

RE/MAX Senter





**Bókið skoðun í síma 820-0490**

**Verð: 45.900.000**

Glæsileg og rúmgóð 4ra herbergja 105,3 fm íbúð á 4. hæð (efstu hæð )í lyftublokk. Íbúðin er með sérinngangi af svölum og sérmerkt stæði í bílageymslu fylgir. Vel staðsett íbúð, fallegt útsýni, snyrtileg sameign og stutt í leik- og grunnskóla og fallegar gönguleiðir. Eignin getur verið laus við kaupsamning. Allar frekari upplýsingar veitir Guðrún þ. Helgadóttir, löggiltur fasteignasali síma 820-0490 eða gudrun@remax.is.

Guðrún Þ.Helgad.
Lögg. fasteignasali
**820-0490**
gudrun@remax.is



# Kinnargata 15
210 Garðabær
Fallegt og vel staðsett parhús

**Stærð: 196,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2017**
**Fasteignamat: 43.300.000**

RE/MAX Senter






**Opið hús mánud. 10.des kl. 17:00-17:30**

**Verð: 0**

Parhús á vinsælum stað í Suðurhlíð Urriðaholts. Húsið afhendist fullbúið að innan, fullbúin lóð að framan og grófjafnað að aftan. Eignin bíður upp á að breyta hluta af neðri hæðinni í sér íbúð með sér inngang. Á jarðhæð er forstofa, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, geymsla og bílskúr. Á efri hæðinni er stofa/borðstofa opin með eldhús, hjónaherbergi, barnaherbergi og salerni. Mikil lofthæð og gólf síðir gluggar. Úr stofunni er út gengi út á stórar svalir með útsýni til suð-vesturs. Mikil lofthæð er á efri hæðinni.

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is



Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
**661-6056**
gulli@remax.is



**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# SÖLUSÝNING - HOLTSVEGUR 2-6

SUNNUDAGINN 9. DESEMBER - KL. 15.00 - 15.30

## Glæsilegar 2ja til 5 herbergja íbúðir á einstökum stað í Urriðaholti



## UPPHAF FASTEIGNAFÉLAG

Upphaf fasteignafélag slhf. er alhliða fjárfestir á íbúðamarkaði sem tekur þátt í verkefnum á öllum stigum byggingarferilsins. Markmið félagsins er að byggja næstu árin allt að 200 til 250 hagkvæmar íbúðir á ári, sem eru ætlaðar litlum og meðalstórum fjölskyldum. Íbúð- irnar eru ýmist ætlaðar til útleigu eða sölu. Verkefnin eru unnin fyrir félagið af fjölmörgum byggingarverktökum. Félagið vinnur einnig að þróunarverkefnum lóða og svæða, endurbótum og breytingum á eldra húsnæði.



Upphaf er með um 900 íbúðir í þróun, byggingu, sölu eða leigu á höfuðborgarsvæðinu öllu.
Heimasíða félagsins er www.upphaf.is og síminn er 519 3300.

Upphaf
FASTEIGNAFÉLAG




VHE ehf. ARKÍS

## ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA

**Gunnar Sverrir Harðarson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 862 2001
gunnar@remax.is

**Ástþór Reynir Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter





Ráðgjöf

Fræðsla

Forvarnir

„Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir."

*Teitur Guðmundsson, læknir og ritstjóri doktor.is*






Doktor.is

# Hvers vegna eru allir að tala um þarmaflóruna?

**Áhugi og þekking vísindasamfélagsins á þarmaflórunni hefur aukist mjög frá því sem áður var, ekki síst vegna þess að sýnt þykir að heilbrigði þarmaflórunnar getur skipt miklu máli fyrir heilsu fólks, jafnt líkamlega sem andlega. Þorbjörg Hafsteinsdóttir mælir með Probi Mage LP299V®.**

Hippókrates sagði á sínum tíma: „Allir sjúkdómar hefjast í meltingarvegi,“ og þó svo hann hafi ef til vill ekki fengið þann hljómgrunn sem hann vonaðist eftir þá er margt sem bendir til þess að hann hafi haft á réttu að standa hvað þetta varðar, að einhverju leyti í það minnsta. Þeir sem eiga við tilfallandi eða langvarandi óþægindi tengd meltingu að etja þekkja vel hversu mikil áhrif það getur haft á daglegt líf og að sama skapi hversu mikill léttir það er þegar komist er fyrir slíkt ástand.

### Hvað er mjólkursýrugerill?

FAO/WHO (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin) samþykkti árið 2002 að skilgreina mjólkursýrugerla (e. probiotics) sem „lifandi vistkerfi sem, miðað við að gefið sé í nægjanlegu magni, hefur heilsubætandi áhrif á þann sem neytir“.

Vistkerfi líkamans er bæði flókið og fjölbreytilegt og þarmaflóran magnað fyrirbæri. Lactobacillus gerlategundin tilheyrir hópi mjólkursýrugerla sem eiga það sameiginlegt að geta framleitt mjólkursýru. Gerlarnir eru mikilvægur hluti af örlífverum þarmanna en eru aftur á móti ekki allir eins. Til að mynda bindast þeir ólíkum viðtökum í þörmunum sem leiðir til ólíkra áhrifa á ónæmiskerfið, næringarupptöku, þarmaflóruna o.s.frv. og virkni þeirra getur verið býsna ólík, jafnvel innan tegundarinnar. Lactobacillus plantarum 299v tilheyrir þessum gerlahópi og býr yfir einkar áhugaverðum eiginleikum. Hann hefur sýnt sig virka vel gegn iðraólgu og hefur jákvæð áhrif á varnir líkamans.

### Merkileg uppgötvun

Um miðjan áttunda áratuginn komust vísindamenn við Háskólasjúkrahúsið í Lundi í Svíþjóð að því að algengt var að finna mjólkursýrugerilinn Lactobacillus plantarum í heilbrigðum þörmum, en hann var mun sjaldnar að finna í sjúkum þörmum. Þetta kallaði á frekari rannsóknir og leiddi til uppgötvunar á mjólkursýrugerlinum Lactobacillus plantarum 299v, sem sýndi sig vera sérlega efnilegur sem hugsanlegt meðferðarform þar sem hann var einkar harðger og lifði af bæði gall- og magasýrur og ekki síst vegna þess að það var að finna í meltingarveginum öllum, allt frá munnholi og niður í ristil. Þessar merku niðurstöður leiddu til stofnunar fyrirtækisins Probi AB í Svíþjóð árið 1991.

### Eru allir mjólkursýrugerlar eins?

Mjólkursýrugerlar eru eins ólíkir og þeir eru margir og með mismunandi virkni. Til að undirstrika fjölbreytileika og ólíka virkni mismunandi mjólkursýrugerla hefur stundum verið gripið til samlíkingarinnar um að Labrador-hundur og Chihuahua-hundur séu jú báðir af hundakyni en þó alls ekki eins, ekki frekar en að reiðhjól og Rolls Royce séu eins, þó sannarlega megi kalla hvort tveggja farartæki.




### Vöndum valið!

Það er ráð að vanda valið þegar velja á mjólkursýrugerla og kynna sér hverjir eiginleikar þeirra eru og hvort eða hvernig hefur verið sýnt fram á virkni þeirra. Þá er sérstaklega mikilvægt að velja mjólkursýrugerla sem vitað er að lifa af ferðalagið í gegnum meltingarveginn eins og á við um mólkursýrugerillinn Lactobacillus plantarum LP299v (LP299V®) í Probi Mage LP299V®.

Og það allra mikilvægasta: Einnig skyldi skoða hvort vara sem inniheldur tiltekna gerla innihaldi þá í því magni sem gagnast neytandanum og tryggir tilætlaða virkni. Hvert hylki af Probi Mage LP299V® inniheldur að minnsta kosti 10 milljarða gerla (CFU) á fyrningardagsetningu og dagskammtur er 1 hylki á dag. Þetta er ***sami skammtur*** (sem er lykilatriði) og hefur meðal annars sýnt sig í fjölmörgum rannsóknum hafa sérstaklega góða eiginleika gegn því sem stundum er nefnt iðraólga einu orði. Með iðraólgu er aðallega átt við einkenni eins og:

- uppþembu
- vindgang
- niðurgang
- hægðatregðu.

Fæst í apótekum, heilsuverslunum, Fjarðarkaup, Hagkaup og Melabúðinni.



**Þorbjörg Hafsteinsdóttir mælir með Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlum fyrir fólk á öllum aldri.**

## Iðraólga er ekki eðlilegt ástand til langs tíma

Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti notar Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerla fyrir sig og sína og hefur fjölmargar góðar reynslusögur frá fólki sem hefur notað vöruna. „Hér höfum við vöru sem gerðar hafa verið fjölmargar rannsóknir á. Rannsóknirnar spanna rúma tvo áratugi og sýna fram á gagnsemi gegn iðraólgu auk þess að styrkja varnir líkamans. Iðraólga getur verið virkilega hvimleitt vandamál og leggst misjafnlega á fólk. Sumir eiga það til að stíflast og þjást af hægðatregðu til lengri eða skemmri tíma á meðan aðrir upplifa lausar hægðir og jafnvel niðurgang og ólgu sem stundum gerir ekki boð á undan sér. Oftar en ekki fylgja alls kyns önnur ónot með sem sum okkar hafa átt við að stríða í áraraðir og líta jafnvel á sem eðlilegt ástand. Vindgangur er enn ein birtingarmynd þess að kannski sé ekki allt eins og best verður á kosið í meltingarveginum okkar og getur verið til marks um ójafnvægi í þarmaflórunni en þá kemur þessi magnaði mjólkursýrugerill að góðum notum,“ segir Þorbjörg.

„Sjálf hef ég ekki fundið betri vöru en Probi Mage LP299V® í öll þau ár sem ég hef starfað sem næringarþerapisti, hvorki hér heima né erlendis, enda þekki ég vel hversu mikilvægt er að hlúa að meltingunni og þarmaflórunni fyrir heilsuna. Probi Mage LP299V® hefur sannreynda virkni sem ég ráðlegg jafnt karlmönnum og konum sem vilja bæta meltinguna og styrkja ónæmiskerfið að taka þá. Ég nefni karlmennina sérstaklega því þeir eru ófáir sem ég þekki til sem hafa notað Probi Mage hylkin og hreinlega geta ekki án þeirra verið. Fjölmargar konur sem til mín leita lýsa einnig virkilega jákvæðri reynslu af notkun Probi Mage LP299V® og líðanin er allt önnur og betri.“

Probi Mage LP299V® er fæðubótarefni og er eina varan á Íslandi sem inniheldur mjólkursýrugerilinn Lactobacillus plantarum LP299v (LP299V®). Varan hefur verið söluhæst í sínum flokki í Svíþjóð og fengið frábærar móttökur á Íslandi. Neysla fæðubótarefna kemur þó ekki í stað fjölbreyttrar fæðu.

# Kennir ungum börnum að fást við tilfinningar




Bókin er gefin út af Bjarti Veröld. Væntanleg rafbók, eftir Leszek Daszkowski, er samvinuverkefni Félags heyrnarlausra, RÚV, Sinfó og Bjarts.

**Drekinn innra með mér er ný bók eftir Lailu M. Arnþórsdóttur, ráðgjafa hjá Félagi heyrnarlausra, með teikningum eftir Svövu Björgu Einarsdóttur en hún kennir ungum börnum að þekkja og fást við tilfinningar sínar.**

**Vera Einarsdóttir**
vera@frettabladid.is



Fjölmörg börn kannast við Drekann en samnefnd sýning með tónlist eftir Elínu Gunnlaugsdóttur var sett upp í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu fyrr á árinu við miklar vinsældir barna á leikskólaaldri og í 1. og 2. bekk grunnskóla. Bókin varð til í huga Lailu M. Arnþórsdóttur á löngum göngum hennar eftir Sæbrautinni á leið til vinnu. „Þegar yngsti sonur minn fékk bílpróf ákvað ég að láta hann hafa bílinn minn og ganga til vinnu úr Árbænum í Þverholt. Ég gekk eftir Sæbrautinni í stað þess að sitja pirruð í umferðaröngþveiti og við það gerðist eitthvað. Ég fór að hlusta á öldurnar og varð fyrir eins konar núvitundarupplifun. Það var þá sem Drekinn kom til mín,“ upplýsir Laila sem hefur unnið mikið með ungum börnum, bæði á leikskóla og hjá Félagi heyrnarlausra.

Sagan fjallar um litla stúlku sem kemst að því að innra með henni býr dreki sem er besta skinn. Drekinn, sem er heyrnarlaus, kennir henni að þekkja tilfinningar sínar og hvernig hún geti brugðist við þeim. Laila gekk sjálf í gegnum erfiða hluti sem barn og þekkir af eigin raun að eiga sér leynivin sem hún leitaði til þegar eitthvað bjátaði á.

## Skiptir litum eftir skapi

Drekinn í sögunni skiptir litum. „Hann er rauður þegar hann er reiður, grænn þegar hann er góður, fjólublár þegar hann er frekur og appelsínugulur þegar hann er óþolinmóður,“ útskýrir Laila. „Allt eru þetta tilfinningar sem búa með okkur öllum og eiga fullan rétt á sér en við þurfum að læra að takast á við. Pabbar geta líka grátið og mömmur orðið arfabrjálaðar og er gott fyrir lítil börn að fá tækifæri til að lesa um og ræða slíka hluti.“

Í bókinni fer stúlkan til dæmis á hárgreiðslustofu en vill alls ekki láta klippa sig. Hún verður svo reið að hún sparkar í mömmu sína sem bregst ókvæða við. Hún þarf líka að takast á við sorg þegar heimiliskötturinn deyr. Þá sér hún pabba sinn gráta enda hafði hann átt köttinn frá unga aldri. „Drekinn kemur svo og færir þeim nýjan kött og þá blandast saman gleði og sorg, enda er það ekki svo að við upplifum alltaf bara eina tilfinningu í einu heldur er oft um að ræða einhvers konar tilfinningakokteil,“ útskýrir Laila. Í bókinni er líka fjallað um hræðslu og ástæðulausan ótta. „Stúlkan verður allt í einu vör við að það er krumla sem klórar í gluggann og ímyndar sér að þar sé ófreskja á ferð. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að þetta er bara grein sem slæst í gluggann og óttinn því ástæðulaus,“ upplýsir Laila.

## Auðveldar börnum að tjá sig

Hún segir dæmi um að börn hafi átt auðveldara með að ræða tilfinningar sínar eftir lestur bókarinnar, en hún er hugsuð fyrir börn frá um það bil þriggja ára aldri. „Ég heyrði til dæmis af einni lítilli stúlku sem hafði verið að takast á við missi og gat komið tilfinningum sínum í orð eftir að hafa heyrt söguna um köttinn. Þá hugsa ég oft til lítillar stúlku sem ég gætti á leikskóla fyrir tugum ára. Hún átti erfitt heima fyrir og ég ímynda mér að það hefði verið gott að hafa bók eins og þessa við höndina til að ná til hennar. Börn sjá heiminn mjög sjónrænt. Tilfinningar eru aftur á móti huglægar og það þarf að hjálpa þeim að komast í samband við þær.“



Hugmyndin að drekanum kom til Lailu, fyrir miðju, á löngum göngum hennar eftir Sæbrautinni. Hann er heyrnarlaus og skiptir litum eftir skapi. Hér er hann ásamt Amelíu Daszkowski sem syngur einsöng á táknmáli með Dívunum á jólatónleikum Sinfó í ár. Lengst til vinstri er teiknarinn Svava Björg Einarsdóttir.

Að mati Lailu hefur vantað tæki til að kenna ungum börnum að takast á við tilfinningar sínar en það ætti að gagnast þeim út í lífið. „Í bókinni er þeim meðal annars kennt að hugsa sér eða teikna biðukollu, fylla magann af lofti og blása aftur og aftur þar til reiðin er runnin eða tilfinningin liðin hjá en það sama má gera með ímyndaðar sápukúlur svo dæmi sé nefnt.

## Umhugað um aðgengi heyrnarlausra

Laila vinnur mikið með heyrnarlausum börnum og hefur umsjón með Litlu sprotunum, kór heyrnarlausra barna, ásamt kórstjóranum Hjördísi Önnu Haraldsdóttur en kórinn hefur meðal annars troðið upp á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands undanfarin ár. „Mér er mjög umhugað um hvers kyns aðgengi heyrnarlausra og lagði þess vegna ríka áherslu á að bókin kæmi út á rafrænu formi samtímis en yfirleitt þurfa heyrnarlaus börn að bíða eftir jólabókunum á formi sem hentar þeim í nokkur ár. Bókin sjálf er komin út en rafbókin er væntanleg og er stefnt að því að hún verði aðgengileg öllum börnum.“

Laila segir heyrandi jafnt sem heyrnarlaus börn mjög spennt fyrir drekanum. Hann fer með henni í upplestra á leikskóla vítt og breitt og er börnunum meðal annars kennt að segja dreki á táknmáli. Drekinn á sér líka lag með texta eftir Þórarin Eldjárn sem þau fá að heyra. Laila segir heyrnarlausu börnin upplifa tónlistina á sinn hátt og undirstrikar mikilvægi þess að þau fái að vera með og upplifa. „Þegar Sprotarnir mínir fara á æfingar með Sinfó fá þau að leggjast á gólfið til að finna víbringinn, taktinn og bassann. Það hefur mikil áhrif á þau. Svo mikil að ein kórstúlkan sem er alveg heyrnarlaus, á heyrnarlausa foreldra og systur óskaði sér gítars í jólagjöf í fyrra. Hún ætlar að verða söngkona og syngur Heims um ból á táknmáli með Dívunum í ár.“

Aðspurð á Laila allt eins von á því að framhald verði á drekasögum. „Ég finn að drekinn er að gera vart við sig á ný og vill núna að ég takist á við vináttuna og fjalli um hluti eins og að það eigi að koma fram við aðra eins og maður vill láta koma fram við sig og ekki segja hluti um aðra sem maður getur ekki sagt augliti til auglitis. Það getur gagnast mörgum að tileinka sér það frá unga aldri, eins og dæmin sanna.“

JÓLA-FÓLK

**Alla föstudaga** fram að jólum verður Fólk Fréttablaðsins stútfullt af smákökum, kertaljósum, konfekti, mandarínum, jólamat, jólatísku, jólasögum og jólastemningu heima og að heiman.
**Vertu með í jólaskapi og komdu jólaskilaboðum þínum beint til lesenda.**

**Viltu þú auglýsa í mest lesna blaði landsins?**

**Hafðu þá samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins.**
**Sími 550 5077 – serblod@frettabladid.is**












Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**60FM ATVINNUH. Í KÓPAVOGI Á GÓÐUM STAÐ !**

ca. 60fm atvinnuhúsnæði í Kóp. á besta stað, hátt til lofts. Hentugt sem lager eða f. léttan iðnað. Rýmið er inn af öðru verkstæði. Sameiginleg snyrting.

**Uppl. í s. 892 1284**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is












# Einbýlishús sem er í byggingu til sölu í Vogum í nýjum miðbæ















**Húsið er 198 m² með bílgeymslu og selst fullbúið að utan, full einangrað, frágengin rakasperra og lagnagrind. Bílgeymsla afstúkuð einangruð og klædd.**

**Verð kr. 35.200.000**

Sveitarfélagið Vogar er næst landstærsta sveitarfélagið á Suðurnesjum og nær yfir Vatnsleysuströnd og bæinn Voga.

Íbúum hefur fjölgað jafnt og þétt síðastliðin ár, og var íbúafjöldi 1. janúar 2018 orðin 1.268, enda í Vogum mjög fjölskylduvænt og stutt að sækja atvinnu og þjónustu.

Sveitarfélagið Vogar er mjög vel staðsett, aðeins 15 mín. akstur til Hafnarfjarðar og aðeins 8 mín. í verlsanamiðstöð á Fitjum í Reykjanesbæ, og ekki má gleyma þeim forréttindum að hafa flugstöð Leifs Eiríkssonar í næsta nágrenni.

Í nágrenni við þjónustu og vinnumarkað höfuðborgar-svæðisins, en býður upp á rólegt og vinalegt umhverfi þar sem stutt er í náttúruna.



## Láttu drauminn um nýtt heimili verða að veruleika með vönduðu og hagstæðu húsi frá Húseiningu.

Upplýsingar í síma 7705144

kjartan@huseining.is

Húseining framleiðir smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1 í Vogum. Húseining býður upp á gott úrval af húsagerðum, þar sem allir eiga að geta fundið heimili sem hentar. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Twin Wall

HÚSEINING

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Sími 770-5144
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is

**OPEL ATVINNUBÍLAR**

# TILBOÐ Á ÖRFÁUM BÍLUM TIL ÁRAMÓTA!

**Nýttu þér skattalegt hagræði ársins sem er að líða**

**Nokkrir sýningarbílar á veglegum afslætti**










| | | | |
|---|---|---|---|
| | **Afsláttur 631.000 kr.** | **Afsláttur 1.000.000 kr.** | **Afsláttur 1.200.000 kr.** |
| | **Vivaro - sendibíll (L2H1)** | **Movano (L1H1)** | **Movano hópferðabíll (L3H2)** |
| **Sætisfjöldi:** | 3 manna | 9 manna | 17 manna |
| **Vél:** | 1.6L dísel | 2.3L dísel | 2.3L dísel |
| **Gírskipting:** | Beinskiptur 6 gíra | Beinskiptur 6 gíra | Beinskiptur 6 gíra |
| **Burðargeta:** | 1.280 | 838 | 1.302 |
| **Rúmtak:** | 1598 | 2298 | 2298 |
| **Hestöfl:** | 115 | 145 | 145 |
| **Tog:** | 300 við 1750sn | 350 | 350 |
| **Eyðsla:** | 6,5 | 6,6 - 6,3 | 7,8 - 8,0 |
| **Verð:** | 4.090.000 kr. | 6.390.000 kr. | 7.790.000 kr. |
| **Tilboðsverð:** | 3.459.000 kr. | 5.390.000 kr. | 6.590.000 kr. |
| | **Tilb.verð án vsk. aðeins: 2.780.000 kr.** | **Tilb.verð án vsk. aðeins: 4.347.000 kr.** | **Tilb.verð án vsk. aðeins: 5.314.000 kr.** |

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér **Opel atvinnubíla** á **opel.is** eða hafðu samband við sölumann í síma eða á opel@opel.is og fáðu nánari upplýsingar

**Sýningarsalir:**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

Bílabúð Benna



**Þórsteinn segir breyttan tíðaranda endurspeglast í ljósmyndunum en þó sé eitthvað óáþreifanlegt sem haldist eins.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Tókst á við fíknina og ferillinn fór á flug

Ljósmyndaranum **Þórsteini Sigurðssyni** tókst ekki að fóta sig í skólakerfinu. Hann flosnaði upp úr menntaskóla og hefur glímt við fíknivanda frá því hann var unglingur. Þórsteinn náði loks stjórn á vandanum eftir innlögn á fíknigeðdeild Landspítalans árið 2015. Hann fékk inngöngu í Ljósmyndaskólann ári síðar og hefur vakið mikla athygli fyrir ljósmyndir sínar.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Ljósmyndarinn Þórsteinn Sigurðsson hefur vakið athygli síðustu ár fyrir ljósmyndir sem fanga íslenska jaðarmenningu. Þann 21. desember heldur hann fögnuð í Núllinu, sem er nýtt sýningarrými í Bankastræti 0 á móti Pönksafninu, og gefur út bók sem ljósmyndir úr lífi unglingsstráka prýða, Juvenile Bliss. Bókin verður gefin út af Grazie Press og að auki mun frönsk útgáfa, Classic Paris, selja bókina í Frakklandi og Bandaríkjunum.

„Þetta eru strákar sem lifa ekki alveg eftir hefðbundnum gildum,“ segir Þórsteinn. Þetta er önnur ljósmyndabókin sem hann gefur út á árinu. Fyrri bók hans, Container Society, vakti verðskuldaða athygli. Í henni fjallaði hann um líf tveggja manna sem búa í gámum úti á Granda í Reykjavík: Úrræði Reykjavíkurborgar fyrir heimilislaust fólk sem stríðir við fíknivanda.

Ljósmyndirnar í bókinni Juvenile Bliss eru teknar á löngu tímabili. Eða frá árinu 2006 til 2017. „Myndirnar gefa innsýn í daglegt líf tveggja kynslóða af unglingsstrákahópum í Reykjavík. Þær sýna ákveðna tegund af hópum. Bretta- og graffstráka sem flokkast undir jaðarhópa. Það er mikil orka í gangi,“ segir Þórsteinn.

Hann segir breyttan tíðaranda endurspeglast í myndunum en þó sé eitthvað óáþreifanlegt sem haldist eins.

„Myndirnar eru ótrúlega mismunandi enda teknar á löngum tíma, eða á 12 árum. Það var ótrúlega erfitt að setja þetta verk saman vegna þess hversu mismunandi myndirnar eru. En það sem kemur svo skemmtilega á óvart er hversu mikil líkindi eru með þessum tveimur hópum. Það er sama orkan í gangi,“ segir Þórsteinn.

### Skráði líf sitt og vina sinna

Myndirnar sem Þórsteinn tók fyrir rúmum áratug eru af vinum hans. En nýrri myndirnar eru af hóp stráka sem hann kynntist árið 2017.

„Ég í raun skráði líf mitt og vina minna þegar við vorum unglingar. Ég var alltaf með myndavélina og stanslaust að taka myndir af því sem við vorum að gera. Seinni hópurinn var aðeins meira krefjandi því þeir eru talsvert yngri en ég svo ég kem inn sem ljósmyndari í þann hóp. Ég þurfti að koma oft og stoppa stutt og já í raun fylgjast með í ákveðið langan tíma. En við tölum sama tungumálið svo þetta var allt mjög áreynslulaust og skemmtilegt,“ segir Þórsteinn.

*Myndirnar eru kraftmiklar. Það er svolítið pönk í þeim?*

„Já, það er mikið pönk í þessum myndum, þetta eru strákar sem lifa kannski ekki alveg eftir hefðbundnum gildum og eiga kannski margir hverjir erfitt með nám og fá þá útrás og uppreisn í einhverju öðru,“ segir Þórsteinn.

Hann segir vinnuferlið hafa stundum verið krefjandi. Á meðan hann skannaði inn gamlar myndir frá unglingsárum sínum helltust yfir hann gamlar tilfinningar.

„Erfiðasta ferlið var í raun að fara yfir allt gamla efnið sem var í misgóðu ástandi. Skanna inn gamlar filmur og fá fullt af gömlum tilfinningum yfir mig. Það var mikil vinna að púsla þessu öllu saman í bókaform. Ferlið við að ljósmynda þetta er eins og kemur fram mjög langt svo það hefur verið alls konar í gangi en það var auðvitað meira krefjandi að mynda nýju kynslóðina,“ segir Þórsteinn sem segist þakklátur fyrir það traust sem ungt fólk sýndi honum. „Traust er alltaf regla númer eitt hjá mér. Án trausts, þá er ekkert til að byggja ofan á. Bara svona eins og í öllu öðru. Ég er líka almennt þakklátur því trausti sem fólk er að sýna mér því ég held að það sé ekkert sérlega þægilegt að láta mynda sig svona í bak og fyrir vitandi að myndin gæti endað í bók.“

**ÉG ER GREINDUR MEÐ ADHD OG LESBLINDU OG HEF ALLTAF ÁTT MJÖG ERFITT MEÐ BÓKLEGT NÁM. ÉG ÚTSKRIFAÐIST ÚR HLÍÐASKÓLA OG FÓR ÞAÐAN Í MENNTASKÓLANN VIÐ HAMRAHLÍÐ.**

### Geri það sem hjartað segir mér

*Heldur þú að þú veljir myndefnið út frá þér? Hver þú ert og saga þín er?*

„Mér finnst mjög mikilvægt að verkefnin mín tengist mér á einhvern átt og allt sem ég hef gert hingað til hefur verið á einhvern hátt hluti af mér, minni fortíð eða minni upplifun af því sem er í gangi hverju sinni. Það þarf að vera einhver vinkill sem snertir mig tilfinningalega svo að ég hafi hreinlega úthald og vilja til að leggja í alla vinnuna sem fer í að skapa svona seríur. Fyrir mig skiptir það öllu máli að ég hafi einhverja tengingu við viðfangsefnið, það gerir þetta á einhvern hátt miklu sannara fyrir vikið og ég held að það hjálpi líka mikið að þekkja til þegar kemur að lífsstíl og viðhorfi fólks,“ segir hann.

Þórsteinn ætlaði sér aldrei að verða ljósmyndari og sá ekki möguleika sína þegar hann var unglingur. Honum gekk illa í skóla og segir sjálfsmyndina hafa verið brotna eftir að hafa reynt að þrauka í bóklegu námi.

„Ég ætlaði mér aldrei að verða ljósmyndari þegar ég var barn en þegar óvenjulegir hlutir fóru að gerast í kringum mig, þá tók ég upp myndavél, það er ekkert flóknara en það. Svo hefur þetta bara fengið að dafna og þroskast á sinn hátt. Ég er ekkert að reyna að stjórna þessu hjá mér, ég vil bara hafa gaman af lífinu og gera það sem hjartað segir mér að gera.

Ég var týpískur fótboltastrákur þegar ég var lítill og ætlaði alltaf

nettó

# Jólaleikur

## NETTÓ OG COCA-COLA

Kauptu kippu af 4x2 lítra Coca-Cola, Coca-Cola Zero eða Coca-Cola Light og þú getur unnið gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og þú verslaðir fyrir í þeirri ferð.




Yfir 80 viðskiptavinir fá vinning!

Dregið 23. desember 2018




Þú kaupir kippu af 4x2L Coke*, skrifar nafn, símanúmer og netfang aftan á kassakvittun og setur í Coke kassann í næstu Nettó verslun.

Á Þorláksmessu fá 5 heppnir í hverri Nettó verslun gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og er á kassakvittun.

*Gildir fyrir Coca-Cola, Coca-Cola Zero og Coca-Cola Light.

Coca-Cola, the Contour Bottle and the Red Disc are registered trademarks of The Coca-Cola Company.



„Þetta eru strákar sem lifa kannski ekki alveg eftir hefðbundnum gildum og eiga kannski margir hverjir erfitt með nám og fá þá útrás og uppreisn í einhverju öðru,“ segir Þórsteinn.

að verða knattspyrnuhetja eins og margir aðrir. Ég bjó í Grafarvogi fyrstu árin, eða þar til ég varð 12 ára en þá flutti ég í Hlíðarnar, 105. Ég er greindur með ADHD og lesblindu og hef alltaf átt mjög erfitt með bóklegt nám. Ég útskrifaðist úr Hlíðaskóla og fór þaðan í Menntaskólann við Hamrahlíð.

**Var mjög brotinn**

Þar flosnaði ég fljótt upp úr námi. Var eiginlega mjög brotinn á þeim tímamótum því það er alls ekki neitt sérstaklega gott fyrir sálina að vera sautján ára og finnast maður ekki eiga heima á sömu hillu og allir aðrir. Félagslega tengingin verður líka önnur því þú hættir að vera í kringum jafnaldra þína og samferðafólk úr barnaskóla,“ segir Þórsteinn.

Það varð honum til gæfu að fá vinnu hjá Hans Petersen á þessum árum. „Á svipuðum tíma kynntist ég nýjum og framandi hóp af strákum sem allir áttu það sameiginlegt með mér að hafa flosnað upp úr námi. Þeir voru búnar að þekkjast í einhvern tíma og höfðu stofnað graffiti crew sem þeir kölluðu MHB eða Money Hungry Bitches,“ segir Þórsteinn og skellir upp úr. „Mér fannst þetta nýja líf ansi spennandi og framandi svo ég ákvað að byrja að mynda þennan nýja lífsstíl í bak og fyrir. Ég framkallaði að sjálfsögðu allar filmurnar í nýju vinnunni. Þarna var ég þegar ég lít til baka þegar búinn að skapa mér ákveðna rödd sem ég hef þróað út í þau verkefni sem ég vinn að í dag. Mín leið til að kynnast fólki og skilja fólk er í gegnum linsu myndavélar. Og það sem er enn betra er að ég get gefið öðrum innsýn í heima og líf sem er ekki fyrir allra augum. Aukið skilning og jafnvel skapað umræðu og vonandi betrumbætur í sumum tilfellum, eða það er alla vega markmiðið,“ segir Þórsteinn.

**ÞAR FLOSNAÐI ÉG FLJÓTT UPP ÚR NÁMI. VAR EIGINLEGA MJÖG BROTINN Á ÞEIM TÍMAMÓTUM ÞVÍ ÞAÐ ER ALLS EKKI NEITT SÉRSTAKLEGA GOTT FYRIR SÁLINA AÐ VERA SAUTJÁN ÁRA OG FINNAST MAÐUR EKKI EIGA HEIMA Á SÖMU HILLU OG ALLIR AÐRIR.**









**Innlögn á fíknigeðdeild**

Þórsteinn fór að nota fíkniefni á unglingsárunum og þróaði með sér alvarlegan fíknivanda. Hann náði tökum á vandanum fyrir um þremur árum. Frá þeirri stundu hefur hann nýtt tímann til hins ýtrasta og fengið góðan meðbyr.

„Ég hef glímt við fíknivanda alveg frá þeim tíma og ég flosnaði upp úr námi en náði loks stjórn á fíkninni eftir innlögn á fíknigeðdeild Landspítalans árið 2015, en fyrir það hafði ég farið á Vog og í aðrar meðferðir án árangurs. Haustið 2016 fór svo boltinn að rúlla og ég fékk inngöngu í Ljósmyndaskólann. Þar breyttist allt hjá mér og ég hef stækkað mikið bæði sem listamaður og manneskja, fengið ótrúlega góðan meðbyr á verkefni mín frá samfélaginu en bókin mín Container Society seldist til dæmis upp í tveimur útgáfum nú í sumar og ég sýndi á samsýningunni Blurring the lines í París nú í nóvember,“ segir Þórsteinn.

*Hvað ertu svo að fást við núna?*

„Þetta er önnur bókin sem ég gef út á árinu. Mikil vinna hefur farið í að stýra og koma þessum tveimur verkefnum í bókarform. En nú mun ég hafa tíma með komandi ári til að gera eitthvað alveg glænýtt og mun byrja að mynda nýtt verkefni í febrúar. Það verkefni tengist skemmtanalífi Íslendinga. Ég vinn allt í þemum og finnst mikilvægt að prenta ljósmyndirnar og setja þær fram heildstætt í bók. Og í leiðinni skapa menningarleg verðmæti fyrir framtíðina, ef svo má að orði komast.“




# Heima + Skemmtipakkinn

- Ótakmarkað internet
- Netbeinir og WiFi framlenging
- Ótakmarkaður heimasími
- Vodafone Sjónvarp

Krakkar
BÍÓ
MARAÞON
hopster

Fjarskipti og fjölbreytt afþreying á betra verði.

Skráðu þig í *Heima* og fáðu fjarskipti fyrir heimilið ásamt áskrift að **Skemmtipakkanum** fyrir aðeins **16.990** kr. á mánuði.*
Komdu við í næstu verslun, hringdu í **1414** eða kláraðu málið á **vodafone.is**

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone

*Aðgangsgjald er ekki innifalið í verði.






**BÚSTAÐAVEGUR 103** — 108 REYKJAVÍK

| ÍBÚÐ | 6 HERBERGI | 95.3m² |
|---|---|---|

VERÐ: 49.5M
FJÖLSKYLDU ÍBÚÐ, TVÖ HERB. Í RISI
ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447



**BÚÐARFJARA 7** — 600 AKUREYRI

| EINBÝLISHÚS | 5 HERBERGI | 227.5m² |
|---|---|---|

VERÐ: 92M
SÉRSTAKLEGA GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS
ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447

Opið hús | Sun. 9 des. frá kl. 15:30-16:00



**NJÁLSGATA 35** — 101 REYKJAVÍK

| HÆÐ | 4 HERBERGI | 108.7m² |
|---|---|---|

VERÐ: 59.9M
BJÖRT OG FALLEG ÍBÚÐ Á 2. HÆÐ.
ÚLFAR 897 9030 og BÖRKUR 832 8844

Opið hús | Sun. 9 des. frá kl. 14:30-15:00



**BÆJARGIL 73** — 210 GARÐABÆR

| EINBÝLISHÚS | 6 HERBERGI | 192.7m² |
|---|---|---|

VERÐ: 94.9M
GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS Í GARÐABÆ.
ÚLFAR 897 9030 og BÖRKUR 832 8844

Opið hús | Lau. 8. des. frá kl. 14:30-15:00 | LÆKKAÐ VERÐ



**MIKLABRAUT 60** — 105 REYKJAVÍK

| ÍBÚÐ | 4-5 HERBERGI | 113m² |
|---|---|---|

VERÐ: 40.8M
ÍBÚÐ MEÐ AUKA HERBERGI Í KJALLARA
GUÐRÚN ANTONSDÓTTIR 621 2020

Opið hús | Sun. 9 des. frá kl. 15:30-16:00



**FISKISLÓÐ 45** — 101 REYKJAVÍK

| LOFT | 3 HERBERGI | 106m² |
|---|---|---|

VERÐ: 47.9M
FRÁBÆR EIGN, EINSKONAR LOFT/DUPLEX
ÚLFAR 897 9030 og BÖRKUR 832 8844

Opið hús | Þri. 11. des. frá kl. 17:30-18:00



**LINDARGATA 35** — 101 REYKJAVÍK

| ÍBÚÐ | 2 HERBERGI | 73.1m² |
|---|---|---|

VERÐ: 46.9M
GLÆSILEG ÍBÚÐ Í SKUGGAHVERFINU.
BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON 660 4777

Opið hús | Mán. 10. des. frá kl. 17:30-18:00



**DALSEL 38** — 109 REYKJAVÍK

| ÍBÚÐ | 5 HERBERGI | 156.7m² |
|---|---|---|

VERÐ: 38.9M
STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU
BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON 660 4777



**LAUGAVEGUR 86-94** — 109 REYKJAVÍK

| ÍBÚÐ | 2 HERBERGI | 81.9m² |
|---|---|---|

VERÐ: 46.5M
GLÆSILEG ÍBÚÐ Í MIÐBÆNUM.
BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON 660 4777



**ÖLDUGATA 34** — 101 REYKJAVÍK

| HÆÐ | 4 HERBERGI | 128.7m² |
|---|---|---|

VERÐ: 64.9M
SÉRHÆÐ MEÐ SÉR INNGANGI OG BÍLSKÚR
ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447

## SÖLUSÝNING - Sun. 9. des. frá kl. 14:00-14:30



**KÓPAVOGSBRÚN 2-4** — 200 KÓPAVOGUR

| ÍBÚÐIR | STÆRÐ FRÁ: 168.8-171.7m2 | 4-5 herb. |
|---|---|---|

TVÆR ÍBÚÐIR EFTIR - TIL AFHENDINGAR FULLBÚNAR MEÐ GÓLFEFNUM.
BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON 660 4777





**GERPLUSTRÆTI 31** — 270 MOSFELLSBÆR

ÍBÚÐ | STÆRÐ: 125.4m² | 5 HERBERGI

VERÐ 53.9M — LAUST STRAX - GÓÐ STAÐSETNING

BRANDUR GUNNARSSON 897 1401

Opið hús Sun. 9. des. frá kl. 14:00-14:30



**TÚNGATA 38** — 101 REYKJAVÍK

EINBÝLISHÚS | STÆRÐ: 309.5m² | 8-9 HERBERGI

VERÐ 165M — AUKA ÍBÚÐ - BÍLSKÚR - FALLEGT HÚS.

BRANDUR GUNNARSSON 897 1401



**SKEMMUVEGUR 34** — 200 KÓPAVOGUR

ATVINNUHÚS | STÆRÐ: 249m² | LAER - IÐNAÐARH.

VERÐ 63.9M — LAUST STRAX – AUKA 44m² MILLILOFT.

BRANDUR GUNNARSSON 897 1401



**HVERAFOLD 123** — 112 REYKJAVÍK

EINBÝLISHÚS | 5 HERBERGI | 192m²

VERÐ: 77.9M — SKJÓLSTÆÐUR OG VINSÆLL STAÐUR

ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447

Opið hús Mán 10. des. frá kl. 17:30-18:00



**SVARTHAMAR 26** — 112 REYKJAVÍK

ÍBÚÐ | 3 HERBERGI | 92.4m²

VERÐ: 43.5M — VEL SKIPULÖGÐ ÞRIGGJA HERB. ÍBÚÐ.

GUNNLAUGUR ÞRÁINSSON 844 6447

Opið hús Þri. 11. des. frá kl. 17:00-17:30



**VÍKURHVARF 18** — 109 REYKJAVÍK

RAÐHÚS | 7-8 HERBERGI | 233m²

VERÐ: 71.9M — NÝ YFIRFRIÐ ÞAK - KLÆTT AÐ UTAN

ÞÓRA BIRGISDÓTTIR 777 2882

## SÖLUSÝNING - LAUGARDAGINN 8. DESEMBER MILLI KL. 13:00 - 13:30



## AÐEINS 3 HÚS EFTIR - LAXATUNGA 38, 42 OG 50

### NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFA ÞEIR:



**GUNNLAUGUR** 844 6447 **ÚLFAR** 897 9030
OG **BÖRKUR** 832 8844





**LAXATUNGA 38, 40, 42 & 48** — 270 MOSFELLSBÆR

204 m² RAÐHÚS

VERÐ: 53.9M

TVEGGJA HÆÐA RAÐHÚS, RÚMLEGA FOKHELD. KAUPENDUR GETA SKIPULAGT HÚSIÐ AÐ EIGN ÓSKUM.



# Samningslausi snillingurinn

**Aaron Ramsey** hefur sýnt í vetur að hann kann alveg að spila fótbolta. Þrátt fyrir snilldartilþrif oft á tíðum mun hann fara frá Arsenal eftir áratug þar á bæ. Hann þótti einnig snillingur í skóla en í fyrsta sinn sem hann spilaði með Cardiff þurfti hann að fara örlítið fyrr heim.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Velski landsliðsmaðurinn Aaron Ramsey fær ekki nýjan samning frá Arsenal. Samkvæmt enskum fjölmiðlum og fótboltasérfræðingum hefur Arsenal gefist upp á fégræðgi Ramseys og mun hann því fara frá félaginu í lok tímabilsins. Ramsey er sagður vilja svipuð laun og hinn þýski Mezut Özil og það finnst Arsenal of mikið og neitar að borga. Ensk félög mega ekki byrja að tala við hann fyrr en eftir tímabilið en önnur félög geta byrjað að ræða við kauða strax í næsta mánuði. Real Madrid er nýjasta félagið sem velski miðjumaðurinn er orðaður við en áður hafði heyrst af áhuga frá FC Bayern og Juventus.

Það sýndi sig í borgarslagnum gegn Tottenham að Ramsey er ekki alveg sama um félagið sem hann spilar fyrir. Sá hlær best sem síðast hlær stendur einhvers staðar og Ramsey var sá sem hló síðast eftir leikinn. Eftir að Eric Dier hafði jafnað fyrir Tottenham varð allt vitlaust. Dier fagnaði með því að ögra stuðningsmönnum Arsenal og við það var Ramsey ósáttur og reif í Dier. Leikmenn hópuðust að en eins og flest nútímaslagsmál í fótboltanum gerðist lítið annað en að rifið var í treyjur og einhver ókvæðisorð öskruð. Eftir að Mike Dean dómari hafði leyst slagsmálin upp hrópaði Dier að Ramsey að setjast aftur á bekkinn. Ramsey kom inn á í seinni hálfleik og var frábær. Lagði upp tvö mörk fyrir framherja liðsins og skaut fast á Dier og Tottenham á Twitter eftir leikinn.

Stuðningsmenn Arsenal hafa grátbeðið stjórnina á spjallborðum og samfélagsmiðlum að semja við Ramsey til næstu ára. Ramsey hefur komið að fjölmörgum mörkum það sem af er tímabili þrátt fyrir að byrja yfirleitt á bekknum.

Enda spurði Henry Winter, yfirmaður fótboltadeildar á The Times, á Twitter hvers vegna í ósköpunum félagið væri að láta hann fara. „Sendingar, vinnuframlag og ástríða hans fyrir félaginu ætti að skila honum nýjum samningi,“ sagði Winter. Rúmlega fimm þúsund manns lækuðu færsluna hans.

Ramsey hefur verið í áratug hjá Arsenal en hann kom frá Cardiff árið 2008 fyrir rúmar fimm milljónir punda. Það varð snemma ljóst að drengurinn væri afskaplega góður í fótbolta þó að hann hafi ekkert haft neinn sérstakan áhuga á að sparka í bolta til að byrja með. Hann ætlaði sér jú að verða rúgbíleikmaður eða stjarna í frjálsum íþróttum. Þegar hann var níu ára vann hann frjálsíþróttamót, svokallaða fimmþraut sem samanstendur af grindahlaupi, hástökki, langstökki, kúluvarpi og 800 metra hlaupi. Hann var í þriðja sæti áður en kom að 800 metrunum en endaði nánast 500 metrum á undan öðrum keppendum, samkvæmt lýsingum annarra keppenda. Um 10 ára aldurinn fór hann að einbeita sér að fótboltanum og var á kantinum hjá Caerphilly R.F.C., hver kannast ekki við það ágæta félag? Síðan fór boltinn að rúlla hratt.

Hann var enn í skólanum sínum Ysgol Gyfun Cwm Rhymni þegar hann var kallaður í fyrsta sinn í hóp Cardiff. Kennarinn hans, Jeremy Evans, rifjaði upp árið 2013 í samtali við The Guardian þegar símtalið kom árið 2007 og þurfti Ramsey að fá leyfi frá skólastjóranum til að fara örlítið fyrr þennan dag. Hann var aðeins 16 ára og 124 daga gamall þegar hann kom inn á gegn Hull og varð þar með yngsti leikmaðurinn í sögu Cardiff til að spila leik. Sló met goðsagnarinnar Johns Toshack.

Fljótlega fóru stóru liðin að banka á dyr Cardiff og að lokum stóð valið á milli Arsenal og Manchester United. Sir Alex Ferguson var vongóður um að Ramsey myndi semja við félagið og fór í frí. Lét Mike Phelan aðstoðarmann sinn klára málið. Arsene Wenger og Arsenal voru staðráðin í að ná í guttann og leigðu einkaþotu til að fljúga með Ramsey-fjölskylduna til Sviss þar sem Wenger var að vinna sem sérfræðingur á EM 2008. Þar útskýrði Wenger fyrir fjölskyldunni hvernig hann sæi feril hans þróast. Sú ræða virkaði og aðeins rétt rúmlega 17 ára, á grænum Ford Fiesta, samdi hann við Lundúnafélagið. Hann kostaði um 500 milljónir og eitt það fyrsta sem hann gerði var að kaupa sér nýjan bíl. Sá var ekki grænn.

Ramsey er giftur æskuástinni sinni, Colleen Rowlands, og eiga þau soninn Sonny. Hann er mikill stuðningsmaður World Wildlife Fund og hefur oftar en einu sinni og oftar en tvisvar talað vel um dýravelferð. Þá er hann með samning við Elite-módelskrifstofuna. Hjónakornin eru sjaldan í fréttum fyrir eitthvað misjafnt. Í fyrra var því slegið upp að þau hefðu keypt dýrasta húsið í Wales sem var til sölu. Nú stefnir allt í að þau þurfi að finna sér nýja eign – nema Arsenal snúist hugur. Annað eins hefur nú gerst.



Hjónakornin Aaron Ramsey og Colleen Rowlands.

## Fótbrotið hrikalega

27. febrúar 2010 í leik gegn Stoke braut Ryan Shawcross á Ramsey svo hann fótbrotnaði illa. Mánuði síðar gat hann stigið í fótinn. Hann samdi aftur við Arsenal í meiðslunum og sneri aftur til æfinga í október. Hann var lánaður til Nottingham Forest og svo til Cardiff. Þar naut hann sín í botn og sýndi að brotið hrikalega var í baksýnisspeglinum og hann var lítið að horfa þangað. Hann var kallaður til baka til Arsenal og hefur síðan verið lykilmaður á miðjunni. Arsene Wenger sagði líka að hann væri fullkominn miðjumaður sem gæti varist, sótt, gefið sendingar og skorað mörk. Hvað vildu menn meira?

## Ramsey-bölvunin

Í hvert sinn sem Aaron Ramsey skorar mark, þá deyr einhver frægur. Það er Ramsey-bölvunin svokallaða en hún barst fyrst í tal árið 2011 þegar hann skoraði gegn Tottenham. Síðan hefur bölvunin ekki alveg náð að halda dampi enda Ramsey búinn að skora næstum 40 mörk fyrir Arsenal. Þó dettur einn og einn niður eins og gerist – og stundum þegar Ramsey hefur skorað. Eins og þegar George Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, lést nokkrum dögum eftir að Ramsey skoraði í Evrópudeildinni á dögunum.

**Robin Williams**
**10. ágúst 2014** skoraði Ramsey í Góðgerðarskildinum gegn Man. City. Daginn eftir lést Williams.

**Paul Walker**
**30. nóvember 2013** skoraði Ramsey gegn Cardiff. Sama dag lést Fast and Furiuos stjarnan.

**Alan Rickman**
**13. janúar 2016** skoraði Ramsey gegn Liverpool og daginn eftir lést leikarinn frábæri.

**Muammar Gaddafi**
**19. október 2011** skoraði Ramsey gegn Marseille. Daginn eftir dó Gaddafi.

**Steve Jobs**
**2. október 2011** Ramsey skoraði gegn Tottenham. Þremur dögum síðar dó Steve Jobs.

**David Bowie**
**10. janúar 2016** skoraði Ramsey gegn Sunderland. Daginn eftir lést Bowie.

**Bin Laden**
**1. maí 2011** skoraði Ramsey mark gegn Man. Utd. Daginn eftir var Bin Laden drepinn.

**Whitney Houston**
**11. febrúar 2012** skoraði Ramsey gegn Sunderland. Sama dag lést Whitney Houston.



netto

# Í TOPPSÆTUM Í 25 ÁR






1\. SÆTI
Fræði og almennt efni*

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa á hverju ári í aldarfjórðung verið eitt vinsælasta lesefni Íslendinga.

**4.339 kr.**

## Eitt mesta björgunarafrek síðustu aldar

Þrjátíu og fjórir skipbrotsmenn berjast upp á líf og dauða í flaki togarans Egils rauða sem hefur strandað í foráttubrimi undir hrikalegu hamrastáli Grænuhlíðar í Ísafjarðardjúpi.
Djarfar áhafnir lítilla báta reyna við illan leik að nálgast myrkvaðan strandstaðinn.
Útilokað er að koma til bjargar – nema að hætta eigin lífi.
Lagt er í ofurmannlega þrautagöngu með þungar byrðar í stórgrýti, skriðum og þreifandi stórhríð.
Hér er fjallað um þrjá hildarleiki árin 1955, 1956 og 1957 sem allir tengjast.

**Bóksölulisti Félags íslenskra bókaútgefenda 21. nóvember til 4. desember 2018*

**Tilboðið gildir 8. - 9. desember**



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, bróðir og afi,

**Guðmundur Guðbjörnsson**
húsasmíðameistari,
Víðigrund 29,
Kópavogi,

lést á heimili sínu þann 4. desember.
Útför fer fram í Fossvogskirkju fimmtudaginn
13. desember kl. 13.00.

**Guðbjörn Guðmundsson Ingibjörg Thomsen Hreiðarsdóttir**
**Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Hrund Guðmundsdóttir Ólafur Erlingur Ólafsson**
**systkini og barnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




ATHÖFN ÚTFARAÞJÓNUSTA - s: 551 7080 & 691 0919
athofn@athofn.is - www.athofn.is




*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



**Karlakór Reykjavíkur á lokaæfingu fyrir aðventutónleikana og Sigríður Ósk í forgrunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Hátíðlegt í hákirkjunni

**Karlakór Reykjavíkur viðheldur 25 ára hefð með því að efna til aðventutónleika í Hallgrímskirkju. Söngur hans ómar þar síðdegis í dag og aftur á morgun, ásamt mezzósópran.**

Við vorum fyrsti karlakór landsins til að halda tónleika á aðventunni. Það varð að hefð og síðustu 25 árin höfum við haldið þá í Hallgrímskirkju," segir Friðrik S. Kristinsson, stjórnandi Karlakórs Reykjavíkur. Hann segir lögin á efnisskránni að mestu tengjast aðventunni og jólunum en inn á milli séu verk með trúarlegum texta sem sungin eru í kirkjum á hátíðatónleikum. „Við höfum alltaf nýtt og nýtt efni fram að færa. Hún er að syngja með okkur núna í fyrsta skipti hún Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzósópran. Lögin sem hún tekur eru tvær Ave Maríur, önnur eftir Sigvalda Kaldalóns og hin eftir Gomez, sem kórinn tekur undir í. Eitt verk er eftir Cezar Frank og svo syngur hún Helga nótt og Nóttin var sú ágæt ein. Tónleikagestir fá textablöð og syngja með í einu lagi, Guðs kristni í heimi. Fólki finnst gott að rétta úr sér og taka þátt."

Friðrik kynnir einnig með stolti hljóðfæraleikarana sem koma fram, þeir eru organistinn Lenka Mátéová, trompetleikararnir Eiríkur Örn Pálsson og Guðmundur Hafsteinsson og Eggert Pálsson pákuleikari.

Sjálfur er Friðrik farsæll og sjóaður stjórnandi. Hann byrjaði með kórinn árið 1989 og á því þrjátíu ára starfsafmæli á næsta ári. Hann segir þátttöku í kórnum alltaf góða og aðsókn mikla á haustin hjá mönnum sem vilja komast inn. „Þeir þurfa að gangast undir próf og standast það ekki alveg allir en yfirleitt gengur vel því menn koma undirbúnir," segir hann. „Ætli við séum ekki um 80 talsins núna?"

Þrennir tónleikar verða nú um helgina. Í dag klukkan 17 og á morgun, sunnudag, klukkan 17 og 20. Friðrik segir ekki bara aðventusöng kórsins árvissan heldur sé það líka hefð hjá mörgum að hlusta á hann. „Fólki finnst svo hátíðlegt að koma í Hallgrímskirkju. Sumt af því er í miðbænum að kíkja í búðir fyrir jólin og kemur svo inn í kirkjuna og hlýðir á kórinn í einn og hálfan tíma, fyllist hátíðleika og helgi og fer út endurnært. Það er líka mikil hátíð fyrir kórfélaga að taka þátt í þessu verkefni í hákirkju Íslands." **gun@frettabladid.is**

# Ungskáld Akureyrar 2018 valið

Anna Kristjana Helgadóttir hlaut í gær titilinn Ungskáld Akureyrar 2018 þegar úrslit í ritlistarsamkeppninni Ungskáld 2018 voru tilkynnt við hátíðlega athöfn á Amtsbókasafninu. Hún er sautján ára nemandi í Verkmenntaskóla Akureyrar.

Alls bárust 82 verk í keppnina, tvöfalt fleiri en í fyrra. Keppnin er hin eina sinnar tegundar á landinu og er ætlað að efla ritlistaráhuga og færni. Fólki á aldrinum 16 til 25 ára á Eyþingssvæðinu gafst kostur á að senda inn texta og eina skilyrðið var að þeir væru á íslensku. Þrjú bestu verkin, að áliti þriggja manna dómnefndar, hlutu peningaverðlaun.

Þriðja besta verkið var valið Dagur á veginum eftir Söndru Marín Kristínardóttur og verðlaun fyrir það voru 20 þúsund en Anna Kristjana varð líka í öðru sæti svo samtals halaði hún inn 80 þúsund, fimmtíu fyrir 1. verðlaunaljóðið Án titils og þrjátíu fyrir örsöguna Tækifærin sem hafnaði í öðru sæti. Skyldu úrslitin hafa komið henni á óvart? „Já, eiginlega. Ég var reyndar í þriðja sæti á síðasta ári svo ég vissi að ég ætti möguleika. Núna sendi ég inn fimm verk, tvö ljóð og þrjár örsögur."

## Án titils

*Að skrifa er öruggara en að tala*
*Því penninn stamar ekki eins og röddin gerir*
*Orð festast í hálsi en ekki á fingurgómum*
*Ég get ekki hrasað um hvít línustrikuð blöð*
*Eins og ég myndi gera með orðum*
*Ég þarf ekki að mana mig upp í að skrifa*
*Þegar ég sit ein í myrkinu*
*En þegar ég stend ein, umkringd fólki*
*Þá sjá mig allir, það sjá allir hvað ég geri*
*Hvernig ég stend, hvernig ég tala, hvernig ég er*
*Það sjá mig allir*
*Ég skrifa*
*Af því að skrift er einföld og örugg*
*Og enginn getur sagt til um*
*Hvort ég gráti eða hlæi*
*Þegar ég skrifa þessi orð*
*10.11.18*



**Kristín Árnadóttir, Hrönn Björgvinsdóttir, Tinna Sif Kristínardóttir, Anna Kristjana Helgadóttir og Þórarinn Torfason. Kristín, Hrönn og Þórarinn voru í dómnefnd.**

Spurð hvort andinn sé alltaf yfir henni svarar Anna Kristjana því að hún hafi verið að skrifa sögur og ljóð síðan í 6. bekk. „Þegar ég sest niður og byrja þá kemur alltaf eitthvað."

***Stefnir þú að því að verða rithöfundur?***

„Ég veit það nú ekki," segir hún yfirveguð. „En ég dunda mér af og til við að skrifa mér til skemmtunar og hugsa að ég haldi því eitthvað áfram."
**gun@frettabladid.is**


Cilio MOSCOW MULE KANNA
VERÐ ... 2.295
REVLON
SLÉTTIBURSTI
Með jónatækni
VERÐ ... 7.995
PHILIPS
DAGSLJÓSA
VEKJARI
Vekur þig
mjúklega
VERÐ ... 11.995
ARIETE
VÖFFLUJÁRN
EKTA BELGÍSKAR VÖFFLUR
VERÐ ... 4.995
JÓLABÚÐIN ÞÍN
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
Kai PureKomachi2
3stk HNÍFASETT
VERÐ ... 7.995
ÍSLENSKU
JÓLA
SVEINARNIR
VERÐ ... 1.995
Le Creuset
SALT- OG
PIPARKVARNIR
VERÐ ... 8.245
TEFAL GRILLPANNA
VERÐ ... 12.995
PHILIPS
RAKVÉL
HLEÐSLUVÉL
1000 sería
VERÐ ..... 8.995
BABYLISS
SLÉTTUJÁRN PURE
METAL
Með
jónatækni
FULLT VERÐ ... 16.995
TILBOÐ ......... 14.995
BABYLISS
HÁRBLÁSARI
2000w AC mótor
FULLT VERÐ ... 9.995
TILBOÐ ......... 5.995
Le Creuset
ELDFAST MÓT
32sm
VERÐ ... 8.995
MEDISANA
NUDDPÚÐ
SHIATSU
VERÐ ... 7.995
MEDISANA
NUDDTÆKI
VERÐ ... 11.995
ARIETE
PIZZAOFN
Ekta pizza
á örfáum mínútum!
VERÐ ... 15.995
JÓLATILBOÐ
Jamie Oliver
Tefal
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
Jamie Oliver pottum og pönnum
BODUM
PIZZUSETT
SPAÐI, STEINN
OG SKERI
FULLT VERÐ ... 9.995
TILBOÐ ......... 7.995
Dolce Gusto kaffivélar
FRÁBÆR JÓLATILBOÐ
Dolce Gusto
YFIR 30 TEGUNDIR
AF KAFFI
KAUP
AUKI
BLACK MAGIC KONFEKT



Ástkær eiginkona,
móðir, tengdamóðir og dóttir,

**Hrefna Hannesdóttir**
Hofslundi 8, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold
miðvikudaginn 5. desember. Útför
hennar fer fram frá Vídalínskirkju
föstudaginn 14. desember kl. 13.00.

**Ármann Guðmundsson**
**Hannes Ármannsson Kolbrún Lísa Hálfdánardóttir**
**Bergný Ármannsdóttir Árni Johnsen**
**Kristín Sigríður Skúladóttir**



Þökkum auðsýnda samúð og
hlýhug við andlát og útför elskulegs
föður okkar, tengdaföður og afa,

**Ólafs Arnar Ingimundarsonar**

**Lóa Ólafsdóttir Sigurður Rúnar Magnússon**
**Karólína Ólafsdóttir Guðbrandur Einarsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Þóra G. Helgadóttir**
Víkurbraut 15, Keflavík,

lést á Hlévangi, hjúkrunarheimili
Hrafnistu 1. desember sl.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju,
föstudaginn 14. desember kl. 13.00.

**Njáll Skarphéðinsson**
**Hrafnhildur Njálsdóttir Björn S. Pálsson**
**Skarphéðinn Njálsson Jónína S. Birgisdóttir**
**Kristín Gyða Njálsdóttir Valdimar Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri sonur,
bróðir, mágur og frændi,

**Kristbjörn Hauksson**
(Kiddi)

sem lést á Landspítalanum
laugardaginn 1. desember, verður
jarðsunginn frá Langholtskirkju
mánudaginn 10. desember kl. 13.00.

**Gréta Óskarsdóttir**
**Helga Hauksdóttir Þorsteinn Guðbjörnsson**
**Margrét Hauksdóttir Hilmar Kristinsson**
**Grétar, Björg, Hildur Ýr og Íris Björk**



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
við andlát og útför föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa,

**Jóns Örvars Skagfjörðs**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki
Grundar fyrir góða umönnun.

**Guðfinna Alda Skagfjörð Björgvin Gylfi Snorrason**
**Gísli Skagfjörð**
**Karen Lilja Björgvinsdóttir Christian Parisot Guterres**
**Eva Björk Björgvinsdóttir Anders S. R. Ødum**
**Tao Lilja og Soul Lilja**



Okkar kæri

**Guðmundur Sigurjónsson**
Boðahlein 28, 210 Garðabæ,

lést 13. nóvember sl.
Jarðarförin hefur farið fram.
Við þökkum öllum auðsýnda
samúð og kærleika.

**Aðstandendur.**



**Vignir Þór Stefánsson, Haukur Gröndal, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Hávarður Tryggvason og Pétur Grétarsson.** MYND/EGILL BJARNASON

# Á handahlaupum yfir 100 ár

**Tónlistardagskrá með myndlýsingum fyrir börn í tilefni fullveldisafmælis verður í Kaldalónssal Hörpu á morgun. Hún nefnist Nú get ég og er full af fjöri, sprelli og spaugi.**

Ég er að halda þarna afmælisveislu því þetta er fullveldisviðburður,“ segir stórleikkonan Ólafía Hrönn Jónsdóttir, oft kölluð Lolla, um dagskrána Nú get ég. Þar er saga þjóðarinnar síðustu árin flutt í tónum, texta og með tilþrifum. Lolla er þar bæði pottur og panna, hún leikur og syngur og leiðir þannig áheyrendur í gegnum efnið. Dagskráin er í Kaldalónssal Hörpu á morgun og hefst klukkan 13. Lolla segir hana hugsaða fyrir börn og að í henni sé farið á handahlaupum yfir síðustu hundrað ár.

„Ég syng lög sem tengjast þessum tíma en eru þó öll glæný. Þau eru eftir hana Elínu Gunnlaugsdóttur tónskáld. Við byrjum 1918 og fikrum okkur til 2018,“ segir Lolla og bætir því við að teiknimyndir tengdar textanum birtist á veggnum fyrir aftan hana, gerðar af Heiðu Rafnsdóttur.

Það eru orðhagir menn sem hafa samið textann. Þórarinn Eldjárn orti söngtextana og leiktextinn er eftir Karl Ágúst Úlfsson. „Svo er tónlistin leikin af fjögurra manna bandi, sem nokkrir af okkar færustu djassspilurum skipa,“ lýsir Lolla og bætir við að Ingrid Jónsdóttir sé leikstjóri verksins.

Töfrahurð, fyritæki sem Pamela de Sensi stofnaði 2013, stendur að dagskránni sem tekur innan við klukkutíma, að sögn Lollu. „Þetta er fjölskyldusýning fyrir krakka á grunnskólaaldri og upp úr,“ segir hún. „Ég held þetta sé dálítið grípandi efni og líka lærdómsríkt.“ **– gun**




**Nóturnar við nýju lögin eftir Elínu Gunnlaugs, sem Lolla ætlar að syngja.**

### Sýnishorn af kveðskapnum

Þegar sást í lofti ljómi
lýsa fram á veg
allir sungu einum rómi
áfram, nú get ég.
*Þórarinn Eldjárn*

# Ný íslensk kórlög innan um gamla slagara

Kórinn Kliður heldur tónleika í Aðventkirkjunni við Ingólfsstræti á morgun, sunnudag, klukkan 17 og frumflytur meðal annars ný íslensk kórverk. „Það verða engar Frostrósir og engir jólagestir ef undan er skilinn hinn helgi andi auðvitað,“ segir í fréttatilkynningu en þar kemur líka fram að auk hinna nýju verka syngi kórinn líka gamla slagara.

„Við hittumst vikulega í Mengi til að syngja og æfa,“ segir Elín Elísabet Einarsdóttir teiknari, sem er meðal kórfélaga og höfundur eins af nýju lögunum sem hann flytur á morgun. Hún segir kórinn hafa verið til í þrjú, fjögur ár. „Lengst af hefur hann gengið undir nafninu Kórus. Við erum nýbúin að breyta því,“ segir hún.

*Sem sagt kennitöluflakk?* „Neei, þetta var nú meira skapandi ákvörðun,“ segir Elín glaðlega og upplýsir að kórinn Kliður sé skipaður tónlistarmönnum, rithöfundum, myndlistarfólki, dönsurum og líka fólki utan listageirans, svo sem viðskiptafræðingum og bílasölum. „Við erum svo heppin að vera með nógu mörg tónskáld í okkar röðum til að geta flutt verk eftir meðlimi kórsins. Það er ekkert dagsdaglega sem verið er að syngja ný íslensk kórverk,“ bendir hún á.

Elín segir Klið meðal annars hafa komið fram við opnun sýningarinnar Fáni fyrir nýja þjóð, í Hörpu 1. desember og hafa farið í söngferð til Belgíu fyrir skemmstu.

Að tónleikunum í Aðventkirkjunni loknum verður tónleikagestum boðið upp á kaffi og kökur, að gömlum og góðum sið, í safnaðarheimilinu, að sögn Elínar Elísabetar. **– gun**



**Það er greinilega dálítið gaman á æfingum hjá Kliði.** MYND/LEIFUR WILBERG ORRASON

### Höfundar nýju verkanna eru kórmeðlimirnir:

Pétur Ben, Elín Elísabet Einarsdóttir, Ragnar Helgi Ólafsson, María Huld Markan Sigfúsdóttir, Snorri Hallgrímsson, Kjartan Hólm, Marteinn Sindri Jónsson, Baldur Hörleifsson og stjórnandi kórsins Jelena Ćirić.

nettó

# Jólabækurnar færðu í Nettó




„Ekki misskilja mig vitlaust"
**2.144 kr.**




Manneskjusaga
**3.899 kr.**




jólasveinarannsóknin
**2.794 kr.**




Ævintýri úr Þúsund og einni nótt
**2.729 kr.**




Sagnaseiður
**3.899 kr.**




Næturdýrin
**3.249 kr.**




Dagbók Kidda klaufa 10
**3.099 kr.**




Grillmarkaðurinn
**5.279 kr.**




Í Gullhreppum
**4.029 kr.**




Skósveinarnir 3
**1.949 kr.**

Tilboðin gilda 8. - 9. desember

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**FULLVELDISÖLD**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| K | V | E | R | K | A | N | N | A | | Ó | | E | | B | | Ú | | E | |
| R | | L | | O | | Í | | F | Y | L | L | I | B | Y | T | T | U | N | A |
| U | N | G | A | M | Ó | Ð | U | R | | Á | | N | | R | | I | | D | |
| M | | S | | P | | L | | I | N | N | H | E | R | J | A | S | V | I | K |
| M | Ú | S | A | R | S | A | L | T | | S | | G | | A | | T | | M | |
| A | | T | | E | | T | | U | M | H | U | G | A | Ð | | A | | A | |
| F | R | E | L | S | A | R | A | R | | Ú | | J | | R | Æ | Ð | A | R | A |
| Ó | | I | | S | | A | | U | M | S | T | A | F | A | Ð | A | | K | |
| T | E | K | J | U | Á | R | U | M | | | Ó | | Á | | A | N | G | A | R |
| | I | | Á | | L | | | | E | I | N | O | K | A | R | | U | | Ö |
| K | L | Á | R | A | V | Í | N | I | Ð | | S | | Æ | | N | Á | Ð | U | M |
| | Í | | N | | E | | Ý | | J | Ó | T | A | N | N | A | | A | | M |
| O | F | S | A | H | R | I | F | N | U | | E | | N | Æ | R | I | N | G | U |
| | L | | L | | S | | Æ | | K | E | F | L | I | Ð | | | D | | S |
| S | E | N | D | L | I | N | G | A | R | | | O | | I | Ð | R | I | S | T |
| | G | | A | | N | | Ð | | A | U | Ð | F | Ú | S | | Í | | T | |
| Þ | A | K | R | I | S | T | U | | B | | | T | | S | Ö | F | N | U | M |
| Ú | | Æ | | Ð | | S | M | Á | B | Á | T | A | N | A | | A | | R | |
| S | Æ | T | A | N | N | A | | | A | | | Ð | | M | Ó | S | Ó | T | T |
| T | | I | | Ó | | R | I | T | R | Ö | Ð | I | N | A | | T | | A | |

**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem er víða í gangi þessa dagana. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 14. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „8. des“.




FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Gleðin að neðan** eftir **Nina Brochmann og Ellen Støkken Dahl** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Guðrún D. Ágústsdóttir, Reykjavík 105.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Sauðahald, er það eitthvað til að setja pening í? (11)
**10** Grillar bein úr fæti (10)
**11** Þær fara til dómþings sem þangað eiga að fara (11)
**13** Unnum þeim illt með móðgunum okkar (10)
**14** Erótísk síma-brenglun sýnir þrívíða mynd (11)
**15** Mýrar eru hlot aga og ástæðna hans (10)
**16** Minnist Báru og bolmagnsins (8)
**18** Hef kerfistímabil í huga út af á áhlaupinu á kerfið (11)
**21** Leyndi sigruðum undir rauðum þara í öldukambi (10)
**25** Hlíf Guðjohnsens eða Guðnasonar? Ég þori ekki að sveia mér uppá það (9)
**29** Kvæðakempa í önnum (8)
**31** Hvenær ætli sá stóri losni úr uppnáminu? (5)
**32** Hélt að fljótfær flyti með fínasta smáræði í upplausn (7)
**33** Komast á snoðir um múlbindingu fjölmiðla (10)
**34** Oddaæðissnöktið kitlar skvettuskjóðuna (11)
**35** Það sem bróðir Nonna segir skilja allir (8)
**36** Eru þær kenndar við meyna einu Maríu, eða allar hinar? Ég syndi á móti straumnum og hallast að hinu fyrrnefnda, því þær eru hléborðsmegin (13)
**39** Fjandans verkur, enda marblettur þar sem kölski marði mósu (9)
**40** Held ég fleygi tuðrunni að utan í þessu tilfelli (8)
**41** Leggja skal mig til hinstu hvílu milli lóða (5)
**42** Börn að aldri fórum við í sumarhús 1 að gæta kópa (7)

### LÓÐRÉTT

**1** Þetta dress kemur vei út á hræinu af risanum (9)
**2** Vinátta, varmenni og vinsæll snafs – öll þrjú eru mér kær (9)
**3** Vökum inn í nóttina og förum síðan út (9)
**4** Sjáið haf þeirra sjávarsnigla sem kenna sig við sprett-hörð nagdýr (9)
**5** Margar eru argar út af þessu rugli (6)
**6** Fyrst eftirréttur, síðan ísuð ýsa? (8)
**7** Línuloft er lamandi, bannað og banvænt (8)
**8** Sneiða ís uns hann dugar sem skífa fyrir sýni í smásjá (9)
**9** Óðir gruna aðra um að liggja ekki undir grun, er það rugl? (9)
**12** Hvað lærðir þú þetta, þú níðmælta sál? (8)
**17** Gröm þeim tuddum sem fara illa með fáka (10)
**19** Snemma gætti ákveðinnar tortryggni í garð reglulegrar uppákomu (9)
**20** Rúmteppi er það eina sem dugir ef hin breiða sál ruglast (9)
**22** Sé drulluna renna ofan í göngin (12)
**23** Spila bónushljóð fyrir uppbótarsöngskemmtun (12)
**24** Þangað sækir týran sem kastarinn býður (12)
**26** Hlóðatundur, stóarstart/spýtnarusl mun varin veikja – og botniði nú! (11)
**27** Brókaði blíðra manna og býsna þýðra (11)
**28** Leita grjótmylsnu meðal sígrænna plantna (10)
**30** Lærir um flatbytnu og farmrými hennar (10)
**37** Hreppi vesæl og viðbrigðin grey (5)
**38** Hitti einn verulega súran í uppnámi vegna hættulegs efnis (5)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 3 | 1 | |
| | 9 | | | | | | | 4 |
| | 4 | 1 | 5 | 9 | | | 2 | 8 |
| | | | 8 | 1 | | 6 | | |
| | | | | 6 | 2 | | | |
| | | 2 | | | 4 | | 3 | |
| | 7 | 6 | | 8 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | | 5 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 9 | 5 | | | |
| | | | 2 | | | | 8 | 3 |
| | | 5 | | | | | | 6 |
| 5 | | 4 | 6 | 2 | | | | |
| | | 3 | 4 | | | 2 | | |
| 9 | 1 | | | 7 | | | 4 | |
| 1 | | | 8 | 6 | | | 2 | |
| 2 | | 8 | | | | | | |
| | 9 | | | | | 8 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 9 | | | | 7 | |
| 5 | 9 | | | | 7 | 2 | 4 | |
| 2 | | | | | | 5 | | 1 |
| | | | 2 | | 3 | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 6 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | | 1 | 5 | 9 | | 6 | | |
| 4 | | 3 | | | 8 | 7 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 9 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 8 | 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 4 | 2 | 1 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 3 | 8 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 2 | 5 | 4 | 3 | 6 | 7 | 1 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 4 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 6 | 7 | 5 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 2 | 6 | 8 | 7 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 |
| 8 | 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 |
| 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 |

## Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Averbakh átti leik gegn Hörberg í Stokkhólmi árið 1954.

**1...Hc1! 2. Dxc1 Re2+! 0-1.** Íslandsmót unglingasveita fer fram í Garðabæ í dag.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### ÁRANGURSRÍKAR SAGNIR

Sveit Tryggingamiðstöðvarinnar, Selfossi, vann glæsilegan sigur í Íslandsmótinu í parasveitakeppni sem fram fór um síðustu helgi. Sveit Tryggingamiðstöðvarinnar endaði með 167,80 stig í 13 umferðum og sveit Vopnaskaks, sem endaði í öðru sæti, fékk 160,65 stig. Spilarar í sveit Tryggingamiðstöðvarinnar voru Bryndís Þorsteinsdóttir, Gunnlaugur Sævarsson, Kristján Már Gunnlaugsson og Ólöf Heiður Þorsteinsdóttir. Bryndís og Gunnlaugur enduðu einnig efst í butlerútreikningi keppninnar, voru með 1,37 impa í + að meðaltali í spili. Um titilinn spiluðu 13 sveitir. Sveit Tryggingamiðstöðvarinnar vann keppnina næsta örugglega og spilarar í sveitinni voru ekki hræddir við að segja á spilin sín. Gott dæmi um það er þetta spil í annarri umferð keppninnar. Vestur var gjafari og NS á hættu:

**Norður**
♠ -
♥ G10974
♦ KD72
♣ KG92

**Vestur**
♠ ÁD987
♥ 5
♦ Á854
♣ ÁD6

**Austur**
♠ KG542
♥ D3
♦ G106
♣ 854

**Suður**
♠ 1063
♥ ÁK862
♦ 93
♣ 1073

Vestur hóf sagnir á einum ♠ og Bryndís var ekki hrædd við að dobla í norður, þó hún væri ekki með marga punkta á hættunni. Hún doblaði til úttektar og austur stökk í 4♠. Gunnlaugur Sævarsson, sem sat í suður, var heldur ekki hræddur við að segja á sín spil. Hann sagði 5♥ og vestur doblaði til refsingar. Hann varð ekki feitur af því, vegna þess að 5♥ var ekki hægt að hreyfa við í þessari legu. Á hinu borðinu var einnig opnað í vestur á einum ♠. Norður sagði pass og þar með voru NS út úr leiknum. Austur stökk í 4♠ sem voru spilaðir einn niður.

# PIER

www.pier.is







25% afsláttur af borðstofu-húsgögnum

DAYTON borðstofuborð
~~79.900,-~~ 59.925,-

DAYTON stóll
~~19.990,-~~ 14.992,-

XEUILLEY stóll
~~19.990,-~~ 14.992,-

XEUILLEY stóll
~~19.990,-~~ 14.992,-



púðar
3 fyrir 2



BV hnífapör, svört og gull
~~7.990,-~~ 4.990,-



SANPAOLO sófi
~~149.900,-~~ 112.425,-

25% afsláttur af sófum



HAAG hornsófi
~~169.900,-~~ 127.425,-



40% afsláttur af jólavörum!

**www.pier.is**

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

*Tilboð gildir 6. desember - 12. desember

*'Gildir ekki með öðrum tilboðum

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 330

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| R | X | A | J | É | T | Ð | U | I | Ú | H |
| N | T | Þ | í | Ú | I | Ó | R | Ó | Ý | Ð |
| N | Æ | Á | U | M | D | Á | M | A | í | R |
| I | I | M | Ó | R | K | Ý | D | A | O | Y |
| P | U | S | V | M | Ð | B | D | T | S | S |
| Ö | N | J | A | H | H | U | K | Ð | É | U |
| A | I | N | L | T | S | I | R | Ó | Þ | N |
| V | N | E | Þ | Ó | V | A | U | N | A | N |
| A | S | Ú | G | L | S | Y | T | K | F | A |
| Ú | Ý | N | Ý | Ó | N | B | J | A | X | R |
| S | I | G | R | Í | Ð | U | R | A | M | B |

„Hér er sko alvöru stafasúpa, Róbert,“ sagði Lísaloppa. „Þetta er orðarugl og við eigum að finna orðin sem eru falin í gátunni. En við þurfum að passa okkur,“ bætti hún við íbyggin. „Því orðin geta líka verið skrifuð lóðrétt, nú eða á ská.“ Róbert horfði á orðaruglið drykklanga stund. „Og hvaða orð á ég að finna?“ spurði hann vonleysislega og bætti við: „Þetta er bara hrærigrautur af stöfum.“

„Það eru falin níu mannanöfn í gátunni,“ sagði Lísaloppa.




## Listaverk




### Fulltrúar framtíðarinnar

Í Listasafni Árnesinga í Hveragerði og bókasafni staðarins er sýning á verkum barna. Hún var sett upp í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands 1. desember. Þann dag var dagskráin í listasafninu öll í höndum barna og ungmenna – fulltrúa framtíðarinnar.

Það var í Grunnskólanum í Hveragerði sem verkin urðu til, eftir að nemendur og kennarar höfðu varið nokkrum tíma í að velta fyrir sér framtíðinni út frá nútíð og fortíð. Í framhaldi af því skiluðu nemendurnir hugsunum sínum frá sér í formi mynda og texta.

Sýningin er opin á opnunartíma safnanna og ókeypis er inn.

**Lausn á gátunni**

Nöfnin er Anna, Unnar, Sigríður, Tómas, Rósa, Kári, Una, Viktor og Urður.



Hér er Bríet Aðalbjörg komin í lúsíukjólinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Listakona eða bakari

**Bríet Aðalbjörg Agnarsdóttir** hefur kynnst Lúsíuhátíðum og ætlar að rifja upp stemninguna á næstu dögum.

Bríet Aðalbjörg Agnarsdóttir er tíu ára og er í 5. X í Hlíðaskóla í Reykjavík.

**Er haldin lúsíuhátíð þar?** Nei, en ég fer á Lúsíuhátíð hjá Sænska félaginu. Hún er í Seltjarnarneskirkju 13. desember. Ég átti heima í Svíþjóð og þar var alltaf haldin Lúsíuhátíð og það er gaman.

**Hvar í Svíþjóð áttir þú heima og hversu lengi?** Ég átti heima í Guldheden í Gautaborg, við fluttum til Svíþjóðar þegar ég var eins og hálfs árs og við bjuggum þar í sjö ár.

**Hvernig fannst þér að flytja heim til Íslands?** Það var ágætt en líka erfitt. Það var erfitt að flytja frá vinum mínum en gaman að eignast nýja vini. Það er líka gaman að geta heimsótt afa og ömmur oftar.

**Hvers saknar þú mest frá Svíþjóð?** Ég sakna mest vina minna en líka sænska skólans. Það var líka gaman að geta farið í gönguferð í skóginum og synt í sjónum og svo var veðrið oft betra.

**Hver eru helstu áhugamálin þín?** Mér finnst gaman að syngja, ég er í kór í skólanum og líka í Lúsíukórnum. Svo spila ég á altblokkflautu. Mér finnst líka mjög gaman að teikna og lita og leika mér við vini mína.

> MÉR FINNST GAMAN AÐ SYNGJA, ÉG ER Í KÓR Í SKÓLANUM OG LÍKA Í LÚSÍUKÓRNUM. SVO SPILA ÉG Á ALTBLOKKFLAUTU

**Hvert finnst þér vera fallegasta jólalagið?** Sænskt jólalag sem heitir Gläns över sjö och strand sem við syngjum á Lúsíuhátíðinni. Af íslenskum jólalögum finnst mér Nóttin var sú ágæt ein fallegast og Þrettán dagar jóla skemmtilegast. Það byrjar svona: Á jóladaginn fyrsta hann Jónas færði mér …

**Hvað er það flippaðasta sem þú hefur gert á ævinni?** Ég veit það ekki en eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert er að fara í tívolíið Liseberg í Gautaborg og fara í fallturninn og kaffibollana.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Ég veit það ekki, kannski listakona eða bakari.

# Ert þú ekki örugglega eldklár fyrir jólin?





**795.-**

ensonordic
SAFE BY INNOVATION

**Value 300 reykskynjari**
Hefðbundinn reykskynjari, 9V rafhlaða, festingar og leiðbeiningar. Gefur frá sér viðvörunarhljóð þegar skipta þarf um rafhlöðu.



**3.995.-**

ensonordic
SAFE BY INNOVATION

**Reykskynjari**
Umhverfisvænn reykskynjari, sem sendir viðvörun í alla aðra tengda reykskynjara. Rafhlöður fylgja.



**5.595.-**

ensonordic
SAFE BY INNOVATION

**Reykskynjari 230 V**
Optískur reykskynjari fyrir 230 V teningu, með vararafhlöðu. Hægt að tengja við allt að 40 einingar. Uppfyllir ítrustu byggingareglur.




**6.395.-**

ensonordic
SAFE BY INNOVATION

**Kolmónoxíðsskynjari**
Hentugur kolmónoxíðisskynjari, sem gengur fyrir 9 V rafhlöðu. Inniheldur Long Life-skynjara, sem skynjar minnstu útgufun af kolmónoxíði.



**995.-**

**Duftslökkvitæki, 1 kg**
ABC 5A. 34B. C



**4.895.-**

**Duftslökkvitæki, 2 kg**
Ogniochron Duftslökkvitæki m/mæli og veggfestingu. Afköst 13A og 89B/C.



**8.895.-**

**Léttvatnstæki, 6 kg**
6 lítra Ogniochron AB Léttvatnstæki. Afköst 21A og 183B m/mæli og veggfestingu.



**9.195.-**

**Duftslökkvitæki, 6 kg**
Ogniochron Duftslökkvitæki m/mæli og veggfestingu. Afköst 43A og 233B/C.

**BAUHAUS**®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




NA-læg átt á landinu, víða 5-13 m/s. Dálítil él á við og dreif og frost um mest allt land, síst við S-ströndina.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 6° | Oslo 1° | Stokkhólmur 6° | Gautaborg 7° | Helsinki 3° | Þórshöfn 6° | Nuuk -10° |
| London 11° | Amsterdam 10° | París 11° | Berlín 7° | Madríd 11° | Brussel 11° | Róm 16° |
| Boston -8° | New York -5° | Orlando 13° | Moskva -6° | Singapúr 27° | Tókýó 4° | Sydney 20° |









## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -1° ↖9 | 1° ←17 | 6° ↖18 | 5° ↗9 | 5° ←8 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -8° ↑5 | -6° ↖6 | 1° ←13 | 0° ↖7 | 0° ↖4 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -12° ↗5 | -7° ↑2 | 3° ↖11 | -1° ↖6 | 1° ←5 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -11° ↗5 | -4° ↖8 | 4° ↖23 | 2° ↑14 | 2° ←8 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -4° ↓5 | -1° ←12 | 7° ↖21 | 5° ↑12 | 4° ←10 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Seltjarnarnesbær auglýsir til sölu fasteignina Safnatröð 5 á Seltjarnarnesi




**Byggingin er staðsett á friðuðu svæði í sannkallaðri náttúruparadís á Vestursvæðum Seltjarnarness við hlið Nesstofu, á einum fallegasta útsýnisstað höfuðborgarsvæðisins.**

Seltjarnarnesbær óskar eftir tilboðum í fasteignina að Safnatröð 5 en langtímaleiga kemur einnig til greina. Innsend tilboð þurfa að innihalda ítarlega greinargerð um þá starfsemi sem tilboðsgjafar hyggjast hafa í húsinu en á svæðinu gildir deiliskipulag sem markar nokkuð hvaða starfsemi má fara fram í því.

Fasteignin stendur á svæði sem skilgreint er sem samfélagsþjónustusvæði en þar eru Nesstofa, Lyfjafræðisafnið og Urtagarðurinn einnig staðsett. Í næsta nágrenni er verið að ljúka við byggingu hjúkrunarheimilis og aðeins fjær eru hafnar framkvæmdir á Bygggarðasvæðinu þar sem ný íbúðabyggð mun rísa í stað iðnaðarhúsnæðis.

Fasteignin að Safnatröð 5 á Seltjarnarnesi er alls **1.363 fm** og skiptist þannig að **aðalhæðin er 937 fm** og **kjallarinn er 426 fm**. Húsið er fokhelt og er að mestu fullklárað að utan. Lóðin er komin í rétta hæð og á henni er gert ráð fyrir bílastæðum. Í húsinu er engin starfsemi.

Frekari gögn og upplýsingar má fá á skrifstofu Seltjarnarnesbæjar auk þess sem hægt er að nálgast upplýsingar um aðal- og deiliskipulag á **www.seltjarnarnes.is**

**Tilboðum skal skilað á Bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2 fyrir kl. 12.00 þann 31. janúar 2019.** Seltjarnarnesbær áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða að hafna öllum tilboðum.

Nánari upplýsingar veitir **María B. Óskarsdóttir**, sviðsstjóri menningar og samskipta hjá Seltjarnarnesbæ í síma 59 59 100.





SELTJARNARNESBÆR



„Mér finnst allt sem ég hef gert áður vera undirbúningur fyrir þetta verkefni og ég geng að því að því með ákveðna sýn,“ segir Brynhildur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Í samtali við söguna

**Ríkharður III eftir Shakespeare er jólaleikrit Borgarleikhússins. Brynhildur Guðjónsdóttir leikstýrir. Skoðar verkið út frá sjónarhóli kvenna.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Brynhildur Guðjónsdóttir leikstýrir Ríkharði III eftir Shakespeare, sem er jólaleikrit Borgarleikhússins og verður frumsýnt 29. desember. Þetta er fyrsta leiksýningin sem Brynhildur leikstýrir í atvinnuleikhúsi.

„Þegar tilkynnt var á fundi í Borgarleikhúsinu að til stæði að Ríkharður III yrði á dagskrá næsta leikárs, þá heyrði ég ekkert eftir það. Ég svaf ekkert alla nóttina heldur las og blaðaði í gömlu efni og skrifaði,“ segir Brynhildur. Hún sóttist samstundis eftir því að leikstýra verkinu og var falið verkefnið. „Þetta er ekkert smá tækifæri. Mér finnst allt sem ég hef gert áður vera undirbúningur fyrir þetta verkefni og ég geng að því með ákveðna sýn,“ segir hún.

**Sjónarhóll kvenna**

Spurð um þessa sýn segir hún: „Ég lærði minn Shakespeare í London þegar ég gekk í Guildhall School of Music and Drama. Í Englandi er orðið upphaf alls og ég vildi gera Shakespeare-sýningu í bundnu máli þar sem bragarháttinum væri hlýtt. Við fengum Kristján Þórð Hrafnsson, sem er bragsnillingur, til að þýða verkið og hann skilaði skýrri og kraftmikilli þýðingu þar sem hann notar íslenskt afbrigði af bragarhætti Shakespeares.

Shakespeare er höfundur sem skrifar um fólk fyrir fólk og sagði almúganum sögur. Þarna segir hann söguna um valdabrölt Ríkharðs. Hann ríkti ekki nema í tvö ár og sextán daga, var sem sagt kóngur í korter. Leikritið fjallar ekki um farsæla konungstign, heldur leið Ríkharðs að krúnunni.

Mín sýn er að skoða verkið út frá sjónarhóli kvennanna. Ríkharður ryður öllum úr vegi sem tilkall eiga til krúnunnar, hann myrðir og kvænir sér leið þangað og með því er hann að meiða kvennaheiminn. Í verkinu skiptist hann á að eiga í samtali við konurnar og eigin samvisku. Allar konur sem hann hittir reynir hann að knésetja en að lokum verður þeim ljóst að þær verða að taka höndum saman. Það er ekki síst þetta sem mér finnst áhugavert við leikritið og þess vegna talar það til mín.“

**Varnarskjöldur brotnar**

Hjörtur Jóhann Jónsson fer með hlutverk Ríkharðs III og fimm leikkonur á aldrinum 24-83 ára eru með burðarhlutverk í verkinu. Sólbjört Sigurðardóttir fer með hlutverk Elísabetar yngri, Þórunn Arna Kristjánsdóttir leikur lafði Önnu, Edda Björg Eyjólfsdóttir er Elísabet drottning, Sigrún Edda Björnsdóttir hertogafrúin, móðir Ríkharðs og Kristbjörg Kjeld fer með hlutverk hinnar útlægu Margrétar drottningar.

> **VIÐ SNÚUM UPP Á MANNSKYNSSÖGUNA OG SEGJUM: KARLAR, UNG STÚLKA ER EKKI ÞAÐ SEM ÞIÐ HALDIÐ AÐ HÚN SÉ, HÚN ER ALLT ANNAÐ.**

Leikrit Shakespeares um Ríkharð III er langt og mannmargt og Brynhildur og Hrafnhildur Hagalín tóku að sér að aðlaga verkið. „Markmið okkar er að allt sé skýrt,“ segir Brynhildur. „Í þessu verki Shakespeares, sem er eitt hans lengsta, koma fyrir tæplega 60 persónur. Þann munað getum við ekki leyft okkur í leikarafjölda og í nútímaleikhúsi er hæpið að bjóða upp á rúmlega fimm tíma sýningu með flókna pólitíska baksögu. Leiðin sem við Hrafnhildur fórum var að skera út hliðarsögur sem tengjast gamalli pólitík og fylgja sögunni sem Ríkharður sjálfur knýr áfram með klækjum sínum.

Við setjum samband Ríkharðs við móður sína í brennidepil, en hún er ekki góð við hann. Hann er fatlaður og var sennilega ekki fallegt, rjótt og bústið barn sem móðir hans gat sýnt öðrum, og vissulega var hann ódæll. Í lykilatriði í verkinu situr hún fyrir honum og bölvar: Þrjótur ertu' og örlög grimm munt hljóta, með skömm mun þína aumu ævi þrjóta. Þarna finn ég að varnarskjöldur Ríkharðs brotnar og við tekur hröð hnignun. Í lokin berst Ríkharður við samvisku sína, aleinn, búinn að ýta öllum frá sér.“

**Snúið upp á mannkynssöguna**

Ein persóna í þessu verki Shakespeares hefur ekki rödd en það er Elísabet yngri, sem er dóttir Játvarðs kóngs og Elísabetar drottningar, bróðurdóttir Ríkharðs. „Við Hrafnhildur erum í aðlögun okkar á verkinu í samtali við söguna og um leið er ótækt að þessi stúlka hafi ekki rödd. Hún var okkur svo hugleikin að við bjuggum til hlutverk úr henni. Það er dansarinn Sólbjört Sigurðardóttir sem leikur, dansar og syngur þessa persónu. Allur hennar texti kemur frá Shakespeare en við fáum hann lánaðan frá nokkrum persónum verksins.

Eftir að hafa drepið unga bræður Elísabetar yngri, prinsana í turninum, biður Ríkharður hennar og segir við móður hennar: Hafðu ekki áhyggjur af því að ég sé búinn að myrða syni þína. Dóttur þína mun ég gera að drottningu og í kviði hennar mun ég greftra börnin þín. Þaðan munu vaxa ný þegar ég barna þína fögru dóttur. Þetta er náttúrulega svo galið! Eftir fall Ríkharðs giftist Elísabet Jarlinum af Rikmond, höfuðandstæðingi Ríkharðs, og sonur þeirra er Hinrik 8. Elísabet er því amma Elísabetar I, konu sem spratt úr þessum jarðvegi og ákvað að verða meydrottning, gifta sig ekki en þjóna landi sínu og guði. Við snúum upp á mannskynssöguna og segjum: Karlar, ung stúlka er ekki það sem þið haldið að hún sé, hún er allt annað. Við látum Elísabetu yngri stíga fram í lokin sem hina raunverulegu sól Jórvíkinga á vígvellinum eftir fall Ríkharðs. Það kemur í hennar hlut að mæla ótrúlega falleg lokaorð verksins um að aldrei aftur eigi að láta völd í hendur einstaklinga sem fórna landinu í þágu eigin hagsmuna. Skilaboðin eru: Sameinumst um að hætta að kjósa illmenni til valda.“

Fedasz Dental Hungary
Your Specialist in Dental Tourism
Save 50-70% on Dental Treatment in Hungary
Special winter offers!*
*for more informations, don't hesitate to contact us:
632 4007
info@fedaszdental.hu




ego dekor
MIKIÐ ÚRVAL AF HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU
SEAL TUNGUSÓFI
Stærð: 278X173cm
Verð: 229.000,-
CAMILO TUNGUSÓFI
Stærð: 297x172cm
Verð: 269.900,-
VEGGBORÐ METAL
Stærð: 100x36x H: 85cm
Verð: 35.000,-
STÆKKANLEGT BORÐ - HNOTA
Stærð: 160(248)X100cm - Verð: 199.000,-
Stærð: 200(288)X110cm - Verð: 219.000,-
SÓFABORÐ MIRROR
Stærð: 63x63x H: 45cm
Verð: 29.900,-
VEGGHILLA METAL
Stærð: 80x15x H: 80cm
Verð: 28.000,
DELTA STÓLL
Verð: 19.900,-
KENDALL HÆGINDASTÓLL
Verð: 58.000,-
CIRO STÓLL
Verð: 24.500,-
LOGAN STÓLL
~~Verð: 19.500,-~~
TILBOÐSVERÐ: 15.600,-
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00
Sun: Lokað.
Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S. 544 4420
Framúrskarandi fyrirtæki



„Það er svo margt meira fólgið í því að myndlýsa bók en bara að teikna,“ segir Rán. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Mynd úr hinni skemmtilegu bók um Brjálínu.

# Að móta rödd og stíl

**Rán Flygenring myndskreytir tvær barnabækur í þessu jólabókaflóði. Er að vinna í næstu bókum og þar á meðal er fyrsta barnabók hennar sem hún myndskreytir vitanlega sjálf.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Tvær barnabækur myndskreyttar af Rán Flygenring eru meðal jólabóka þessa árs, Sagan af Skarphéðni Dungal þar sem Hjörleifur Hjartarson skrifar textann og Ótrúleg ævintýri Brjálínu sem er saga eftir þýska höfundinn Finn-Ole Heinrich.

Teikningarnar í þessum tveimur bókum eru afar ólíkar í stíl. „Bókina um Skarphéðin Dungal vann ég náið með Birnu Geirfinnsdóttur bókahönnuði og eru myndirnar í bókinni nokkuð ólíkar því sem ég hef áður gert,“ segir Rán en um er að ræða grafískar klippimyndir í bland við línuteikningu. Í bókinni um Brjálínu er á hinn bóginn að finna pennateikningar sem fléttast inn í textann sem útskýringarmyndir, aukakaflar og styttri teiknimyndasögur. „Það er svo margt meira fólgið í því að myndlýsa bók en bara að teikna, það þarf að móta rödd og stíl, ákveða með hvaða hætti samspil texta og mynda á að vera, raða texta á opnur og fá svo allt til að flæða, svo eitthvað sé nefnt.“

Hún hefur áður unnið með Hjörleifi, þau sendu frá sér metsölubókina Fuglar á síðasta ári, og nokkrum sinnum með Finn-Ole. „Það er ekkert sjálfgefið að teiknarar og höfundar geti unnið saman. Það er alltaf jafn gaman að uppgötva hversu vel myndheimur minn passar við orðheima þessara tveggja höfunda,“ segir hún.

> ÞAÐ ER ALLTAF JAFN GAMAN AÐ UPPGÖTVA HVERSU VEL MYNDHEIMUR MINN PASSAR VIÐ ORÐHEIMA ÞESSARA TVEGGJA HÖFUNDA.

### Mestu verðlaunin

Rán hefur hlotið ýmis verðlaun á ferlinum. Fyrsta barnabók Ránar og Finn-Ole fékk Barnabókaverðlaun Þýskalands, þau Hjörleifur fengu fyrr á þessu ári Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar fyrir Fugla auk tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki barnabóka, líkt og þau hlutu fyrir Söguna um Skarphéðin Dungal. Rán segir vissulega gaman að fá verðlaun og viðurkenningar en mestu verðlaunin séu þegar höfundur texta og teikninga tengja og til verður ein rödd.

Og samstarfi Ránar við þessa tvo höfunda er ekki lokið. Fyrir stuttu kom út í Þýskalandi ný bók þeirra Finn-Ole, Ferðin í miðju skógarins. „Hún fjallar um mann sem stendur andspænis því að verða faðir í fyrsta skipti. Í leit að svörum um hverju góður faðir þarf að búa yfir flýr andhetjan út í skóg til að leita uppi ræningja sem enginn hefur séð en allir hræðast, þann sem söguhetjan telur að geti kennt honum allt það helsta í föðurfræðum, eins og það að kveikja eld og veiða sér til matar.“ Líkt og í bókunum um Brjálínu Hansen tvinnast í bókinni myndir og texti saman í eina heild þar sem teikningarnar innihalda upplýsingar sem dýpka söguna og breikka sjónarhorn lesandans.



Bókin um Skarphéðin er frumleg, bæði þegar kemur að teikningum og texta.

### Ekki bundin neinum stað

Rán er nýflutt til Íslands, hefur búið hér síðan í haust. „Ég hef verið á flakki um heiminn en fyrir um sjö árum síðan keypti ég mér miða til Japans aðra leið til að sjá hvort ég gæti séð fyrir mér með því að ferðast um heiminn og teikna. Vinna mín er þess eðlis að ég er ekki bundin neinum stað og það sama á við um kærastann minn sem er fæddur og uppalinn á Nýja-Sjálandi og hefur heldur ekki fest rætur neins staðar. Nú þegar aðstæður okkar hafa breyst og þriðji aðili bæst við teymið höfum við ákveðið að gefa hefðbundnu heimilishaldi tækifæri.“

Rán er að vinna í næstu bókum, þar á meðal er fyrsta bókin þar sem hún er höfundur bæði mynda og texta. Auk þess vinnur hún að nýrri bók með Hjörleifi og gerir teikningar við barnabók eiginkonu Finn-Ole, Ditu Ziprich, sem kemur út haustið 2019.

## Silfurlykill að framtíðinni

**BÆKUR**

**Silfurlykillinn**

★★★★☆

**Sigrún Eldjárn**

Framtíðin er komin. Systkinin Sumarliði og Sóldís eru ásamt pabba sínum að flytja í nýtt hús sem er gult og hét víst einu sinni Strætó númer sjö. Afi pabba sagði honum sögur af því að þegar hann var lítill hefðu svona „strætóar“ verið úti um allt og notaðir til að flytja fólk milli staða. Krökkunum finnst það skrýtin tilhugsun enda er heimurinn sem þau búa í afskaplega ólíkur okkar. Þar hafa margar spár samtímans ræst og lífið snýst um lífsbaráttuna í sinni tærustu mynd. Dagurinn fer að mestu í að leita að mat og einhverju nýtilegu og á kvöldin þarf að verja fátæklegar eigur fyrir öðrum. En einn daginn verður stelpan Karitas á vegi þeirra og hún býr yfir miklu leyndarmáli.

Sigrún Eldjárn er einstaklega afkastamikill og fjölhæfur rithöfundur. Eftir hana eina liggja 60 titlar frá árinu 1980 fyrir börn á öllum aldri og 15 ljóðabækur til viðbótar þar sem bróðir hennar Þórarinn Eldjárn yrkir ljóðin en Sigrún myndskreytir, að ógleymdum öllum þeim fjölda verka annarra höfunda sem hún hefur myndskreytt. Kynslóðir þekkja bækurnar um Kugg og Málfríði og BéTvo svo dæmi séu tekin og þá má heldur ekki gleyma því að hún er einn afkastamesti þríleikjahöfundur landsins, og má þar nefna Safnabækurnar, Eyjubækurnar og sögurnar frá Skuggaskeri. Hún hefur fylgt kynslóðum íslenskra lesenda fyrstu skrefin og séð til þess að ungir bókaormar hafi nóg að bíta og brenna.





Silfurlykillinn hefur flest höfundareinkenni Sigrúnar Eldjárn, glaðlegt yfirbragð, fyndna og hressa krakka, ævintýralegt sögusvið og ráðgátu að ógleymdum einstaklega fallegum myndum og myndskreytingum. Undirtónninn er þó alvarlegri en oft áður, tæknin sem við reiðum okkur svo mikið á er horfin og með henni í raun samfélagið sjálft. Hlutir sem við teljum verðmæti eins og tölvur og bílar eru harla gagnslausir og helst nýtilegir sem byggingarefni. Þó bókin gerist í framtíð þar sem maðurinn hefur eyðilagt bæði umhverfi sitt og samfélag má þar einnig finna hliðstæður við aðstæður flóttafólks í samtímanum og margt sem vekur lesandann til umhugsunar.

Lífið er þó ekki alslæmt og krakkarnir gleðjast, leika sér og aðlagast, alveg eins og krakkar gera svo vel á öllum stöðum og tímum. Bókin er þannig ekki harmagrátur yfir örlögum heimsins eða dystópísk hörmungasaga heldur spennandi og full af gleði og von en líka spegill á samtímann og samhengi lífsbaráttu fjölskyldunnar við tæki eins og farsíma vekur upp þarfar spurningar um gildismat.

Þá má ekki láta hjá líða að minnast á hversu fallegur prentgripur bókin er en Sigrún brýtur hana um sjálf. Letrið er bæði læsilegt og skýrt og skiptir um lit þegar söguviðið breytist, pappírinn þykkur svo myndirnar sem að sjálfsögðu eru eftir Sigrúnu sjálfa njóta sín einkar vel. Það rímar vel við það stef í sögunni að eitt af því fáa úr okkar tíma sem hefur haldið og jafnvel aukið við gildi sitt eru bækur.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Einstaklega falleg bók með spennandi og léttu yfirbragði en áhugaverðum og þyngri undirtóni. Sigrún Eldjárn í fantaformi.

# EINRÓMA LOF!

## LIFANDILÍFSLÆKUR EFTIR BERGSVEIN BIRGISSON

Einar Falur Ingólfsson, Morgunblaðinu

*„Snilldarlega vel unnin … mögnuð bók, lífleg, skemmtileg og frábær snúningur í lokin.“*
Steingerður Steinarsdóttir, Mannlífi

*„Ofsalega flott gert … ægilega mögnuð bók … algjörlega frábær … gæsahúðarmóment – ég þarf ekki að lesa neina krimma fyrir þessi jól. Ég er búinn að lesa Lifandilífslæk – það er alveg nóg fyrir mig.“*
Þorgeir Tryggvason, Kiljunni

*„Mér finnst honum ekki hafa tekist betur upp … sætir tíðindum … mæli mjög sterklega með henni.“*
Egill Helgason, Kiljunni







## ÁSTIN TEXAS EFTIR GUÐRÚNU EVU MÍNERVUDÓTTUR

*„Heillandi … efnismiklar [sögur], fullar af eftirminnilegum aðal- og aukapersónum og hver um sig sjálfstætt verk.“*
Hildigunnur Þráinsdóttir, Morgunblaðinu

*„Hvílík skemmtun … Sannkallaður unaðslestur.“*
Steingerður Steinarsdóttir, Mannlífi

*„Hún gerir þetta af sinni ótrúlegu næmi og er svo flink í persónusköpun. … yndislegt að lesa hana.“*
Sunna Dís Másdóttir, Kiljunni

*„Einhver galdur … ofboðslega flottar sögur.“*
Þorgeir Tryggvason, Kiljunni

BJARTUR-VEROLD.IS

BJARTUR

# Eins og fjölmiðlamaður

**Sigtryggur Bjarni Baldvinsson sýnir í Hverfisgalleríi. Þar koma litir Karls Kvarans nokkuð við sögu. Sýnir olíumálverk sem eru unnin upp úr náttúru Héðinsfjarðar.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Á sýningu Sigtryggs eru ný olíumálverk, vatnslitamyndir og verk unnin með gvasslitum.

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson opnar í dag, laugardaginn 8. desember, sýningu í Hverfisgalleríi. Sýningin ber heitið Útvarp Mýri/Litir Kvarans. Á sýningunni eru ný olíumálverk, vatnslitamyndir og verk unnin með gvasslitum.

**Litir Kvarans**

Meðal verka á sýningunni eru tvær myndraðir, Fjórtán bláir Kvarans og Allir litir Kvarans og vísa titlarnir til tilurðar verkanna. „Þetta eru myndraðir sem ég geri úr litum sem mér áskotnuðust á sínum tíma í Myndlistaskólanum í Reykjavík, en þeir höfðu dagað uppi í geymslum skólans og verið þar í ein 30 ár. Þetta eru gvasslitir, þekjulitir sem sá frábæri málari Karl Kvaran átti upphaflega,“ segir Sigtryggur. „Þessir litir vöktu athygli mína. Ástandið á þeim var þannig að þeir voru orðnir nær algjörlega steinrunnir, eins og uppdöguð tröll. Það var ekki dropi af vatni eftir í þeim. Mér rann blóðið til skyldunnar og ákvað að gera eins og Aladdin með lampann og hleypa anda litanna úr túbunum. Um er að ræða 50 liti sem ég hef á síðustu mánuðum og árum bisað við að leysa upp og koma þeim í það form að hægt sé að mála með þeim. Til þess hefur þurft bæði þolinmæði og nokkra útsjónarsemi. Sumir litanna eru að minnsta kosti 60 ára gamlir, því fyrirtækið, Newman's, sem bjó þá til hætti litaframleiðslu sinni í Sohohverfinu í London árið 1959. Þessi verk eru um tímann, en líka vatnið, sem hefur verið meginstraumurinn í höfundarverki mínu á 30 ára ferli. Ég kem alltaf aftur að vatninu á einn eða annan hátt.“



**Mýri 6 er meðal olíumálverka á sýningunni. Vinna við verk eins og þetta tekur að sögn listamannins marga mánuði.**

**Horfir á hvert einasta strá**

Aðalþema sýningarinnar er vatnsósa mýrin. „Ég er mjög hændur að náttúrunni og olíumálverkin á sýningunni eru unnin upp úr náttúru Héðinsfjarðar á Tröllaskaga en þangað sæki ég kraft, ró og viðfangsefni málverka minna. Á Möðruvöllum í Héðinsfirði hefur ekki verið búið í hundrað ár og náttúran því lítt snortin af manninum. Þetta er staður sem ég fer mikið til, oft á dag í huganum og svo dvelst ég þar talsvert á sumrin við náttúruskoðun, veiðar og í leit að viðfangsefnum fyrir verkin mín,“ segir Sigtryggur.

Hvert olíumálverk á sýningunni var lengi í vinnslu. „Ég mála mýrargróður á þann hátt að ég bý til portrett af hverju einasta strái, laufi og skugga. Ég er að horfa og sjá og uppgötva endalaust nýja hluti í ljósmynd sem ég tók kannski fyrir einu og hálfu ári. Ég horfi á hvert einasta strá og velti fyrir mér á hvaða stigi hringrásar lífsins það er, eins og til dæmis hvort það sé farið að gefa eftir og þyngdaraflið sé farið að sigra og það færist undir vatnsyfirborðið til að verða að mold og næringu og nýju lífi. Vinna við svona verk tekur marga mánuði,“ segir Sigtryggur og bætir við:

„Það er ekki að ástæðulausu að ég kalla sýninguna Útvarp Mýri. Ég held að ég geti sagt með nokkrum rétti að ég sé eins og fjölmiðlamaður að reyna að útvarpa því sem náttúran vill segja okkur. Mitt hlutverk er að setjast á rassinn í allri auðmýkt í mýrinni og reyna að nema hvísl náttúrunnar og magna það upp og skýra það. Til þess nota ég þennan siunga, stórkostlega, 40.000 ára gamla miðil, málverkið. Þetta er mitt útvarp, ekki alveg bein útsending en nálægt því.“

# Haustbirta í vorskógi

**BÆKUR**

**Haustaugu**

★★★★½

**Hannes Pétursson**

**Útgefandi:** Opna
**Fjöldi síðna:** 59

Sannarlega er það bókmenntaviðburður þegar Hannes Pétursson (f. 1931) kemur með ljóðabók, ekki síst eftir tólf ára hlé. Nýjasta verk hans, Haustaugu, er þess vegna „hvalreki öllum þeim sem unna ljóðlist og íslenskri tungu“ eins og segir réttilega aftan á bókarápu.

Hannes er ástsælt og verðlaunað skáld sem frá árinu 1955 hefur gefið út fimmtán frumsamdar ljóðabækur auk fræðibóka, smásagna, ferðaþátta og ljóðaþýðinga. Meðal viðurkenninga sem honum hafa hlotnast eru Íslensku bókmenntaverðlaunin sem hann hlaut fyrir ljóðabókina Eldhyl 1993.

Ljóð Hannesar eru hógvær í framsetningu, myndrík og laus í formi. Ekki verður sagt að þau séu óbundin, því stuðlasetning, vísir að innrími og háttbundin hryjandi eru sjaldnast langt undan. Í þessari bók eins og jafnan áður talar ljóðmælandinn í trúnaði til lesanda síns, hóglega og hæglega. Opnar fyrir honum hugskot sitt og brjóst, leiðir hann þar inn á lendur hugrenninga sinna, minninga og tilfinninga.




